

**20. öldin
Svipmyndir frá öld andstæðna**

Verkefnasafn

Sigurður Ragnarsson

Netútgáfa
Mál og menning
Reykjavík 2007

20. öldin – Svipmyndir frá öld andstæðna.
Verkefnasafn

Netútgáfa
Mál og menning
Reykjavík, 2007

© Sigurður Ragnarsson.

Kennarahandbókin fylgir bókinni 20. öldin - Svipmyndir frá öld andstæðna.
Hún er til afnota fyrir kennara og aðra sem nota bókina í kennslu.

Um verkið gildir hefðbundinn höfundarréttur og því er óheimilt að fjölfalda það eða dreifa því, ad hluta eða í heild, í öðru skyni en til notkunar með bókinni *20. öldin – Svipmyndir frá öld andstæðna*.

Efnisyfirlit

I. Heimsstyrjöldin fyrri. Friðargerðin og baksvið hennar.....	4
I.1. Heimsvaldastefnan í Afríku.....	4
I.2. Heimsvaldastefnan í Asíu og Rómönsku Ameríku.....	16
I.3. Sambúð ríkja 1871–1914.....	19
I.4. Heimsstyrjöldin fyrri.....	30
I.5. Friðargerðin og eftirmál stríðsins. Þjóðabandalagið.....	31
II. Árin milli stríða. Áratugir andstæðna og átaka.....	33
II.1. Stund milli stríðs og kreppu.....	33
II.2. Próun rússnesku byltingarinnar.....	35
II.3. Fasisminn í framkvæmd: Ítalía og þriðja ríki Hitlers.....	39
II.4. Franklin D. Roosevelt og „New Deal“. Norræn velferðarríki verða til.....	40
II.5. Sjóhernaðurinn og hlutskipti sæfarenda í síðari heimsstyrjöld.....	47
II.6. Andspyrnuhreyfingar gegn hernámi Þjóðverja.....	47
II.7. Helförin.....	48
II.8. Síonisminn og stofnun Ísraelsríkis. Önnur ríki í Austurlöndum nær.....	51
III. Kaldastríðsár.....	59
III.1. Kalt stríð, vígbúnaðarkappblaup, ógnarjafnvægi.....	59
III.2. Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Sovétríkin og Austur-Evrópa.....	73
III.3. Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Bandaríkin og Rómanska Ameríka.....	75
III.4. Smárikið Ísland í köldu stríði.....	81
III.5. Bandaríki frá lokum síðari heimsstyrjaldar.....	84
III.6. Sovétríkin eftir 1945.....	86
III.7. Austurlönd nær frá miðri 20. öld til nútímans.....	89
IV. Heimirinn við aldahvörf.....	92
IV.1. Kalda stríðinu lýkur.....	92
IV.2. Stórveldi Asíu storma fram.....	94
IV.3. Heimur á heljarþrom?.....	99

I. HEIMSSTYRJÖLDIN FYRRI

FRIÐARGERÐIN OG BAKSVIÐ HENNAR

I.1 Heimsvaldastefnan í Afríku

Athugunarefni í texta

- °1. Hvernig þróaðist ásælni heimsvaldasinna gagnvart Afríku á árunum 1870–1914?
- °2. Glöggvaðu þig á Berlínarfundinum 1884–85 og niðurstöðum hans.
- °3. Hvaða lönd Afríku töldust enn sjálfstæð ríki árið 1914?
- °4. Evrópskir heimsvaldasinnar létu sig dreyma mikla nýlendudrauma í Afríku.
Hverjir voru þrír helstu draumarnir af þessu tagi og hvernig gekk að uppfylla þá?
- °5. Hver var Cecil Rhodes og hvernig létt hann til sín taka í Afríku?
- °6. Glöggvaðu þig á nýlendustjórn Leopolds Belgíukonungs í Kongó.
- °7. Nýlendufirráð Evrópumanna í Afríku tóku á sig ýmsar myndir. Skýrðu hvað fólst í eftifarandi tilbrigðum nýlendufirráða og finndu dæmi um hvert tilbrigði:
 - a) verndarríki
 - b) verslunarnýlenda
 - c) sérleyfisnýlenda
 - d) landnámsnýlenda
- °8. Nefndu dæmi um átök einstakra nýlenduveldra við heimamenn í Afríku.
- °9. Gerðu samanburð á stjórnarháttum Bretta og Frakka í nýlendum sínum í Afríku og hvernig þeir komu við heimamenn.
- °10. Í kennslubókinni er komist svo að orði að arðrán nýlenduherranna hafi verið samt við sig sama hvaða form nýlendustjórnin hafði. Dragðu upp mynd af því hvernig þetta arðrán birtist Afríkubúum.
- °11. Glöggvaðu þig á búastríðinu í Suður-Afríku á árunum 1899–1902 og því umhverfi og aðstæðum sem það spratt úr.

Umræðuefni

- *1. Til góðs eða ills. – Takið til umræðu áhrif evrópskra nýlendufirráða í Afríku.
Gefið í því viðfangi sérstakan gaum að hlutverki kristinna trúboða.

Heimildaverkefni

1. Kynnið ykkur eftifarandi heimildatexta til frekari glöggvunar á samskiptum aðvífandi hvítra manna við heimamenn í Afríku.

Árið 1888 undirritaði Lobengula, konungur í Matabelelandi, samning við sendimenn frá Cecil Rhodes. Skömmu síðar ritaði hann Viktoríu Englandsdrottningu eftirfarandi bréf:

Fyrir nokkru síðan kom til lands míns hópur manna, og fór fyrir þeim maður að nafni Rudd. Þeir fóru þess á leit við mig að ég vísaði þeim á stað þar sem þeir gætu grafið eftir gulli. Hétu þeir mér endurgjaldi fyrir gullgraftarréttinn. Ég bað þá að fára mér það sem ég ætti að fá í endurgjaldsskyni. Þeir útbjuggu skjal og lögðu fyrir mig til undirritunar. Ég spurði hvað það hefði að geyma og svörudu þeir því til að þar stæði það sem okkur hefði farið á milli. Þá setti ég merki mitt undir plaggið. Þremur mánuðum seinna heyroi ég utan að mér að með undirskrift minni hefði ég afsalað mér öllum námavinnsluréttindum í landinu. Ég boðaði alla ráðgjafa mína til fundar og einnig boðaði ég hvítu mennina á minn fund og krafðist þess að fá afrit af umræddu skjali. Þá fékk ég staðfest, að með undirskrift þess hafði ég afsalað mér öllum námavinnsluréttindum í landi mínu í hendur Rudd og félögum hans. Ég hef eftir þetta átt frekari fundi með ráðgjöfum mínum, og þeir vefengja gildi skjalsins, enda hafi það hvorki að geyma mín orð né yfirlýsingar þeirra sem fengu það í hendur. Ég skrifa yður þetta bréf svo að þér vitið sannleikann í þessu máli.

Heimild: Knud Larsen, *Imperialismen og Afrika*, Kaupmannahöfn 1968.

Mótmæli Lobengula féllu í grýtta jörð og árið 1889 léti hann eftirfarandi orð falla við trúboða einn:

Hafið þér séð kamelljón veiða flugu? Það kemur sér fyrir á bak við fluguna án þess að hreyfa legg né lið; eftir litla stund færir það sig hljóðlaust í átt að flugunni skref fyrir skref. Þegar það er komið nóg nálaðt, skýtur það að endingu út úr sér tungunni og flugan hverfur. Bretland er kamelljónið, en sjálfur er ég flugan.

Heimild: Ole Karup Pedersen, *Afrikansk nationalism*, Kaupmannahöfn 1963.

Höfðingi Hererobjóðarinnar, Maherero að nafni, stóð í fylkingarbrjósti í langvinnri baráttu þjóðar sinnar gegn Þjóðverjum á árunum 1901–1906, en hún kostaði fjórðung Hererobjóðarinnar lífið. Maherero ritaði þýska landstjóranum í Suðvestur-Afríku eftirfarandi bréf:

Ég og ráðgjafar mírir svörum þér eftirfarandi orðum: Það var ekki ég sem átti upptök að stríðsátökum nú. Þar voru hvítir menn að verki. Þú veist líka fullvel hve mörgum af þjóð minni hvítir menn hafa orðið að bana, ýmist í fangelsum eða þá að þar hafa verið að verki kaupmenn með riffil í hönd. En alltaf þegar ég gerði þessi mál að umtalsefni í Windhoek [höfuðborg Suðvestur-Afríku] var látið sem engu blóði hefði verið úthellt. Kaupmennirnir juku á vandann með því að vera ósparir á að veita almenningi lán. Síðan rúðu þeir fólk inn að skinni; þeir gengu jafnvel svo langt að beita valdi við innheimtuna, t.d. höfðu þeir á brott með sér tvær til þrjár nautgripahjarðir til lúkningar nokkurra sterlingspunda skuld. Það er framferði af þessu tagi sem leyst hefur úr læðingi ófrið í þessu landi. Þá fræddu hvítu mennirnir okkur líka á því að þú, sem værir friðarins maður og hefðir mætur á okkur, værir ekki lengur hér. Þeir sögðu okkur að landstjórin, sem bæri hag okkar fyrir brjósti, væri farinn í erfiðan hernaðarleiðangur. Nú er hann dauður, var okkur sagt, og af því að hann er dauður verðið þið líka að deyja.

Heimild: Knud Larsen, *Imperialismen og Afrika*. Kaupmannahöfn 1968.

Heimsvaldastefnan í ljóðspegli tveggja íslenskra skálda

Hér fara á eftir tvö kvæði eftir íslensk skáld sem sáu ástæðu til þess um síðustu aldamót að yrkja kvæði þar sem vikið er að atburðum er snerta heimsvaldastefnuna. Það voru þeir Guðmundur Friðjónsson og Stephan G. Stephansson.

Guðmundur Friðjónsson (1869–1944):

Bréf til vinar míns

Ertu á fórum, elsku vinur,
út í heiminn, vestur í bláinn?
Á að fara í ólgusjáinn
ættar vorrar meginhlynur?
Finnst þér ekkert vera að vinna,
vegur enginn heima á Fróni, –
allt frá jökli út að lóni
ekkert viðnám krafta þinna?

Hefurðu litið hrunda garða
hátt til fjalls og niðr að túni?
Afi þinn hinn eljulúni
á sér þarna minnisvarða,
mælikvarða, er mátt hans sýni.
Mun þér vísað hér til leiðar.
Út í móum, upp til heiðar
á sér viljinn stál og brýni.

Finnst þér vera í fúahöndum
feðra vorra hið lága skýli?
Viltu heldur bjálkabýli
byggt í eyðiskógalöndum?
Heilnæmt loft og hreinir lækir
heilsu þinni munu gagna
heima í dalnum, menning magna,
megingjörð til þeirra ef sækir.

Flýrðu burt úr fátæktinni?
Finnst þér landið snautt að gæðum,
kraftalaust í öllum æðum,
auðlegð hafssins þörfum minni?
Uppaf gulli eldur blánar
inni í fossins rokuúða,
þegar sól í sumarskrúða
semur frið í veldi Ránar.

Mundi sól á segulgandi,
sú er vakir margar nætur,
hætta nú að hafa gætur
hér á þessu móðulandi?
Gamla konan gæfusnauða
grætur nú með fölva á kinnum.

Væri mikið, að vér ynum
einni þúfu og skorning dauða?

Allar þjóðir eiga að verja
eigið land með blóði og höndum, –
inn til dala, út með ströndum, –
óvinum, sem koma að herja.
Mundi vera betra að brjóta
bol af stofni vestur í löndum,
slíta upp rót með hnýttum höndum
heldur en frónskri þúfu róta?

Æskuvínur, ertu að fara,
yfirgefa vora móður, –
þú, sem enn ert æskurjóður –,
alla vini og frænda skara?
Og þú kippir, ungi vinur,
upp með rótum nýtum gróðri,
brýtur sundur björk í rjóðri.
Brumið deyr, ef stofninn hrynnur.

Ætlarðu að fara út í bláinn,
yfirgefa litla bæinn,
eigum tínum út á glæinn
öllum kasta og fram á sjáinn?
Ætlarðu að glata ánum þínum,
afbragðshesti, tryggum vini,
þínu góða kúakyni,
kasta í Enskinn börnum þínum, –

Níðinginn, sem Búa bítur,
Búddha hlýð til heljar sveltir,
hundingjann, sem hausi veltir,
hvar sem bráð á jörðu lítur?
Viltu heldur þrælnum þjóna,
þeim sem hefur gull í lendum,
heldur en Kára klæðabrenndum,
kónginum við öskustóna?

Ertu að flýja myrkramiðin?
Meturðu vorið nú að öngu,
sólmánaðar sunnangöngu,
sumardýrð og næturfriðinn?
Út við heimskauts ljósalindir
logar upp á vetri rísa.
Öllu voru landi lýsa
langeldar, sem nóttin kyndir.

Hér eg enda hrórarskrafið.
En hver á að signa þína móður,
þegar hennar son og sjóður
sokkinn er í þjóðahafið?
Hver á að gæta að grafarrónni,
græða svörð á blásnu leiði,

þegar sólin suður í heiði
sendir geisla moldarþrónni?

Stephan G. Stephansson (1853–1927):

Transvaal. Um Búastríðið

I.

Mér finnst minn andi espast við
að eiga sjálfgeymt fé og blóð
er betri málstað brestur lið –
en bíðum, ég á orð og ljóð!
Og verði þau í þetta sinn
af tunga dýpsta hugarmóðs
að brennimarki á Kains kinn,
að klögun Abels dauðablóðs,
að vofu, er illspá æpa skal
að Englands her frá Búans val.

Nú kveð ég ei um afrek dýr,
en Englands fjandskap, morð og rán –
því atför hver er klækur nýr,
og hver einn sigur aukin smán.
Ég syng við Englands ólánsmenn,
en ekki þá, sem vilja best.
Er heimska tóm að trúá enn,
að til þeir sé, fyrst enginn sést?
Já, heiða-villum hættum í
hví hímir sólin bak við ský?

Ó, Bretland, trúðu ei tál það á:
þú takir svona heimsins lönd,
með eldi og sverði, er sigri spá –
nei, sverðið sker öll hjartabönd.
Í heimsvald þitt þú heggur seint
upp hugi lýða – frá því snú –
því það var fyrr til þrautar reynt,
en þar eru daprar rústir nú.
Ef því líkt veldi vexti nær,
á visku og bróðurhug það grær.

Þér sverðið færir sorg og smán,
þín saga verður illa ræmd,
það svíkur af þér liðið lán,
það lýgur af þér forna sæmd.
Því bölvun lands og heims er her,
sú höfðatala fægð og steypt,
sem venst að láta siga sér,
þar samviskum ei inn er leyft.
Og fólksins hlýðni, heimsk og sterk,
sér heiður metur skemmdarverk.

Þú hræsnisþjóð – sem hneykslast nú
á herglæp Frakka, ertu frí?
Þeir bundu einn Dreyfus – þúsund þú
og þúsund aftur, Transvaal í.
Og hver er sök að þingið þitt
vill þvinga Búann, ræna fold?
Hann létt þig grafa gullið sitt,
nú girnist þú að stela hans mold.
Þín trú er sú að sölsa upp grund,
þín siðmenning er sterlingspond.

Menn bólva þyngd þíns auraoks,
– ó, England – spá að hafi nú
þín háttvirt kirkja og kaupmenn loks
samt kæft út hjá þér dáð og trú.
Úr hverri þinni hugsun skín
út hagsvon einhver, smá og lág.
Og öllu er skrifa skáldin þín
er skildings-markið sama á!
Og sér – að Balaks boði – um geð
laug Bíleam eins, og féll svo með.

Og sneypstu – hættu að hæla þér
af herfrægð þinni, blóð og merg.
Því bleýðiverk það kallar hver
þó kúgi jötunn lítinn dverg –
og hver þín sprungna vítisvél
er vaskleik þínum skömm, ei frægð.
Að kappinn hatast – veistu vel,
við villidýrsins höggormsslægð
og hún er svipuð, söm og jöfn –
en svo sprakk Main' í Kúbu höfn!

Þeir lokka þig, þeir leiða þig,
sem léstu stjórn í hendur fá,
í valdafíkn þeir veiða þig,
þig villa rétti og liðsmun á.
Þau skiptin – þér til skaða gerð –
þú skírir „þjóðrækt“, kostablind.
Ef enskur klækur kemst í verð
hann kallast vara, ekki synd.
Þú kallar ránið kauprétt þinn
og kemst svo af við boðorðin.

Ið eina hjá þér helst ég finn,
sem hrósvert er og verðung næst:
Þú fyrirlítur þingflokk þinn
sem þjóðfrelsinu unna læst,
um völd þeim synjar sýknt og jafnt
sem segja: „Hún er rangsleitin
sú herför – svo hún heppnist samt,
við horfum ekki í skildinginn!“
– Menn sneiða hjá þér, beggja bil,
sem bannfærir en styrkir til.

Og hjáland Englands, hrætt og ginnt,
sú heimska vekti sundrung alls:
að fórnar eigin börnum blint
því blóðskurðgoði stjórnarfals.
Við bræður erum allir hér,
þó England hafi ei suma fætt,
við hnigum fyrr en fylgdum þér
um feðra óðul sundur tætt –
hér er oss Búi og Breti jafn,
sem ber með heiðri samþegns nafn.

En legði hér að heimaströnd
allt hjartafölgid tengdi þá
– þó sæjum bлиka í bræðra hönd
þann brand, sem England fýsti að hrjá.
Mitt land, míni sæmd! er sigurorð
ið sama Frakka og Íslending,
mitt hús, míni börn, mína heimastorð!
Svo heimta ei meira – líttu kring:
Við erum bræður allir hér,
en eignum sína minning hver.

– Ég veit mitt orð til einkis fer,
að England smáir slíkan vott,
en dropi í huldu hafi hann er!
Og heiminum það sem vannstu gott
og allt sem varst, og vonum enn
að verða munir, stóra þjóð,
og fyrir þína miklu menn
og mannkyns gagn, sem af þeim stóð:
þá áttu helga heimting á
um höfuðglæp þinn níð að fá.

II.
Ég kveð ei ljóð á kumli neins
þess kappa, er fyrir land sitt dó,
mig brestur dirfð og orðin eins.
– Hans orðstír lifi! það er nóg.
Ég syrgi ekki heldur hann,
sem hreysti sinnar galt og naut:
sem fremstur hné, sem fyrstur rann
ef fjörið eða kjarkinn þraut.
Þeir fengu báðir mark og mið
og manndóm sinn að standa við.

En heim ég sný að Búans bæ
– í bónðalausa kotið inn –
með fallna akra, auðnar blæ
og óhirt bú – þar húsbóndinn,
inn gamli Búi, bjóst í stríð
á brott með syni er fara hlaut.
– Hann kvað þó muna um mann í hríð!
Við Majúba hann hlóð og skaut.

Hvort skotum eytt til einkis var
sést enn á vörðu, er stendur þar.

Þó úr því teldi allt sem gat
in aldna, hnuggna konan hans,
hann fast við kepnni sína sat
og sagðist stríða í nauðsyn lands.
Hún vissi hann fór sem forðum djarft
er förlaði ekki skot hans neitt,
en augað var nú ekki eins skarpt
og óstyrkari höndin þreytt.
Nú gat hann stundum giskað rangt
– þó gæti ei um – á færi langt.

Og honum frá í fyrra slapp
í fyrsta skipti gíraffinn.
Hann sagði fátt um horfið happ,
en hreinan fægði riffilinn.
– Og þegar hann úr hlaði reið,
hún hné í bekkinn, þagði, grét.
Að heiman fer hann hinsta skeið!
í hug sinn óvart hvarfla létt,
sem hafði ei fyrri óttast enn
í erjum hans við ljón og menn.

Hún grét í hljóði, hrökk við, kveið,
af hverju – gat hún ekki sagt.
– En hann þess eins með áhug beið,
til orustunnar væri lagt
og Bretinn láttinn leiðsögn fá
um landamerki forn og rétt.
Og loksins skall svo skruggan á,
og skúrin sú var ekki létt
er gegnum moluð mannabein
slóst mjöllnir enski, sprakk og hvein.

En stærsta slysið henti hann!
og honum féllst og mest um það:
Hann vildi hæfa höfðingjann
í herflokknum er sótti að,
en missti – liðsmann liggja sá.
Hann lítilsvirti meðalskrokk!
Og besta skyttan alltend á
þó úrvalið úr hverjum flokk –
já, var ei best að brjóta í heift
þá byssu, er flutti svona skeift!

En hér var lítil hægð á því.
– Þá heyrdi hann flokk sinn knurra við:
„Hér strádrepst allt í kös og kví.
Þeir kringja oss líka á vinstri hlið!
En væri hægt að hindra þá
svo hrifi, fæein augnabil,
við gætum hopað hæli á

í hjallann, uppi baka til.
Í opna skjöldu færi fá
á fylking vorri ei takist þá.“

Þá sté hann fram og liði laut:
„Mér léttar virðist ofan hér!
Ég hlífist nú við brattri braut,
og byssan garmur – hvort sem er.“
– Þeir skildu, hvað hann hugði á,
en hrópuðu ei sitt dula geð,
þó hrökk þar tár við hverja brá.
Þá hlupu upp sjö og fylgdu með,
og stóðu á hæð sem hlélaus var
uns herflokk Breta í skotmál bar.
Og er þeir garpar geystust hjá,
þá gullu átta riffliskot.

Þar hnigu sex – en falli frá
slapp foringinn með handleggsbrot.
„Með skotin í þá!“ æpti hann,
en átta rifflar gáfu svar,
og fyrr en hafði heyrst hvor vann
þar hnigu fjórir – með hann var,
og átta Búar lágu lágt –
en liðið þeirra stóð nú hátt.

III.

Þú hruma ekkja, er fékkst þá frétt
nú fyrir löngu í kot þitt inn,
það böл var ekki byrði létt.
En beiskjan hálf var afstaðin,
því einhver sannspá ímyndun
í anda þínum hreyfði því,
að svona færi – glöggan grun
það greip sem vissa og lagðist í,
er strauk hann vota vangann þinn
og við þig skildi hinsta sinn.

Sé huggun enn í harmi þeim
í hjartans vonum þínum inn’:
þá kemur aldrei aftur heim
hann ungi, hrausti sonur þinn!
Í kösum dauðra dvelur hann
í dysinni hjá föllnum val!
En hitt þér ei í huga rann
er herlúðurinn gall um dal,
það vissi á: Öllu af þér sneitt,
svo eftirkilið verði ei neitt!

Það brosti að hversdags búning hans
ið breska liðsfólk, tygjað rétt
í herskrúðsföt síns föðurlands,
sem fara vel og strjúkast slétt.
Því hann var bóndi, hersveit það.

– Og hönd þín fót hans sneið og bjó. –
Og því er herfang heimilað
og hjátekjur í styr og ró.
En aukaverk var vörnin hans,
sem vik í starfi bónadamanns.

En England líka missa má –
og móðir er sem tregar þar.
En ættin var svo hefðarhá,
ei hennar sonur gerður var
til iðju og vinnu eins og þinn,
hans aðalsmark ei féll svo lágt.
Og þjóð hans heiðrar hirðmanninn,
við herratitla lætur dátt.
En hvað sem er um ætt og von,
er öllum jafnt að missa son.

Úr þeim, sem bar nú banaorð
af Búadrengnum, Englands þjóð
mun dubba sér upp lyga-„lorð“,
með löngum titli og digrum sjóð.
Þó sigrað hefði sonur þinn,
sú saga hefði ei lengi geymst
en gengið vífengd út og inn,
hann, arflaus bóndinn, sínum gleymst!
Því sömu verk eru smælki smá
hjá smárrí þjóð, hjá stórri há.

Ég veit, að bóndi þinn og þú
á það, að Bretar kæmu hér
jafn-litlu að ræna, ei lögðuð trú
að leyfði Guð. Þeir segja mér,
að þið hafið eins við aðra skipt –
að eins og þú, af völdum hans,
hér kveinað hafi sonum svipt
in svarta ekkja ins villta manns,
svo Guð hafi afhent Englum skuld
og arfleitt þá að Búans stuld.

Ó, já. – Ég veit öll saga er svört
af synd og blóði, fjær og nær –
en til er lína læs og björt,
sem ljósi á suma bletti slær.
Og til er ein í ykkar – sú:
En yfircang að þola við
þið flýðuð ástmenn, ættjörð, bú
til öræfanna, er kviðuð þið –
þið ræntust ei til auðs né gulls,
en óháðs þjóðlifs minjafulls.

Og jafnvel endir alls þess mál,
– svo auðnulaus – þess hvöt er hann:
Að lifa drengur, deyja frjáls,
þó dæmi veröld hlekk á mann!

– við hræðumst skjómans skapadóm,
sem skipar rétt með blóði og sorg.
En munum, Hermann hnekkti Róm
í heiðaskógi við Tevtonsborg,
svo kyn vort frænda er uppi enn
og allt vort starf sem þjóðir, menn.

Svo gráttu ei hann, sem hetja var,
né hata staðinn, þar hann féll –
þó myndað ljón ei liggi þar,
er Laugaskarð í Drakenfell.
Og trúðu fast, hvert tapað mál
með tímалengd fær sennri dóm,
það hrífur yngri alda sál
með angurblíðum skáldsins róm.
– Ið enska gull skal fúna fyrr
en frelsisþrá sé börð á dyr.

2. Í kennslubókinni er að því vikið að búastríðið hafi á sínum tíma vakið heimsathygli. Jafnvel almenningsálitið á hinu afskekkta Íslandi var ekki ósnortið af þessum fjarlægu atburðum. – Verkefnið felst í því að nemendur, einn eða fleiri saman, taki saman fyrirlestur þar sem gerð verði grein fyrir umfjöllun um búastríðið á Íslandi og viðhorfum til þess hérlendis.

Heimildir:

Sigurlaugur Ingólfsson: „Viðhorf Íslendinga til Búastríðsins 1899–1902“. *Sagnir*. Tímarit um söguleg efni. 26. árg. 2006, bls. 36–43. (Ítarlegrí umfjöllun er að finna í ritgerð höfundar til BA-prófs í sagnfræði við HÍ sem varðveitt er á Landsbókasafni – háskólabókasafni).

Þórunn Valdimarsdóttir, *Horfinn heimur*. Árið 1900 í nærmynd, bls. 237–49.

3. Eftirfarandi texti túlkar hlutskipti og aðstæður þeirra sem voru þolendur heimsvalda- og nýlendustefnunnar í Afríku. – Kynnið ykkur efni textans og ræðið ályktanir og niðurstöður höfundar.

Edward Morel: *Byrði blökkumannsins* (The Black Man's burden), 1903.

Kvæði Rudyard Kiplings „The White Man's Burden“ frá árinu 1899 (sjá netefni með *Nýjum tínum*) túlkar ákveðið viðhorf til heimsvaldastefnunnar. Edward Morel, breskur blaðamaður, sem dvaldist í Belgísku Kongó [sem marga undangengna áratugi hefur gengið undir nafninu Zaire], vakti athygli á voðaverkum heimsvaldasinna þar árið 1903. Eins og fram kemur í námsbókinni varð nýlendustjórnin þar alræmd umfram aðra nýlenduherra fyrir arðrán sitt og grimmd gagnvart íbúum landsins.

Það eru [Afríkubúar] sem bera „byrði blökkumannsins“. Þeir hafa ekki orðið að gjalti frammi fyrir hernámi hvítra manna. Þvert á móti ... á endanum hefur Afríka lagað að sér alla hvíta innrásarmenn, og raunar semíska innrásarmenn líka, ef út í það er farið. Í því viðfangi að tryggja sér örugg yfirráð í Afríku hafa hvítir menn drepið Afríkumenn í hrönum. En Afríkumenn hafa braukað af, og það er eins gott fyrir hvítu landnemana að sú er raunin ...

Þó má vera að kapítalistum nútímans takist með arðráni sínu, og þeim háþróuðu eyðileggingartólum sem þeir ráða yfir, það sem ekki hefur tekist hingað til með öðrum hætti. Þar má nefna hertóku hvítra manna á stórum svæðum, skiptingu álfunnar í „áhrifasvæði“ evrópskra nýlenduvelda, það sem rifflar og sjálfvirkar vélbyssur fengu áorkað, þrälaveiðarnar, stritvinnu í iðrum jarðar og svipuhögg. Við upptalninguna má bæta utanaðkomandi sjúkdómum á borð við mislinga, bólusótt og sárasótt og þrælaflutningum vestur um haf.

Afríkubúar eiga sér enga undankomuleið undan ógn hins kapítalísa arðráns sem beitt er með kerfisbundnum hætti. Eyðileggingaráhrifa þess gætir ekki bara hér og þar, heldur eru þau ætíð og alls staðar að verki. Þess vegna eru afleiðingarnar svo hrikalegar; ekki bara líkamlegur dauði, heldur líka sálarþrek fólks og gefur Afríkumönnum engin grið því að það sækir að honum úr öllum áttum. Það brýtur niður þjóðfélagskerfi hans, flæmir hann af landi sínu, raskar fjölskyldulífi hans, grefur undan hefðbundinni iðju hans og starfi, gerir tilkall til allra völkustunda hans og gerir hann að þræl á sínu eigin heimili ...

Heimsvaldastefna kapítalismans ógnar Afríku og hefur sums staðar valdið óbætanlegum skaða. Petta á einkum við um hitabeltissvæði Afríku. Afleiðingin er sú að heimamenn standa hjálparvana gagnvart nýjum og framandi aðstæðum. Á þessum slóðum standa menn í stöðugu striði við sjúkdóma og þrúgandi loftslag, en hvorttveggja hefur mikil áhrif á meðgöngu barna. Það er heldur ekki boðið upp á neina eiginlega aðstöðu til að hlúa að þeim einstaklingum samfélagsins sem eiga undir högg að sækja. Þeir Afríkumenn sem eiga heima í hitabeltinu hafa feikilegt úthald til líkamlegrar erfiðisvinnu. En það hentar þeim ekki að vinna að evrópskum hætti, tilbreytingarlausa vinnu, fastan og langan vinnutíma án uppihalds. Ekki bætir úr skák að oft eru þeir rifnir upp úr rótgrónu umhverfi sínu. Það veldur oft þunglyndi sem stafar af heimþrá, en Afríkumönnum er mjög hætt að þessu leyti. Evrópskir vinnuhættir eiga hreinlega ekki við í því loftslagi sem þarna ríkir. Sé þeim þróngvað upp á heimamenn á hitabeltissvæðunum veslast þeir upp og deyja.

Hvergi í Afríku eru heimamenn lengur í færum með að beita valdi eða afslmunum til að koma í veg fyrir yfirlang eða rangsleitni. Möguleikar þeirra til að veita raunverulegt viðnám hafa dvínað jafnt og þétt eftir því sem afkastageta fullkomnustu drápsvopna nútímans hefur aukist ...

Pannig fá Afríkumenn í reynd engum vörnum við komið gegn þríeinum gróðaguði hvítra manna sem birtist þeim í líki heimsvaldastefnu, hernaðarstefnu og arðráns kapítalismans ...

Það sem Afríkumenn verða að þola er svo miklu verra en einfaldur líkamsdauði. Þeir mega sæta því að í stað fjölbreyttrar, litríkrar og örvandi tilveru náttúrubarnsins komi protlaust og tilbreytingarsnautt strit sem þeir sjá engan tilgang í. Félagsleg tengsl eru rofin og samfélag þeirra lagt í rúst. Tilfinninga- og vitsmunajroski þeirra er dreppinn í dróma. Eyðingaraflí vísindalegs þrælahalds og dýrslegum órum svokallaðra siðmenntaðra manna, sem kunna sér ekkert hóf, er beint að hrekklausum hugmyndum þeirra. Allt veldur þetta sálarþröði.

Heimild: Louis L. Snyder, *The Imperialism Reader*. Princeton 1962.
Internet Modern History Sourcebook / Imperialism / The Black Man's Burden

I.2 Heimsvaldastefnan í Asíu og Rómönsku Ameríku

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á aðstæðum og ríkjandi viðhorfum í Kína áður en í odda skarst með Kínverjum og vestrænum heimsvaldasinnum laust fyrir miðja 19. öld.
- °2. Ópíumstríðið 1839–42: Orsakir þess, gangur og afleiðingar.
- °3. Taktu saman stutt yfirlit um Taipinguppreisnina í Kína.
- °4. Glöggvaðu þig á hvað felst í hugtökunum „úrlendisréttur“ og „ójafnaðarsamningar um tollamál“.
- °5. Hvaða áherslumunur kom fram hjá Bandaríkjamönnum annars vegar og Japönum og Evrópustórveldunum hins vegar í ásælni þeirra gagnvart Kínverjum?
- °6. Skýrðu hugtökin „samúræjar“ og „shogun“.
- °7. Glöggvaðu þig á byltingunni í Japan árið 1868.
- °8. Hvaða aðferðum beittu Japanar til að nútímovæða samfélag sitt og hvernig varð þeim ágengt í því efni?
- °9. Hvaða áhrif hafði iðnbyltingin á handiðju á Indlandi?
- °10. Sepojauppreisnin á Indlandi.
- °11. Glöggvaðu þig á stofnun Þjóðþingsfloksins og upphafi indverskrar sjálfstæðisbaráttu.
- °12. Hvernig tengdist Rómanska Ameríka hagkerfi heimsins æ nánari böndum á síðari hluta 19. aldar?
- °13. Glöggvaðu þig á upptökunum að íhlutun og umsvifum Bandaríkjamanna í Rómönsku Ameríku.

Umræðuefni

- *1. Ólíkt hlutskipti og viðbrögð Kínverja annars vegar og Japana hins vegar gagnvart ásælni vestrænna heimsvaldasinna á 19. öld.

Heimildaverkefni

1. Glöggvið ykkur á hugmyndaheimi uppreisnarmanna í „boxarauppreisninni“ í Kína á grundvelli meðfylgjandi heimildatexta.

Sumarið 1900 kom til átaka í Kína milli Evrópumanna og fjölmargra leynifélaga sem Evrópumenn nefndu einu nafni „boxara“. Hér fara á eftir tvær yfirlýsingar úr boxarauppreisninni:

Ókunnir djöflar eru komnir hingað og hafa með kenningum sínum snúið mörgum til kristinnar trúar. Kirkja þeirra stendur utan við mannlegt félag en þeir hafa samt sem áður breitt út mikinn metnað og græðgi. Þeir hafa hömlulaust misnotað mátt sinn og allir góðir embættismenn okkar eru orðnir spilltir og þjónar fýsnar sinnar eftir erlendum auð. Ritsími hefur verið lagður og einnig járnbrautir og reistar hafa verið vopnaverksmiðjur. Þessar framkvæmdir valda hinum erlendu þjóðum Þórðargleði.

Því er svipað farið með eimreiðar, loftbelgi, raflampa, uppfindingar sem þessir erlendu djöflar álita mesta þarfæing. Þeir láta bera sig um í burðarstólum, jafnvæl þó mannvirðing þeirra gefi ekki tilefni til. En Kínverjar líta á þá sem barbara, sem guðirnir munu fordæma. Andar og himneskar vættir munu stíga niður af himnum til að tortíma þeim. Fyrstu himnesku öflin sem stigið hafa niður á jörðina, „Ljós rauðu ljóskeranna“¹⁾ og „Krepptir hnifar samstöðu og réttlætis“²⁾ munu berjast við hina erlendu djöfla. Þeir munu brenna hús útlendinganna og endurreisa hof okkar.

1. Leynifélag.

2. Boxararnir.

Heimild: Johannesson, *Historiska texter*. Stokkhólmi 1966.

Hinn 4. júní árið 1900 var send út svohljóðandi yfirlýsing í Tientsinhéraði í Kína:

Kristindómurinn er ekki þóknanlegur guðinum né „helgidóminum eilífa“, og á það jafnt við um kaþólska trú sem trú mótmælenda. Hann samrýmist ekki undirgefni við boð búddismans og veldur reiði jafn á himni sem jörðu og gerir það að verkum að regnskýin vitja okkar ekki lengur. En átta milljón „hermann andans“ munu stíga niður til jarðar frá himnum og stökkva öllum aðskotadýrum brott úr keisararíkinu. Þá munu gróðrarskúrir að nýju væta akra okkar og engi. Þegar fótatak hermanna hljómar og það syngur í stáli ber það boð um þjáningar þjóðar okkar. Þá kemur til kasta „Frelishers búddista, boxaranna“, að verja keisaradæmið og færa öllum íbúum þess frið.

Hafið því hraðar hendur með að breiða boðskap þennan út hvarvetna. Ef þú vinnur einn til fylgis við hann verður þér sjálfum hlíft við öllu óláni í framtíðinni; ef þú vinnur fimm manns til fylgis við ákallinu um að breiða út boðskapinn verða gerðir höfðinu styttri, því að regnið kemur ekki yfir okkur aftur fyrr en allir útlendingar hafa verið flæmdir á brott. Fólk sem lent hefur í þeim hremmingum að drekka brunnavtn sem útlendingarnir hafa eitrað¹⁾ á tafarlaust að nýta sér eftirfarandi uppskrift frá guðunum og gleypa blönduna. Þá er sjúklingum bati ví:

Purrikaðar plómur	15 g
Sætbeisk náttskuggajurt	15 g
Encommia ulmoides (?)	15 g

1. Birtar höfðu verið aðrar tilkynningar þar sem sagði að Evrópumenn hefðu eitrað brunna og fólk sem drykki vatn úr þeim brunnum yrði fyrir því að innyfli þess rotnuðu.

Heimild: Louis Snyder, *The Imperialism Reader*. New York 1962.

2. Í kennslubókinni er vikið að því að nokkur munur hafi verið á afstöðu Bandaríkjanna annars vegar og evrópsku nýlendu- og heimsveldanna hins vegar gagnvart Kína. – Glöggvið ykkur á þessum ólíku viðhorfum á grundvelli meðfylgjandi heimildatexta.

Fyrsta orðsendin varðandi opingáttarstefnuna („the open door“) í Kína
[John Hay, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til Andrew D. White, sendiherra Bandaríkjanna í Berlín. – Efnislega samhljóða orðsendingar, með minniháttar orðalagsbreytingum, voru sendar samdægurs til ríkisstjórna Bretlands, Rússlands og Þýskalands. Síðar fengu ríkisstjórnir Frakklands, Ítalíu og Japans hliðstæða orðsendingu]

Utanríkisráðuneytinu í Washington, 6. september 1899

Þegar þýska stjórnin tilkynnti ríkisstjórni Bandaríkjanna að hún hefði leigt höfnina Kiao-chao og næsta nágrenni hennar í Shantungfylki í Kína af Hans háttign Kínakeisara, tjáði utanríkisráðherra Þýskalands ambassador Bandaríkjanna í Berlín að réttindi og fríðindi sem bandarískir þegar nytu á umræddu svæði samkvæmt samningum við kínversk stjórnvöld yrðu í engu skert né þeim á nokkurn hátt teft í tvísýnu.

Síðan hefur það engu að síður gerst að ríkisstjórni Bretaveldis hefur gert formlegan samning við þýsk stjórnvöld þar sem hún viðurkennir einkarétt Þjóðverja á tilteknum sviðum á fyrnefndu leigusvæði og aðliggjandi „áhrifa- og hagsmunasvæði“ þess. Nánar tiltekið er hér um námavinnslu- og járnbrautaréttindi að ræða. Hins vegar skortir á að nægilega skýrt sé skilgreint í hverju réttindi þessi séu fölgin eða hvers eðlis þau séu og það býður þeirri hættu heim að hvenær sem er geti komið til alvarlegra hagsmunaárekstra á svæðinu, ekki einungis milli breskra og þýskra þegna, heldur er einnig hætta á því að hagsmunir bandarískra þegna geti verið fyrir borð bornir af þessum sökum.

Bandaríkjastjórn hefur einlægan áhuga á að búa svo um hnúta að enginn málsaðili þurfi að finna til gremju. Jafnframt vill hún sjá til þess að allar þjóðir sem stunda viðskipti í Kína geti hagnast á þeim. Sú yrði tvímaðalaust raunin ef þau stórveldi sem gera kröfu til „sérstakra áhrifasvæða“ staðfestu með formlegum hætti að allir aðilar sætu algerlega við sama borð þegar viðskipti og siglingar á slíkum „áhrifasvæðum“ eru annars vegar. Bandaríkjastjórn liti því með velþóknun á það ef stjórn Hans keisaralegu háttignar í Þýskalandi veitti slíka formlega tryggingu og legðist jafnframt á sveif með henni til að ná fram áþekkri tryggingu frá öðrum ríkjum sem hlut eiga að máli, hverju á sínu áhrifasvæði:

Í fyrsta lagi. Ekkert ríki hlutist á nokkurn hátt til um verslun í samningsbundnum verslunarhöfnum né gangi gegn hefðbundnum hagsmunum á svokölluðum „áhrifa- og hagsmunasvæðum“ eða leigusvæðum í Kína.

Í annan stað. Farið verði eftir nágildandi tollalöggjöf í Kína við allan innflutning til og útflutning frá höfnum á fyrnefndum áhrifasvæðum (nema um „fríhafnir“ sé að ræða) og sú regla gildi án tillits til þess um hverrar þjóðar menn er að ræða. Starfsmenn kínverskra stjórnvalda innheimti þá tolla sem á annað borð verða lagðir á.

Í þriðja lagi. Ríkið sem í hlut á leggi ekki hærri hafnargjöld á skip annarra þjóða en eigin skip þegar þau koma til hafnar á slíku „sérstöku áhrifasvæði“. Sama regla gildi um flutningsgjöld fyrir varning sem fluttur er með járnbrautum sem viðkomandi ríki hefur lagt, rekur eða ræður yfir á „áhrifasvæði“ sínu. Þar verði enginn munur á gjaldtökum gagnvart erlendum aðilum miðað við eigin þegna ef um er að ræða flutning á varningi sömu vegalengd.

Sú frjálslynda viðskiptastefna sem Hans keisaralega tign framfylgir með því að lýsa Kiao-chao fríhöfn, og sú aðstoð sem kínversk stjórnvöld hafa fengið við að reisa þar tollstöð, fellur algerlega að þeim hugmyndum sem Bandaríkjastjórn er svo umhugað um að nái fram að ganga. Því vænta bandarísk stjórnvöld þess eindregið að ríkisstjórni Þýskalands fallist á tilmæli hennar og styðji þau af heilum huga. Hans Háttign Rússakeisari hefur nýlega gefið út tilskipun þess efnis að hafnarborgin Ta-lien-wan verði opin kaupskipum allra þjóða á gildistíma þess leigumála sem keisarastjórnin gerði við kínversk stjórnvöld um borgina. Samhliða þeirri sammingsgerð staðfesti sendiherra Hans keisaralegu tignar hér í Washington

þennan ásetning stjórnar sinnar og núverandi ambassador Rússa hér hefur síðan ítrekað þau fyrirheit. Því ætti naumast að leika vafí á stuðningi Rússakeisara við þá tilhögun sem hér hefur verið reifuð. Með hliðsjón af því hefur ambassador Bandaríkjanna við hirðina í St. Pétursborg verið falið að kynna þessar hugmyndir fyrir stjórnvöldum í St. Pétursborg og kalla eftir skjótum viðbrögðum við þeim ...

Fastlega má gera ráð fyrir að ríkisstjórnir Bretlands og Japans séu samþykkar þeim hugmyndum sem hér hafa verið reifaðar og þær muni einnig beita sér fyrir því að önnur stórveldi fallist á þær. Það helgast af því að fyllsta tillit er tekið til viðskiptahagsmunu þessara ríkja í viljayfirlýsingu þeirri sem áformað er að gefa út og sömuleiðis falla viðhorf stjórnvalda í Bretlandi og Japan mjög að skoðunum Bandaríkjastjórnar hvað það varðar, að æskilegt sé að setja reglur sem tryggi þann ávinning sem jafnræði allra erlendra ríkja til verslunar í Kína skapar ...

Þar eð nú virðist blása byrlega um framgang þessa máls er yður hér með falið að koma framangreindum sjónarmiðum á framfæri við utanríkisráðherra Hans keisaralegu tignar og kalla eftir skjótum viðbrögðum hans við þeim.

Heimild: Internet Modern History Sourcebook / Imperialism / First Open Door / note on China

Á prenti finnst skjalið í *Papers Relating to the Foreign Relations of the United States, 1899*, bls. 129–30.

3. Fréttatflutningur af boxarauppreisninni í samtímaheimildum á Íslandi. –
Fyrirlestrarverkefni fyrir einn eða fleiri nemendur.

Heimild: Þórunn Valdimarsdóttir, *Horfinn heimur*. Árið 1900 í nærmynd, bls. 251–59.

I.3 Sambúð ríkja 1871–1914

Athugunarefni í texta

- °1. Gerðu grein fyrir því valdakerfi sem Otto von Bismarck byggði upp í Evrópu eftir þýsk-franska stríðið 1870–71. Hver var helsti veikleikinn í þessu valdakerfi?
- °2. Hver voru tildrögin að hernaðarbandalagi Frakka og Rússa? Hvert var helsta bindiefni þessa bandalags og hvaða áhrif hafði tilvist þess á valdaastæður í Evrópu?
- °3. Glöggvaðu þig á aðstæðum á vettvangi heimsstjórmálanna laust fyrir aldamótin 1900 og stöðu einstakra stórvelda í því samhengi.
- °4. Bandalagsumleitanir Breta og Þjóðverja kringum aldamótin 1900. Hvað átti mestan þátt í að ekkert kom út úr þeim?
- °5. Gerðu grein fyrir tilurð Samúðarsambandsins. Hvaða munur var á því og Þríveldabandalaginu?
- °6. Hverjir tókust á í Marokkódeilunum tveimur og hverjar urðu lyktir málsins?
- °7. Balkandeilan 1908–1909: Baksvið og niðurstæða.
- °8. Glöggvaðu þig á Balkanstríðunum tveimur á árunum 1912–13 og niðurstöðu þeirra.

°9. Hvers vegna var sú staða uppi í Evrópu fyrir 1914 að sérhver staðbundin átök báru í sér þá hættu að þau snerust upp í allsherjarófriðarbál?

°10. Glöggvaðu þig á þeirri viðleitni sem höfð var uppi á árunum fyrir 1914 til að koma í veg fyrir að ófriður brytist út. Hugaðu sérstaklega að hlut Annars alþjóðasambands verkamanna í því sambandi.

Umræðuefní

*1. Mikið hefur verið fjallað um upptök fyrri heimsstyrjaldar og þá spurningu hvort kenna megi einhverjum einum aðila öðrum fremur um það að stríðið braust út („die Kriegschuldfrage“). Takið þetta mál til athugunar og umræðu og látið á það reyna hvort menn komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Í því viðfangi má hafa hliðsjón af meðfylgjandi heimildatextum.

Upptök heimsstyrjaldarinnar fyrri:

1. Útdráttur úr úrslitakostum ríkisstjórnar Austurríkis-Ungverjalands á hendur Serbum sem afhentir voru í Belgrad 23. júlí 1914.

... Saga síðustu ára, en einkum þó hinir hörmulegu atburðir sem áttu sér stað hinn 28. júní sl. [morðin í Sarajevo], hafa leitt í ljós tilvist undirróðursafla sem hafa að markmiði að sundra keisaradæminu Austurríki-Ungverjaland.

Því fer víðs fjarri að ríkisstjórn Serbíu hafi staðið við fyrri skuldbindingar [um góðan grannskap], hún hefur þvert á móti algerlega leitt hjá sér að bæla þessi öfl niður. Framburður vitna og einnig játningar þeirra manna er stóðu að hinu glæpsamlega tilræði leiða í ljós að morðin í Sarajevo voru skipulögð í Belgrad, að vopnin og sprengiefnið sem morðingjarnir höfðu undir höndum fengu þeir hjá serbneskum herforingjum og embættismönnum sem eru félagar í leynifélagi þjóðernissinna Svarta höndin („Norodna Obrana“) og að yfirmenn landamæraeftirlits Serbíu önnuðust flutning tilræðismannanna og vopna þeirra til Bosníu.

Þessi niðurstaða sem rannsókn yfirvalda hefur leitt í ljós, gerir það að verkum að engin leið er fyrir ríkisstjórn tvíríkisins að sýna lengur umburðarlynda biðlund gagnvart þeim klækjabrögðum sem ungað er út í Belgrad, í þeirri von að Eyjólfur hressist, meðan undirróðursmenn færa sig sífellt upp á skaftið hvarvetna í ríkinu. Niðurstaða rannsóknarinnar leggur þvert á móti ríkisstjórn tvíríkisins þá skyldu á herðar að uppræta alla þá moldvörpustarfsemi sem stöðugt ógnar friði og öryggi ríkisins. ...

Ríkisstjórn Serbíu skuldbindi sig til að framfylgja eftirfarandi atriðum:

1. að bæla niður allan áróður sem hvetur til hatus og fyrirlitningar í garð keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland og einkum beinist gegn ríkinu í sinni núverandi mynd.
2. Uppræta samtökum Svarta höndin án tafar og gera upptækt allt fó þeirra til áróðurs. Einnig verði gripið í taumana gagnvart öðrum samtökum og hópum í Serbíu sem standa í áróðursstríði gegn tvíríkinu ...
3. Víkja tafarlaust úr starfi öllum kennurum í opinberum skólum sem ala á heift í garð Austurríkis-Ungverjalands og sjá til þess að áróður gegn tvíríkinu sé ekki þáttur í kennslunni.

4. Allir þeir embættismenn í stjórnkerfinu og foringjar í hernum sem gerst hafa sekir um áróður gegn keisaradæminu Austuríki-Ungverjalandi verði leystir frá störfum. Stjórn keisaradæmisins áskilur sér að greina ríkisstjórn Serbíu frá nöfnum og athæfi þessara manna.
5. Ríkisstjórn Serbíu taki á móti sérlegum sendimönnum keisaradæmisins sem vinni ásamt innlendum stjórnvöldum að því að kveða niður þau undirróðursöfl sem vinna að því að splundra keisaradæminu Austuríki-Ungverjalandi.
6. að hefja opinbera rannsókn til undirbúnings málsókn á hendur þeim sem sekir eru um hlutdeild í samsærinu um morðin 28. júní og dveljast innan landamæra Serbíu. Sú rannsókn verði með þátttöku fulltrúa frá ríkisstjórn keisaradæmisins.

...

10. Ríkisstjórn keisaradæmisins verði upplýst jafnharðan um framgang allra þeirra aðgerða sem tilgreindar eru hér að framan.
Ríkisstjórn Austuríkis-Ungverjalands væntir svars frá ríkisstjórn Serbíu eigi síðar en klukkan sex síðdegis laugardaginn 25. júlí nk.

2. Útdráttur úr svari Serbíustjórnar við úrslitakostum Austuríkis-Ungverjalands.

Svarið var afhent í Vínarborg hinn 25. júlí 1914.

Ríkisstjórn Serbíu hefur veitt viðtöku orðsendingu stjórnar tvíríkisins Austuríki-Ungverjaland frá 23. þ.m. Það er staðföst trú okkar að þetta svar muni eyða öllum misskilningi sem ógnað gæti góðu nábýli ríkjanna tveggja.

Ríkisstjórn Serbíu getur ekki borið ábyrgð á þeim skoðunum sem einstaklingar láta í ljós, t.d. í blaðagreinum, eða friðsamlegum aðgerðum á vegum frjálsra félagasamtaka ...

... stjórn Serbíu hefur hins vegar sýnt mikinn samkomulagsvilja við lausn ýmissa ágreiningsmála er upp hafa komið milli Serbíu og Austuríkis-Ungverjalands og þannig stuðlað að því að leysa þau til hagsbóta fyrir báða aðila.

Það hefur því komið ríkisstjórn Serbíu óþægilega á óvart að fram séu settar fullyrðingar um að serbneskir þegnar hafi átt í að undirbúa tilræðin í Sarajevo. Ríkisstjórn Serbíu bjóst við því að leitað yrði til sín um aðstoð við alhliða rannsókn þessa glæps og hún er þess albúin að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart þeim einstaklingum sem þar kunna að eiga hlut að mál, svo sem lög og reglur standa til ...

Ríkisstjórn Serbíu skuldbindur sig ennfremur til eftirfarandi aðgerða:

1. Þegar þing Serbíu kemur næst saman til reglulegs fundar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að í gildandi fjölmíðlalög verði sett ákvæði sem leggi harða refsingu við því að hafður sé uppi hatursároður gegn keisaradæminu Austuríki-Ungverjaland eða því sýnd lítilsvirðing af einhverju tagi. Sama gildir um allan málflutning sem að einhverju leyti kynni að beinast að því að grafa undan ríkiseiningu keisaradæmisins ...

2. Ríkisstjórnin hefur ekki í fórum sínum neinar heimildir fyrir því að félagsskapurinn Svarta höndin eða önnur svipuð samtök, eða einstakir félagsmenn þeirra, hafi gerst sekir um glæpsamlegt athæfi af þessu tagi. Engar slíkar sannanir koma heldur fram í orðsendingu keisarastjórnarinnar. Engu að síður fellst ríkisstjórn Serbíu á kröfu keisarastjórnarinnar um að leysa upp félagsskapinn Svarta höndin og einnig öll önnur félög sem kynnu að hafa í frammi samblástur gegn keisaradæminu.

3. Ríkisstjórn Serbíu skuldbindur sig til að útrýma úr opinberum skólum landsins öllu því sem kalla má, eða gæti verið fallið til að vera, áróður gegn Austuríki-Ungverjalandi. Hafist verður handa um það jafnskjótt og ríkisstjórn keisaradæmisins hefur bent serbneskum stjórnvöldum á dæmi þessa og leggur fram sannanir um áróður af þessu tagi.

4. Ríkisstjórn Serbíu samþykkir einnig að víkja úr hernum öllum þeim einstaklingum sem lögformlega hafa verið fundnir sannir að sök um að hafa beitt sér í þá veru að grafa undan einingu tvíríkisins Austuríki-Ungverjaland. Ríkisstjórnin væntir þess að keisarastjórnin muni í fyllingu tímans tilkynna sér um nöfn þeirra herforingja og embættismanna sem hér um ræðir, og í hverju brot þeirra eru fólgin, svo að hefjast megi handa um réttarrannsókn og málshöfðun gegn þeim.

5. Hér skal viðurkennt að ríkisstjórn Serbíu áttar sig ekki fyllilega á hvað felst í kröfu keisarastjórnarinnar um að serbnesk stjórnvöld skuldbindi sig til að samþykkja aðkomu stjórnarstofnana keisaradæmisins að málum í serbneskri lögsögu, en hún lýsir sig reiðubúna til alls þess samstarfs er samrýmist alþjóðalögum og þeim reglum sem almennt gilda um rannsókn sakamála, svo og því sem viðtekið er í samskiptum góðra granna.

6. Ríkisstjórn Serbíu telur það augljósa skyldu sína að hefja réttarrannsókn sem beinist að öllum þeim sem eru, eða kunna að vera, hlutdeildarmenn að samsæri því er lá að baki tilræðunum þann 28. júní og dveljast kunna á serbneskri grund. Stjórnin getur þó ekki fallist á að sérlegir fulltrúar keisaradæmisins eða þarlendra stjórnarstofnana taki þátt í slíkri rannsókn. Slík skipan fæli í sér brot á stjórnarskránni og samrýmist heldur ekki lögum um rannsókn og meðferð sakamála. Þó má gera ráð fyrir að í ákveðnum tilvikum mætti veita fulltrúum keisarastjórnarinnar aðgang að upplýsingum um gang rannsóknarinnar...

10. Ríkisstjórn Serbíu mun gera ríkisstjórn keisaradæmisins grein fyrir framkvæmd framangreindra aðgerða jafnskjótt og til þeirra verður gripið að svo miklu leyti sem það hefur ekki þegar verið gert með þessari orðsendingu.

Fari svo að keisarastjórnin sé ekki sátt við þessi svör er ríkisstjórn Serbíu reiðubúin að skjóta ágreiningsefnum til Alþjóðadómstólsins í Haag ... svo að leysa megi úr ágreiningi á friðsamlegan hátt.

Stjórnin álítur það allra hag að ekki verði rasað um ráð fram við lausn þessa mál. Belgrad 25. júlí 1914.

3. Skýrsla frá hermálaufulltrúa Þjóðverja í St. Pétursborg til utanríkisráðuneytisins í Berlín.

St. Pétursborg 29. júlí 1914

Handa hans hátign keisaranum

Í þeim hópi er næst stendur zarnum voru menn í gærdag enn mjög vongóðir um friðsamlega lausn deilunnar; eftir stríðsyfirlýsinguna í dag er sú skoðun ríkjandi að *allsherjarstyrjöld*¹⁾ sé nánast óhjákvæmileg. Áður en svarbréf Serbíustjórnar barst ríkti hér skilningur á því að Austuríki-Ungverjaland gæti krafist uppreistar af hendi Serba. Hér eru menn þeirrar skoðunar að Serbar hafi *teygt sig afar langt til samkomulags*. Því er ríkjandi viðhorf hér nú það að með því að *hafna* svari Serba hafi Austurríkismenn *breytt gegn betri vitund* og stefni beinlínis á stríð.

Þessi þróun mála hefur skapað samúðarbylgju með Serbum, en Rússland telur sér skylt að vernda Serbíu gegn hörku og rangsleitni Austurríkis án tillits til þess sem af þeirri afstöðu kann að hljótast.

Rússar sækjast ekki eftir stríði og vildu helst komast hjá því og þeir harma það að engum skuli hafa tekist að koma í veg fyrir að Austurríkismenn stigju það hættulega spor sem þeir hafa nú stigið.

¹⁾ við lestar skýrslunnar strikaði Vilhjálmur 2. undir þau orð, setningar og setningarhluta í skýrslunni sem hér eru með skáletri.

4. Orðsending þýska utanríkisráðuneytisins til þýska sendiherrans í Brüssel.

Berlín 29. júlí 1914

Keisarastjórnin hefur undir höndum öruggar upplýsingar um að Frakkar undirbúi liðssamdrátt meðfram Maasfljóti við Givet-Namur. Það er engum vafa undirorpíð að Frakkar hafa í hyggju að ráðast gegn Þjóðverjum um belgískt yfirráðasvæði.

Þýska stjórnin fær ekki varist þeirri hugsun að þrátt fyrir góðan vilja séu Belgar ekki, án

utanaðkomandi hjálpar, færir um að hrinda sókn Frakka á svo árangursríkan hátt að Þýskaland geti verið öruggt fyrir þeirri ógn sem að því steðjar. Ef Þýskaland ætlar sér að tryggja öryggi sitt er einboðið að verða fyrri til en fjandmaðurinn. Það yrði því þýsku stjórninni mikið harmsefni ef Belgar álitu það fjandskap í sinn garð að þýski herinn héldi í varnarskyni inn á belgískt yfirráðasvæði til þess knúinn af aðgerðum fjandmanna sinna.

Til að girða fyrir allan hugsanlegan misskilning vill því keisarastjórnin taka fram eftirfarandi:

1. Þjóðverjar eiga ekkert sökott við Belga. Ef þeir lýsa yfir vinsamlegu hlutleysi í striði því sem nú er í vændum skuldbindur þýska stjórnin sig til að tryggja fullveldi ... konungsríkisins Belgíu að striði loknu ...

2. Með vísun til þess sem að framan segir munu Þjóðverjar verða á brott með allan herafla sinn jafnskjótt og friður hefur verið saminn.

3. Taki Belgar vinsamlega afstöðu gagnvart Þýskalandi eru Þjóðverjar reiðubúmir í samráði við belgísk stjórnvöld að kaupa á fullu verði allar nauðsynjar hersveita sinna og bæta að fullu allt það tjón sem þær kunna að valda.

Ef Belgar leggja Stein í götu þýskra herja, einkanlega með því að tefja framsókn þeirra með andspyrnu í virkjunum við Maasfljótið eða með því að vinna skemmdarverk á járnbrautakerfinu, vegum, jarðgöngum og öðrum mannvirkjum, hljóta Þjóðverjar, þótt þeim sé það þvert um geð, að verða að skoða konungsríkið Belgíu fjandmann sinn. Ef þessi staða kemur upp getur Þýskaland ekki tekist á hendur neins konar skuldbindingar varðandi framtíð Belgíu sem ríkis. Þá hljóta vopnin að verða að skera úr um það hver verður staða ríkjanna hvors gagnvart öðru í framtíðinni.

Þýska keisarastjórnin vill þó eindregið mega vænta þess að framvinda mála verði ekki með þeim haetti sem hér var lýst og belgískra stjórnin miði ákvarðanir sínar við það að koma í veg fyrir að svo verði. Verði sú raunin mun það til frambúðar treysta enn frekar þau vináttubönd sem tengt hafa þessi tvö nágannaríki.

Yðar hávelborinheitum ber án tafar að kynna belgískum stjórnvöldum efni þessarar orðsendingar og krefjast svars innan 24 klukkustunda. Yður ber að tilkynna í símskeyti til ráðuneytisins um viðbrögð við orðsendingu svo og um lokasvör Belgíustjórnar.

Athugasemdir

Hinn 2. ágúst 1914 var Belgíustjórn afhent efnislega samhljóða orðsending og gefnar tólf stundir til andsvars. Kröfum Þjóðverja var hafnað og Belgar lýstu yfir því að þeir mundu verja hlutleysi sitt með öllum tiltækum ráðum.

5. Orðsending Ítalíukonungs til Þýskalandskeisara

3. ágúst 1914

Ég hef rétt mótttekið skeyti titt.¹⁾ Mér er það djúpt harmsefni að einlæg viðleitni þín, sem við höfum stutt af heilum hug, til að koma í veg fyrir að framganga Austurríkis-Ungverjalands hefði alvarlegar afleiðingar á alþjóðavettvangi, hefur ekki borið árangur. Allt frá upphafi deiðunnar hefur stjórn míni gert stjórn þinni og stjórn keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland ljóst²⁾ að ríkjandi aðstæður gera það ekki kleift að virkja ákvæðin í sáttmála Þríveldabandalagsins [um gagnkvæman hernaðarstuðning ef ráðist væri á eitthvert aðildarríkjanna]. Stjórn míni mun vinna að því af alefli að tryggja hagsmuni ítalska ríkisins og bandamanna þess og stuðla að varðveislu friðar.

Af dýpstu einlægni óska ég þér og þýsku þjóðinni hjartanlega velfarnaðar.

Pinn bróðir og bandamaður³⁾

Viktor Emanúel

Athugasemdir

¹⁾ Vísað er í skeyti frá 31. júlí 1914. Þar er frá því greint að strið við Rússland, og trúlega einnig Frakkland, sé óumflýjanlegt. Á þessari úrslitastundu treysti keisari Þýskalands á vináttu Ítala og stuðning þeirra sem bandamanna.

²⁾ Hér hefur Vilhjálmur 2. á spássíu gert athugasemdina: „Haugalygi“.

³⁾ Hér hefur Vilhjálmur 2. á spássíu skrifað: „Hvílik ósvífni“. – Neðan við bréfið hefur keisarinn síðan bætt við athugasemdinni: „Þrjótur. W.“

6. Yfirlýsing ríkiskanslara Þýskalands í ríkisdeginum (þinginu) 4. ágúst 1914.

Símskeyti þýska utanríkisráðuneytisins til sendiherra Þjóðverja í London síðar þann sama dag.

Berlín 4. ágúst 1914

Yfirlýsing von Bethmann Hollwego í ríkisdeginum nú í dag:
Við erum í nauðvörn og nauðsyn brýtur lög! Her okkar hefur lagt Lúxemborg undir sig og er ef til vill nú þegar kominn inn á belgískt yfirráðasvæði. Það felur í sér brot á þjóðarétti. Ríkisstjórn Frakklands hefur lýst yfir því við stjórnina í Brüssel að hún muni virða hlutleysi Belgíu, eins lengi og andstæðingar hennar geri það. En við vissum að Frakkar voru albúnir til árásar; við vorum það hins vegar ekki. Atlaga Frakka að varnarvæng okkar við neðanvert Rínarfljót hefði getað haft afdrifaríkar afleiðingar. Okkur var því nauðugur einn sá kostur virða að vettugi skiljanleg mótmæli ríkisstjórna Belgíu og Lúxemborgar.

Um leið og við höfum náð hernaðarlegum markmiðum okkar munum við bæta fyrir þann órétt sem hafður hefur verið í frammi. Okkur er ógnað og sá sem er í þeirri stöðu og berst fyrir því sem honum er dýrmælast hugsar um það eitt að fá hagsmunum sínum borgið. Hvað afstöðu Bretta varðar hafa yfirlýsingar þær sem Sir Edward Grey [utanríkisráðherra Bretta] kom með í neðri málstofunni í gær¹⁾ skýrt afstöðu bresku stjórnarinnar. Við höfum tilkynnt ríkisstjórn Bretlands að meðan Bretar fylgi hlutleysisstefnu muni þýski flotinn ekki gera atlögu að norðurströnd Frakklands og við munum ekki skerða fullveldi og sjálfstæði Belgíu. Ég endurtek þessa yfirlýsingu hér svo að heimurinn allur megi heyra og við hana má bæta að meðan Bretar gæta hlutleysis erum við reiðubúnir til að láta kaupsiglingar Frakka óáreittar ef þeir gera slíkt hið sama gagnvart þýskum kaupskipum.

Athugasemd

¹⁾ Grey lýsti yfir því í neðri málstofunni að áras Þýska flotans á strendur Frakklands jafngilti stríði gegn Bretum og hlutleysisbrotið gegn Belgíu hefði valdið mikilli spennu.

7. David Lloyd George um friðslit Bretta og Þjóðverja 4. ágúst 1914²⁾

Hinn 4. ágúst 1914 er einn örlagaríkasti dagur í veraldarsögunni. Sú ákvörðun sem tekin var þann dag í nafni Bretaveldis skar úr um örloð Evrópu ...

Var einhver möguleiki á að koma í veg fyrir það reiðarslag sem stríðið var? Ráðherrar úr innsta hring ríkisstjórnarinnar voru á nær stöðugum fundum frá föstudagi og fram á sunnudag. ... Umræður á fundum þessum leiddu í ljós djúpstæðan ágreining um það hvort Bretar ættu að blanda sér í stríð Rússa og Þjóðverja eða ekki, jafnvel þótt Frakkar yrðu að ganga þar til leiks vegna bandalags síns við Rússa [þessi ríki voru í hernaðarbandalagi allt frá árinu 1894]. Grey lagði aldrei fram beina tillögu um að Bretar lýstu yfir stríði ef Frakkar blönduðust inn í átökin. Sjálfur létt hann aldrei ótvírað í ljós hver skoðun hans væri ... og engin ótvírað niðurstaða fékkst í málínu ... skoðanir voru afar skiptar ... eins og staða mála var á þeim tímapunkti. Ef umræðan hefði snúist um að verja hlutleysi og fullveldi Belgíu hefði enginn hreyft andmælum ...

Þjóðverjar voru aðilar að allþjóðlegum samningi sem kvað á um að samningsaðilar myndu ekki bara virða, heldur verja hlutleysi Belgíu.²⁾ Ætluðu þeir að standa við þessa skuldbundingu sína? Bretar voru aðilar að þessum samningi og skuldbundnir til að beita sér af ýtrasta aflí

gegn hverjum þeim er bryti ákvæði hans. ... Yrði samningurinn virtur, mátti enn finna farsæla lausn ...

Innrás Þjóðverja í Belgíu gerbreytti öllum aðstæðum. Nú snerist málið um samningsbundnar skyldur okkar ... hetjulegt svar Belgíukonungs [við orðsendingu Þjóðverja] er einn af áhrifamestu atburðum í sögunni. Þegar svar þetta hafði verið gert heyrum kunnugt, sendi breska stjórnin ríkisstjórn Þýskalands úrslitakosti. Þar var þess krafist að þýska stjórnin gæfi fyrir klukkan tólf á miðnætti hinn 4. ágúst loforð um að hlutleysi Belgíu yrði ekki rofið. Yrði það gert ættu Bretar engan kost annan en þann a standa við skuldbindingar sínar. ... Dagur leið að kveldi. Ekkert svar barst. Skömmu eftir klukkan níu um kvöldið hófst ríkisstjórnarfundur ...

Nú var stóra spurningin þessi: áttum við að sleppa hinum illu öndum stríðsins lausum nú þegar, eða áttum við að bíða þar til fresturinn í úrslitakostum okkar rynni endanlega út og gefa þar með voninni um frið lokatækifæri. ... við ákváðum að bíða þar til fresturinn rynni út. ... Fyrsti ómurinn af djúpum hljómi Big Ben barst út í næturhúmið og boðaði örlagastund Bretaveldis ... við höfðum gengið á hólmi við oflugasta herveldi allra tíma. Frakkar réðu ekki yfir nægum styrk til að standast því snúning einir og Rússland of vanbúið og spillt. Okkur var öllum ljóst hve ofurmannlegs átaks nú var krafist af bresku þjóðinni. Mundi hún rísa undir því?

Athugasemdir

¹⁾ Lloyd George var á þessum tíma fjármálaráðherra Bretta.

²⁾ Samningurinn um hlutleysi Belgíu var upphaflega gerður árið 1839. Upphaflegir ábyrgðarmenn hans voru Austurríki, Bretland, Frakkland, Prússland og Rússland.

Heimild að öllum textunum hér á undan Tekster og tal til belysning af det 20. árhundredes historie. 1. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1972.

Heimildaverkefni

1. Glöggvið ykkur á því að Bretar og Frakkar urðu bandamenn árið 1904 með hliðsjón af eftirfarandi heimildatextum.

Atburðirnir við Fashoda

Viðhorf Bretta

Orðsending breska forsætisráðherrans, Salisburys lávarðar, til Gromers lávarðar, sérlegs fulltrúa bresku stjórnarinnar í Egyptalandi, dags. 2. ágúst 1898.

Nú eru í gangi aðgerðir í Súdan af hálfu hers undir stjórn Sir Herberts Kitcheners. Fari svo að Khartoum verði hertekin er æskilegt að þú hafir skýra mynd af þeirri stefnu sem ríkisstjórn Hennar Hátignar hyggst fylgja í framhaldinu.

Ríkisstjórn Hennar Hátignar hefur að undanförnu boðið stjórn „khedífsins“ [titill þess innlenda fursta sem að nafni til fór með völd í breska verndarríkinu Egyptalandi] verulega fjárhags- og efnahagsaðstoð og með hliðsjón af því hefur stjórnin ákveðið að í Khartoum skuli fána Bretlands og Egyptalands dregnir að húni hlið við hlið. Sú ákvörðun mun þó engin áhrif hafa á það hvernig hinum herteknu svæðum verður stjórnad í framtíðinni. Á þessum tímapunkti ber enga nauðsyn til að skilgreina pólitíkska framtíðarstöðu þeirra allt of nákvæmlega ... Engu að síðu er gengið út frá því að þú leiðir „khedífnum“ og ráðgjöfum hans fyrir sjónir að sá háttur sem ég vísaði til [þ.e. um fánana] staðfesti og árétti þann ásetning ríkisstjórnar Hennar Hátignar að hafa úrslitaorðið í öllum

málefnum Súdans. Stjórnin gengur jafnframt út frá því að egypsk stjórnvöld muni í öllum greinum hlíta ráði okkar að því er málefni Súdans varðar ...

Sá möguleiki er fyrir hendi að franskur heraflí leggi undir sig einhvern hluta Nílardalsins. Komi til þess ... ber ríkisstjórn Hennar Hátignar fullt traust til Sir Herberts Kitcheners að taka á málum með viðeigandi hætti. Stjórnin er þess fullviss að honum takist að leiða hverjum þeim yfirmanni franks herafla, sem hann kann að rekast á, fyrir sjónir að staðsetning hans í Nílardalnum brjóti gegn réttmætum hagsmunum jafnt Bretaveldis sem „khedífsins“.

Viðhorf Frakka

Skeyti breska sendiherrans í París til breska forsætisráðherrans, dags. 28. september 1898.

Fashoda. Utanríkisráðherra Frakka [Delcassé] vakti í dag máls á þessu hitamáli með því að greina frá því að sendiherra Frakka í London hefði verið falið að ræða það við yðar hávelborinheit. Margt af því sem bar á góma milli okkar var einungis endurtekning á því sem fram hefur komið í fyrri samtölum, en ráðherrann hæstvirtur hvikaði hvergi frá þeiri afstöðu sinni að Frakkar ættu rétt á að hertaka landsvæði þar sem Egyptar hefðu enga virka stjórn. Jafnframt bar hann brigður á rétt Breta til að vísa á brott liðsveitum annarra ríkja sem ekki hefðu viðurkennt Súdan sem breskt áhrifasvæði. Jafnframt mótmælti hann því að framsókn Frakka við Efri-Níl gæti kallast fjandsamleg aðgerð. Utanríkisráðherrann lýsti jafnframt þeiri sannfæringu sinni að opinskáar viðræður milli ríkisstjórna landanna tveggja ættu innan tíðar að geta skilað lausn á deilunni. Hann ítrekaði að hugur núverandi stjórnvalda í Frakklandi stæði til þess að vingast við Breta og bætti við að okkar á milli sagt teldi hann bandalag Breta og Frakka ákjósanlegra en bandalag Rússa og Frakka. Hann sárbændi mig enn og aftur að horfa til þeirrar æsingar sem nú ríkti í Frakklandi. Hún væri komin á hættulegt stig og gæti brotist út í mótmælaaðgerðum eins og hendi væri veifað. Þá endurtók hann ummæli sín frá því í gær: „Farið ekki fram á hið ómögulega við mig; stillið mér upp við vegg“. Hann sagðist gera sér grein fyrir því að þungt væri í Bretum, en hélt því fram að þeir væru gæddir meira jafnaðargeði en Frakkar, og tilfinningarök orkuðu ekki eins sterkt á þá. Ég svaraði því til að varla yrði of fast að orði kveðið um afstöðu Breta til þessa máls, og ætti það jafnt við um stjórnvöld sem almenning. Vitund mín um þetta ylli mér þungum áhyggjum. Þá sagði hann: „Þið munuð þó ekki láta skerast í odda við okkur út af atvikinu við Fashoda?“ Þeiri spurningu svaraði ég með þeim orðum að ég óttaðist einmitt að sú gæti orðið niðurstaðan.

Samkomulag Breta og Frakka frá árinu 1904

Hinn 8. apríl 1904 náðu ríkisstjórnir Breta og Frakka samkomulagi um útistandandi deilumál sín. Hér á eftir fara þær efnisgreinar sameiginlegrar yfirlýsingar landanna þar sem fjallað er um Egyptaland og Marokkó. Samkomulag ríkjanna um deilumál á nýlendusviðinu lagði grunninn að samstöðu þessara stórvelda í Evrópu.

Ríkisstjórn Hans Hátignar Bretakonungs lýsir yfir því að hún hyggur ekki á neinar breytingar á pólitískri stöðu Egyptalands [*b.e. það skal áfram vera verndarríki*].

Ríkisstjórn franska lýðveldisins lýsir yfir því fyrir sitt leyti að hún mun ekki beita sér gegn stöðu og hagsmunum Breta í Egyptalandi, svo sem með því að krefjast tímatakmarka á hersetu Breta í landinu, eða á nokkurn annan hátt ...

Ríkisstjórn franska lýðveldisins lýsir yfir því að hún hefur ekki uppi nein áform um að breyta pólitískri stöðu Marokkó.

Ríkisstjórn Hans Hátignar Bretakonungs viðurkennir fyrir sitt leyti að Frakkar hafa sérstöku hlutverki að gegna við að halda uppi lögum og reglu í Marokkó og það því fremur að þeir ráða löndum sem eiga löng landamæri að Marokkó. Þáttur í því hlutverki

er að veita aðstoð við umbætur í stjórnsýslu, hervörnum og á fjárhags- og efnahagssviði, eftir því sem þurfa þykir.

Bresk stjórvöld lýsa yfir því að þau munu á engan hátt leggjast gegn aðgerðum sem Frakkar grípa til í þessu skyni, svo fremi að hagsmunir Bretta séu í heiðri hafðir. Vísast í því sambandi til réttinda sem Bretar njóta samkvæmt hefð og samningum, þar á meðal rétti til strandverslunar sem bresk kaupför hafa notið í Marokkó frá árinu 1901.

Heimild: M.E. Chamberlain, *The Scramble for Africa*. London 1974.

2. Í kennslubókinni er dregið fram að undir lok 19. aldar hafi þýska keisaradæmið markað sér þá stefnu að gerast heimsveldi í orðsins fyllstu merkingu. Jafnframt er þar bent á að Vilhjálmur keisari 2. hafi verið eins konar holdgervingur þeirrar stefnu. – Kynntu þér eftirfarandi heimildatexta til að átta þig betur á inntaki þessarar heimsvaldastefnu og hlut keisarans í henni.

Þýzkaland var síðborið stórveldi, sem barst fljótt inn á vígvöll heimsvaldaráttunnar. Það var eins og ung og auðug boðflenna, sem sækist eftir samneyti við eldri stallsystkin sín, og kann sér þá ekki hóf og gætir ekki borðsiða. Menn hafa löngum deilt mjög á Vilhjálms II. fyrir hina fruntalegu utanríkispólítík Þýzkalands á þessum árum. En því fer fjarri, að hann beri persónulega höfuðsök á því, hvernig fór. Honum var að vísu oft laus tungan, og stundum ætluðu ræður hans að gera allt vitlaust í taugaveikluðum heimi, þar sem ekki mátti orðinu halla. En í rauninni var Vilhjálmur II. fullgildur oddviti Þýzkalands, eins og því var í sveit komið meðal stórveldanna og ríki Bismarcks var skipað. Tvískinnungurinn í manngerð keisarans var ekki eingöngu persónulegur ljóður á ráði hans. Það var tvískinnungur í öllu fari þess ríkis, er hann var borinn til fyrir guðs náð og járnkanslarans. Þýzkaland var orðið eitt mesta iðnaðarveldi veraldarinnar. En í þessu mikla ríki nútímatækni og atvinnuháttu sátu miðaldirnar í öndvegi stjórnægzu og innanlandsmála. Prússland stjórnaði í rauninni þýzka ríkinu, en í Prússlandi ríkti hin gamalgróna junkarastétt, hlaðin embættum, mannvirðingum og jarðeignum. Í andlegum og pólitískum efnum var þessi yfirstétt eins og nátttröll í hinu kvika borgaralega þjóðfélagi. Vilhjálmur II. var í aðra röndina kynborinn nútímmamaður, sonur sinnar tíðar, er hafði lifað hina miklu atvinnubytingu 19. og 20. aldar. Fáir konungbornir menn samtíðar hans höfðu jafn vakandi áhuga á tækni, verzlun, iðnaði og rauntækum vísindum og hann. Þýzkaland hefur áreiðanlega aldrei átt duglegri verzlunarerindreka en Vilhjálms II. Hið eirðarlausa flakk hans líktist oft ferðum ötuls kaupahéðins. En í hina röndina var hann miðaldamaður að lífsskoðun, kryndur junkari. Það munu víst ekki aðrir en konungbornir menn geta skilið hina bjargföstu sannfæringu Vilhjálms II., að hann væri það sem hann var af guðs náð og verkfæri hins almáttuga til að lyfta Þýzkalandi í sólarátt. En keisarinn var ekki einn um þennan trúarhita. Yfirstétt og smáborgarar Þýzkalands voru sannfærð um, að Þjóðverjar væru guðs útvalda þjóð, sem til þessa hefði farið varhluta af jarðneskum gæðum þessa heims. Nú var dagur dómsins kominn, er Þýzkaland hefndi gamalla harma og fengi skipað þann sess, er pólitísk sundrung á liðnum öldum hafði meinað því.

Heimild: Sverrir Kristjánsson, *Frá Vínarborg til Versala*. Erindasafnið 3. Reykjavík 1943, bls. 36–37.

Þeir heimildatestrar sem hér fara á eftir varpa skýru ljósi á heimsvaldastefnu Þýzkalands („Weltpolitik“) í valdatíð Vilhjálms keisara 2. Hann var persónugervingur þessarar stefnu og talinn höfundur að hugtakinu „gula hættan“.

Boxarauppreisnin fól í sér örvaentingarfulla viðleitni Kínverja til að bægja erlendri ásælni frá landi sínu til að koma þannig í veg fyrir að stórveldin beinlínis

skiptu því upp á milli sín. Í júní árið 1900 hertóku 140.000 uppreisnarmenn („boxarar“) höfuðborgina Peking, settust upp í hverfi útlendinga í borginni og veittust að kristnum Kínverjum. Alþjóðlegur herafli sem sendur var á vettvang rauf umsátrið í ágúst en áður en það gerðist höfðu allmargir Evrópumenn verið drepnir, þar á meðal sendiherra Þýskalands í Kína og nokkrir trúboðar. Boxarauppreisnin leysti úr læðingi mikinn þjóðernisofsa og yfirlýsingar því marki brenndar víða um Evrópu. Enginn komst þó í hálfkvisti við Vilhjálm 2. í vndlætingartilburðum, en að baki þeim lágu beinir fjárhagslegir hagsmunir sem varð að tryggja ef Þýskaland átti að hljóta sinn „sess í sólskininu“.

Þegar staðfest var að fréttir um morð þýska sendiherrans í Peking hefðu við rök að styðjast var stefnt saman herafla í Bremerhaven í refsileiðangur til Kína. Keisarahjónin voru viðstödd þegar herafli þessi lagði í haf hinn 2. júlí árið 1900 og við það tækifæri mælti keisarinn eftirsarandi ræðu af munni fram:

Stríðskyndlinum hefur verið kastað inn í kyrrlata friðartilveru okkar – ekki að það komi mér sérstaklega á óvart! Glæpamenn hafa banað dyggum fulltrúa mínum og rænt líki hans. Verknaður þessi er til marks um dæmalaust blygðunarleysi og skelfilega grimmd. Sendimenn annarra ríkja eru í lífshættu og sama má segja um félaga ykkar sem sendir voru á vettvang þeim til verndar. Vera má að þeir hafi í dag þurft að mæta örlögum sínum í sinni lokaorstu. Þýski fáninn hefur verið svívirtur og keisaradæmið haft að háði og spotti. Þetta kallar á hefnd og refsingu sem verður öðrum víti til varnaðar.¹⁾

Aðstæður hafa á örskömmum tíma orðið afar alvarlegar. Ástandið hefur enn versnað á þeim tíma sem liðinn er frá því að ég kvaddi ykkur til vopna. Sá vandi sem ég hugðist leysa með því að kalla til landgöngulið flotans útheimtir sameiginlegt átak hersveitar frá öllum menningarþjóðum ...

Óvinurinn sem þið mætið mun ganga á vit dauðans með engu minna æðruleysi en þið sjálfir. Kínverjarnir hafa notið þjálfunar evrópskra liðsforingja og þeir kunna með nútímovopn að fara. Svo er almættinu fyrir að þakka að félagar ykkar í hópi landgönguliða og sjóliða sem ykkur er ætlað að slást í hóp með hafa sýnt og sannað að engir standa Þjóðverjum á sporði þegar í harðbakka slær. Þeir hafa hrundið öllum atlögum með glæsibrag og gert ykkur þannig ætlunarverkið lettara.

Ég sendi ykkur nú af stað til að hefna ranglætis og ég mun ekki unna mér hvíldar fyrr en þýski fáninn blaktir sigursæll yfir borgarmúrum Peking ásamt fánum annarra stórvelda og við erum í stöðu til að setja Kínverjum friðarkosti.

Tengist bræðralagsböndum við alla hermenn sem berjast við hlið ykkar, Rússum, Bretum, Frókkum, svo og öðrum, því að allir berjist þið fyrir sama málstaðinn, siðmenninguna.

En við beinum líka huga okkar til hæða, að trú okkar, og þeirri köllun að verja og vernda trúbræður okkar, handan hafs sem sumir hafa mátt gjalda fyrir trú sína á frelsarann með lífi sínu.

Leiðið einnig hugann að heiðri ykkar sem hermann og þeim sem áður hafa barist fyrir ykkur og leggið upp undir hinum gömlu einkennisorðum prússneskra fánans: „Treystið drottni, verjist af hugprýði. Þar við liggur heiður ykkar! Því að sá sem setur allt traust sitt á drottin mun aldrei fara erindisleysu.“

Fánarnir sem blakta hér yfir höfðum ykkar fara nú í fyrsta sinn í eldlínuna. Færíð mér þá aftur hreina, heila og flekklausa!

Þakkir mínar og áhyggjur, bænir mínar og umhyggja fyrir velferð ykkar munu fylgja ykkur. Þannig verð ég með í för.

1. Þessi texti hefur að geyma opinbera útgáfu ræðunnar, en þar hefur verið felld út eftirfarandi setning: „Ég vonast til ... að geta komið fram harðari hefndum en heimsbyggðin hefur áður orðið vitni að.“

Í júlílok árið 1900 sótti keisarinn heim annað herfylki sem var á förum frá Bremerhaven til Kína. Eftirfarandi skjal hefur að geyma ummæli hans við það tækifæri. Fyrst kemur stórlega ritskoðuð gerð sem von Bülow ríkiskanslari létt dreifa.

Hið nýja þýska heimsveldi stendur frammi fyrir stórfenglegum viðfangsefnum í löndum handan hafs, staðri verkefnum en margir landar minir hafa gert sér grein fyrir það er aðalsmerki þýska heimsveldisins að verja ávallt þá borgara sína sem sæta ofríki erlendis. Þýska heimsveldið er þess megnugt að gera þetta þótt Hið heilaga rómverska ríki [þ.e. gamla þýska keisaradæmið] væri það ekki. Her okkar er lykillinn að því að það er unnt. Með þriggja áratuga protlausu starfi hefur herstyrkur okkar verið byggður upp á þeim grunni sem afi minn [Vilhjálmur 1. Prússakonungur og síðar einnig keisari, 1861–88] lagði. Þið hafið eins og aðrir hlotið þjálfun ykkar samkvæmt því skipulagi og nú reynir á hana frammi fyrir óvinum ykkar. Félagar ykkar í flotanum hafa þegar gengist undir þetta próf og staðist það. Það sannar að herþjálfun okkar hvílir á traustum grunni. Nú er það ykkar að endurtaka leikinn.

Ykkar bíður stórt verkefni: Að sjá til þess að bætt verði fyrir mikla rangsleitni. Kínverjar hafa fótumtroðið alþjóðalög. Aldrei áður í sögu mannkyns hefur friðhelgi stjórnarerindreka og gestrisniskyldur verið hunsaðar á jafn svívirðilegan hátt. Óskammfeilnin er þeim mun meiri að hér er að verki þjóð sem stærir sig af fornri menningu sinni.

Hafið fornar prússneskar dyggðir í heiðri. Verið glaðir í sorginni eins og sannkristnum mönnum ber. Megi heiður og frægð fylgja fánum ykkar og vopnum. Sýnið allri heimsbyggðinni hvernig öguð karlmenni koma fram. Ykkur er fullkunnugt um að þið munuð eiga í höggi við lævisan, hugprúðan og rimman andstæðing sem er vel vopnum búinn.

Þegar þið maetið honum skuluð þið hafa þetta hugfast: *Það verður engin miskunn sýnd.* Það verða engir fangar teknir.¹⁾ Beitið vopnum ykkar þannig að *enginn Kínverji muni næstu þúsund árin svo mikið sem gjóa skökkum augum sínum í átt til nokkurs Þjóðverja.*

Sýnið karlmennsku því að þá mun blessun drottins fylgja ykkur. Bænir þjóðarinnar allrar og bestu óskir mínar fylgja hverjum og einum úr ykkar hópi. *Ryðjið siðmenningunni braut í eitt skipti fyrir öll!* Af stað! Farið heilir, félagar!

1. Við ritskoðun textans var þessari málsgrein breytt þannig að lesa má út úr textanum að það séu Þjóðverjar sem ekki muni geta vænst neinnar miskunnar af hendi óvina sinna. Frumgerð textans, sem fylgir hér á eftir tekur hins vegar af öll tvímæli um að það er keisarinn sem eggjar hermenn sína lögeggjan að sýna fjandmönnum sínum enga vægð.

Bülow kanslara var ókunnugt um að blaðamaður frá staðarblaði hafði hraðritað ræðu keisarans eftir honum. Frumgerð ræðunnar var miklum mun æsilegri og það var hún sem blöð hvarvetna um heim birtu, en ræða þessi var enn eitt dæmið um hvatvísni keisarans.

Ég hef ákveðið að senda ykkur til að leysa af hendi mikið verkefni. Þið eigið að sjá til þess að bætt verði fyrir mikla rangsleitni. Hér er um það að ræða að Kínverjar hafa gerst svo óskammfeilnir að hunsa þúsund ára gömul alþjóðalög og hafa friðhelgi stjórnarerindreka og gestrisniskyldu ríkja að háði og spotti. Þetta á sér engin fordæmi í veraldarsögunni – og í þokkabót á hér hlut að máli þjóð sem stærir sig af fornri menningu sinni.

En af þessu má sjá út í hvað menn geta leiðst ef þeir aðhyllast ekki kristna trú. *Allar heiðingjabjóðir sýna sitt rétta andlit þegar á hólminn kemur, sama hve háleit og glæsileg menning peirra er! ...*

Gjörsigrið óvinina þegar fundum ykkar ber saman. Það má engin grið gefa. Það verða engir teknir til fanga. Allir þeir sem falla ykkur í hendur hafa fyrirgert lífi sínu. Það gerðist á

sínum tíma, fyrir meira en einni þúsöld, að Húnar og Atli konungur þeirra gátu sér frægðarorð sem enn lifir í goðsögum og arfsögnum.¹⁾ Megi ykkur auðnast að gera nafn Þjóðverja á sama hátt ódauðlegt í Kína aðra þúsöld þannig að enginn Kínverji muni nokkru sinni framar voga sér *svo mikið sem að gjóa skökkum augum sínum á nokkurn Þjóðverja!*

Þið munuð eiga við ofurefli í mannafla að etja. En hernaðarsaga okkar greinir frá mýmörgum dæmum þess ... Ávinnið gunnfánum ykkar nýjan hróður. Blessun drottins mun fylgja ykkur og bænum ykkar. Þjóðin öll fylgir ykkur hvert sem leiðin liggar. Ég óska þess af alhug að frægðin fylgi vopnum ykkar ... Megi blessun drottins vera letruð á gunnfána ykkar og þannig blessa þetta stríð svo að kristin trú eigi framtíð í landi því sem hér á í hlut og slíkir hörmungaratburðir sem við höfum orðið vitni að muni ekki framar eiga sér stað. Standið við ykkar dýra eið svo að því marki verði náð. Að lokum, góða ferð! Farið heilir, félagar!

1. Áróðursmeistarar andstæðinga Þjóðverja í heimsstyrjöldinni fyrri hentu gjarnan á lofti þessa vísun keisarans til Atla Húnakonungs. Í vitund almennings í löndum bandamanna urðu Þjóðverjar og hinir villimannlegu „Húnar“ nánast eitt og hið sama.

Heimild: Internet Modern History Sourcebook / Imperialism / German interests in China

Á prenti finnst fyrsti textinn í Ernst Johann (ritstj.), *Reden des Kaisers: Ansprachen, Predigten und Trinksprüche Wilhelms II.* München 1966, bls. 86–88.

Síðari textana two er að finna í Wilhelm Schröder (ritstj.), *Das persönliche Regiment: Reden und sonstige öffentliche Ausserungen Wilhelms II.* München 1912, bls. 40–42.

Vilhjálmur 2. Þýskalandskeisari: *Að eiga sæti þar sem sólin skín.* Brot úr ræðu hjá Siglingasambandi Norður-Þýskalands árið 1901.

Enda þótt við séum ekki búin að koma okkur upp þeim flota sem við þurfum að eignast, höfum við náð því að tryggja okkur sæti þar sem sólin skín. Það verður hlutverk mitt framvegis að tryggja að sá sess verði óumdeilanlega okkar til frambúðar. Þá munu geislar sólarinnar hafa örвandi áhrif á viðskipti okkar og aðrar athafnir á erlendum vettvangi. Það mun tryggja viðgang iðnaðar og landbúnaðar heima fyrir og siglingar okkar því að framtíð Þýskalands er á höfunum. Eftir því sem fleiri Þjóðverjar leggja á djúpið, þeim mun meiri verður ávinningur okkar. Gildi þá einu hvort menn stunda kappsiglingar eða kaupsiglingar eða sigla undir gunnfánum herskipa okkar ...

Heimild: C. Gauss, *The German Kaiser as Shown in His Public Utterances.* New York 1915.

Internet Modern History Sourcebook

I.4 Heimsstyrjöldin fyrri

Atriði til athugunar í texta

- °1. Skotgrafiahernaðurinn á vesturvígstöðvunum. Glöggvaðu þig á því hvernig hann kom til, hvernig hann lýsti sér og hvaða aðstæður hermönum var boðið upp á við þær aðstæður sem hann skóp.
- °2. Hver urðu áhrif stríðsins á þjóðlíf heima fyrir í löndum stríðsaðila (og raunar einnig að nokkru marki í hlutlausum ríkjum)? Hugaðu sérstaklega að breytingum á stöðu kvenna í þessum sambandi.

°3. Taktu saman yfirlit yfir nýjungar er hernaðaraðferðum og vopnabúnaði sem fram komu í heimsstyrjöldinni fyrri.

°4. Glöggvaðu þig á því hvernig andófið gegn stríðsrekstrinum jókst smám saman og þeim myndum sem það tók á sig. Hvernig má skýra þetta andóf og hvernig var brugðist við því?

Umræðuefní

*1. Takið til umræðu áhrifamátt og mikilvægi einstakra hernaðaraðferða og vopna sem beitt var í heimsstyrjöldinni fyrri. Reynið í því viðfangi að gera samanburð í þessu efni við heimsstyrjöldina síðari.

Til athugunar: Auk kafla 1.4 vísast til kafla II.5 hér í bókinni og kaflanna um heimsstyrjaldirnar tvær í *Nýjum tínum*.

I.5 Friðargerðin og eftirmál stríðsins. Þjóðabandalagið

Athugunarefni í texta

°1. Dragðu upp mynd af ólíkum viðhorfum og áherslum „hinna þriggja stóru“ á Versalafundinum.

°2. Farðu vandlega yfir kortið á bls. 42 í námsbókinni til að glöggva þig á þeim breytingum sem urðu á ríkjaskipun og landamærum í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri.

°3. Hvaða afvopnunarskilmálum var Þjóðverjum gert að sæta samkvæmt Versalasamningnum?

°4. Hvert varð hlutskipti keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri? Gefðu sérstakan gaum að hlut Ungverja og Þjóðverja í Austurríki.

°5. Hver varð hlutur Ítala við friðargerðina og hvert varð viðhorf þeirra til Versalaskipulagsins?

°6. Glöggvaðu þig á viðhorfi byltingarstjórnar bolsévika til friðargerðarinnar og ráðamanna í ríkjum sigurvegaranna í þeirra garð. Hvaða lönd sem tilheyrt höfðu rússneska keisaradæminu urðu sjálfstæð ríki í stríðslok?

- °7. Hvað varð um skattlönd Tyrkja eftir ósigur þeirra í fyrri heimsstyrjöld?
- °8. Þjóðabandalagið. – Glöggvaðu þig á stofnun þess, markmiðum, uppbyggingu og skipulagi.
- °9. Hver var helsti veikleiki Þjóðabandalagsins allan starfstíma þess?

Umræðuefni

*1. Hér fara á eftir tvær staðhæfingar um friðargerðina í Versöldum. Veltið vöngum yfir réttmæti þeirra og reynið að finna rök með og á móti.

„Þetta er ekki friðarsamningur. Hér er á ferðinni vopnahlé til tuttugu ára.“
(Ferdinand Foch marskálkur, yfirhershöfðingi bandamanna á vesturvígstöðvunum)

„Hvað Þýskaland varðar má segja að friðarskilmálarnir hafi raunar verið í senn of strangir og of vægir. Þeir voru of strangir til að menn gætu sæst heilum sáttum, en ekki nógu harðir til að koma Þýskalandi alveg á kné ... Mál skipuðust þannig að bandamenn þróngvuðu upp á Weimar-lýðveldið þýska nálega sömu skilmálum og átt hefði að setja þýska keisaradæminu. Án þess að gera sér grein fyrir því lögðu þeir Ludendorff hershofðingja og afturhaldsöflunum í Þýskalandi vopnin í hendurnar. Það voru sósialdemókratar, ásamt frjálslyndum stjórnmálaöflum landsins, sem urðu að bera „svívirðu“ Versalasamninganna.“
(Palmer og Colton, bandarískir sagnfræðingar)

II. ÁRIN MILLI STRÍÐA. ÁRATUGIR ANDSTÆÐNA OG ÁTAKA

II.1 Stund milli stríðs og kreppu

Athugunarefni í texta

- °1. Rapallósamningurinn. – Hverjir voru aðilar hans, hvers vegna var hann gerður, hvert var inntak hans og hver voru áhrif hans?
- °2. Glöggvaðu þig á því bandalagakerfi sem Frakkar byggðu upp til styrktar valdastöðu sinni eftir heimsstyrjöldina fyri.
- °3. Gerðu samantekt um skaðabótamálið og þróun þess og dragðu í því viðfangi fram áhrif þess á sambúð ríkja.
- °4. Locarnosamningurinn. – Hverjir voru aðilar hans og ábyrgðarmenn, hvert var inntak hans og hver urðu áhrif hans á alþjóðavettvangi?
- °5. Hvað fólst í hinum svokallaða Briand-Kelloggsamningi frá árinu 1928?
- °6. Glöggvaðu þig á þeirri nýju heimsmynd náttúruvísindanna sem var að móta fyrsta fjórðungi 20. aldar.
- °7. Glöggvaðu þig á hugmyndum Sigmunds Freuds og áhrifum þeirra á ólíkum sviðum.
- °8. Skýrðu stuttlega megininntak og einkenni eftifarandi framúrstefna í bókmenntum og listum sem fram komu á fyrsta fjórðungi 20. aldar:
 - a) expressionismi
 - b) fútúrismi
 - c) súrrealismi
- °9. Glöggvaðu þig á stefnum og straumum í kvíkmyndagerð á árunum eftir fyrra stríð.
- °10. Glöggvaðu þig á því hvaða áhrif tilkoma útvarpsins og grammófónsins hafði á tónlistarsviðinu.
- °11. Dragðu upp mynd af þeim breytingum sem urðu á þjóðfélagsstöðu kvenna í heimsstyrjöldinni fyrri, en einkum þó í kjölfar hennar.
- °12. Hver urðu áhrif heimskreppunnar miklu og valdatöku nasista í Þýskalandi á ríkjandi viðhorf í bókmenntum og listum?

Umræðuefní

*1. Breytingar á stöðu einstakra stórvelda að stríði loknu samanborið við það sem var fyrir stríð. Skýrið í því viðfangi afstöðu einstakra stórvelda gagnvart Versalaskipulaginu og viðhaldi þess.

Heimildaverkefni

#1. Nemendur kynni sér efni Briand-Kelloggsamningsins í hópvinnu og ræði í framhaldi af því gildi hans og hve raunhæfur hann hafi verið.

Briand-Kelloggsamningurinn frá 27. ágúst 1928

Frank Kellogg var utanríkisráðherra Bandaríkjanna á árunum 1925–29 í valdatíð Calvins Coolidge. Aristide Briand, utanríkisráðherra Frakka, hafði gert það að tillögu sinni að Bandaríkin og Frakkland gerðu samning sín í milli. Þær viðræður þróuðust í þann farveg að gerður yrði samningur sem tæki til allra ríkja. Samningurinn er stundum kallaður Parísarsamningurinn því að hann var undirritaður í París. Samtals staðfestu 62 ríki samninginn, eða nær öll ríki heims á þeim tíma. Í þeim hópi voru Sovétríkin sem eins og Bandaríkin stóðu á þessum tíma utan Þjóðabandalagsins.

Samningsaðilar líta á það sem háleita skyldu sína að vinna að heill allra þjóða í heiminum. Þeir telja tímabært að bannfæra styrjaldir sem tæki til að ná markmiðum í utanríkismálum og vilja með þeim hætti stuðla að því að friður og vinátta haldist þjóða í milli um ókomin ár. Samningsaðilar búa yfir þeirri sannfæringu að allar breytingar á stöðu einstakra ríkja gagnvart öðrum skuli gerast með skipulegum og friðsönum hætti. Samningurinn miðar að því að koma í veg fyrir að ríki sem beita stríði til framdráttar hagsmunum sínum geti hagnast á slíku framferði. Þá vonast samningsaðilar til þess að það fordæmi sem gefið er með samningsgerðinni verði til þess að önnur ríki leggi málstað þessum lið með því að gerast aðilar að samningnum nú þegar hann hefur verið undirritaður, öllu mannkyni til hagsbóta. Með ákvörðun sinni um að gerast aðilar að samningi þessum sammælast menningarþjóðir heims um að afneita styrjöldum sem verkfæri í utanríkisstefnu sinni:

1. grein: Samningsaðilar lýsa því hátíðlega yfir í nafni þjóða sinna að þeir fordæma valdbeitingu í formi styrjaldar í því skyni að ráða deilumálum á alþjóðavettvangi til lykta. Því hafna þeir þeim möguleika að beita stríði til framdráttar stefnumiðum sínum í utanríkismálum.
2. grein: Samningsaðilar binda fastmælum sín á milli að leysa öll ágreinings- eða deilumál, sem upp kunna að koma á milli þeirra, með friðsamlegum hætti, og gildir þá einu hvers eðlis þau eru eða hver kveikja þeirra er.

Heimild: *Tekster og tal til belysning af det 20. árhundredes historie*. Útg. Paul Holt. Khöfn 1972.

#2. Í kennslubókinni er vikið nokkuð að nýjum stefnum í bókmenntum og listum sem ruddu sér til rúms á upphafsskeiði 20. aldar. Þessara nýju stefna gætti meðal annars á sviði málaralistar.

Hópar nemenda velji til kynningar í bekknum / námshópnum nokkra málara sem unnu undir merkjum þessara stefna.

Heimildir: Tiltækar handbækur og yfirlitsrit um málaralist auk netsins. Á netið má sækja sýnishorn af einstökum myndverkum þessara málara til að sýna í kennslustundum.

II.2 Próun rússnesku byltingarinnar

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á því hver staða byltingarstjórnar bolsévika var að unnum sigri á hvítliðum í borgarastyrjöldinni.
- °2. NEP-stefnan. – Hverjar voru forsendur hennar, hvað fól hún í sér og hvaða árangri skilaði hún?
- °3. Innanfloksátökin í Kommúnistaflokki Sovétríkjanna eftir fráfall Lenins. Hverjur tókust þar á, um hvað var deilt og hverjar urðu lyktir átakanna?
- °4. Gerðu yfirlit yfir tvær fyrstu fimm ára áætlánirnar og dragðu fram áherslupættina í hvorri um sig.
- °5. Samyrkjuvæðingin og framkvæmd hennar.
- °6. Á fjórða áratugnum varð til í Sovétríkjunum þjóðfélagskerfi sem oft er kennt við stalínisma. Nýttu textann í kennslubókinni til að greina helstu einkenni þess og gerðu yfirlit yfir þau.
- °7. Veltu fyrir þér ástæðum þess að svo margir hrifust á sínum tíma af þeirri tilraun sem gerð var til að byggja upp sósíalískt þjóðskipulag í Sovétríkjunum.

Heimildaverkefni

- #1. Nemendur greini eftirfarandi texta í hópvinnu og dragi fram hverjar eru helstu áherslur og kjarnaatriði hans.

Réttindaskrá verkalýðsins og annarra þeirra er mátt hafa sæta arðráni
Réttindaskrá þessi var gefin út hinn 23. janúar 1918. Höfundur hennar var Vladimir Lenín. Hér á eftir fara hlutar úr réttindaskrá þessari:

I.

1. Hér með er lýst yfir því að Rússland er orðið ráðstjórnarlýðveldi verkamanna, hermannu og bænda. Ráð verkamanna, hermannu og bænda fara með allt stjórnvald, jafnt ríkisvaldið sem stjórn mála á sveitarstjórnarstigi.
2. Ráðstjórnarríkin eru sambandsríki einstakra ráðstjórnarlýðveldra þar sem frjálsar þjóðir bindast frjálsum samtökum.

II.

3. Þriðja allsherjarþing ráðanna, sem skipað er fulltrúum verkamanna, hermannu og bænda, lítur á það sem meginverkefni sitt að binda enda á arðrán manns á manni. Það merkir að uppræta verður með öllu stéttaskiptinguna í samféluginu og brjóta verður arðræningjana hlífðarlaust á bak aftur. Um leið og þingið leggur áherslu á sósíalísku umsköpun samfélagsins og sigursæla útbreiðslu sósíalismans um heim allan ályktar það eftirfarandi:
 - a) Til að gera sameign á jarðnæði að veruleika er einkaeignaréttur á jarðnæði afnuminn. Það merkir að allt jarðnæði er í almannaeigu og skal það afhent hinni vinnandi sveitaalþýðu gegn því að hún erji það.
 - b) Allir skógar, vötn og vatnsföll og nýtanlegir málmar skulu vera þjóðareign. Sama gildir um landbúnaðartæki, verkfæri og bústofn, svo og tilraunabú og vinnslustöðvar í landbúnaði.
 - c) Áréttaríkið er gildi ráðstjórnarlaganna um eftirlit verkamanna með iðnaðarframleiðslunni og laganna um stofnun æðstaráðs efnahagsmála. Þessi lagasetning markar fyrsta áfangann í því að ráðstjórnarlýðveldi verkamanna og bænda þjóðnýti verksmiðjur, verkstæði, námur, járnbrautir og önnur framleiðslu- og flutningatæki og tryggi þannig vald hinna vinnandi stétta yfir arðrásstéttinni.
 - d) Þriðja allsherjarþing ráðanna lítur svo á að lögum um að fella úr gildi allar skuldbindingar sem felast í lántökum keisarastjórnarinnar og ríkisstjórnar stórardeigenda og borgarastéttarinnar marki upphafið að atlögu gegn hinu alþjóðlega banka- og fjármálaauðvaldi. Þingið treystir því staðfastlega að ráðstjórnin haldi ótrauð sömu stefnu í þessu efni uns verkalýður heimsins hefur lagt auðvaldið endanlega að velli.
 - e) Staðfest er að allir bankar skuli vera eign verkamanna – og bændaráðanna. Slík skipan er frumskilyrði þess að hinn vinnandi fjöldi verði leystur undan oki auðvaldsins.
 - f) Öllum er skylt að vinna eftir getu. Það er forsenda þess að unnt sé að skipuleggja þjóðarbúskapinn og uppræta afætuhópana í þjóðféluginu.
 - g) Svo að tryggja megi völd hinna vinnandi stétta til frambúðar og koma megi í veg fyrir að arðrásstéttin endurheimti völdin verður að búa vinnustéttirnar vopnum og stofna verður rauðan her sósíalismans, skipaðan verkamönum og bendum. Jafnframt verður að afvopna eignastéttina að fullu.

Heimild: Paul Holt (útg.). *Tekster og tal til belysning af det 20. árhundredes historie I*. Khöfn 1972.

#2. Kennari og bekkur/námshópur fari yfir eftirfarandi texta í sameiningu og ræði efni hans í framhaldi af því.

„Pólítisk erfðaskrá“ Leníns

Hinn 25. desember 1922, nú dögum eftir að Lenín fékk heilablæðingu öðru sinni, las hann fyrir skjal sem í sögu Kommúnistaflokkss Sovétríkjanna hefur gengið undir nafninu „pólítiska erfðaskráin“. Til þessa plaggs hefur oft verið vitnað og af ólíkum hvötum.

(...) Það sem mér er efst í huga er að girða fyrir klofning í floknum í náinni framtíð, og því vil ég hér reifa ákveðnar persónulegar skoðanir mínar.

Ég er þeirrar skoðunar að fyrir einingu og stöðugleika í floknum – séu þau atriði sett á oddinn – hafi þeir Stalín og Trotsky mest að segja af öllum félögum í miðstjórninni. Það er sambandið milli þeirra sem veldur langmestu um þá klofningshættu sem við stöndum frammi fyrir, en ef til vill má sneiða hjá. Að mínum dómi gæti fjölgun fulltrúa í miðstjórninni upp í 50 eða jafnvel 100 orðið til þess að koma í veg fyrir klofning.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að félagi Stalín tók við embætti aðalritara flokksins hefur hann safnað miklu valdi á sínar hendur og ég er ekki viss um að hann beiti þessu valdi sínu ætíð af naegilegri gætni. Að hinu leytinu hefur félagi Trotsky sýnt og sannað að þar fer afar hæfur maður ... – hann er ótvírætt hæfasti maðurinn í miðstjórninni nú – en það er líka áberandi að hann hefur tilhneigingu til að ofmeta sjálfan sig og honum hættir til að horfa fram hjá öðru en sjálfri framkvæmdahlið viðfangsefnanna.

Þessir eiginleikar í persónugerð tveggja helstu forystumannanna í miðstjórn flokksins nú geta borið frækorn klofningsins í sér. Ef flokkurinn bregst ekki við þessu getur hlotist af klofningur fyrr en varir. (...)

Á sjúkrabeði sínum leiddi Lenín hugann enn frekar að þessu vandamáli. Það varð til þess að hann las fyrir viðbót við „erfðaskrána“.

Stalín er of óheflaður í framgöngu, og þótt horfa megi fram hjá þessum þætti í samskiptum kommúnista sín í milli, er ólíðandi að aðalritari flokksins komi fram með slíkum hætti. Ég geri því að tillögu minni við flokkinn að fundin verði leið til að leysa Stalín frá embætti aðalritara og öðrum manni, ólíkum Stalín og honum hæfari, verði falið starfið. Sá þarf að vera þolinmóðari, kurteisari, umhyggjusamari gagnvart félögum sínum, flokkshollari og ekki eins duttlungafullur, svo að nokkuð sé nefnt. Sumum kann að virðast sem hér sé um lítilfjörleg atriði að ræða, en ég tel svo ekki vera þegar þau eru skoðuð í samhengi við það markmið að koma í veg fyrir klofning í floknum og afstöðu þeirra Stalíns og Trotskys hvors til annars sem ég hef áður vikið að. Og svo má heldur ekki gleyma því að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.

Athugunarefni

1. Hvaða eiginleika dregur Lenín fram í fari Stalíns og Trotskys?
2. Hvað telur hann í húfi vegna andstæðnanna milli Stalíns og Trotskys?

Heimild: E.H. Carr. *The Interregnum 1923–24. A History of Soviet Russia*. Penguin Pelican 1969.

#3. Hópur / hópar nemenda kynni sér og greini eftirfarandi texta og taki síðan saman í stuttu máli kjarnaboðskap/viðhorf hans.

Aleksandra Kollontaj

Kvenfrelssínninn Aleksandra Kollontaj gegndi um skeið embætti félagsmálaráðherra í stjórn bolsévika. Hér fer á eftir kafli úr bók hennar *La*

famille et l'état communiste [Fjölskyldan í ríki kommúnismans] sem út kom í París árið 1920.

Fjölskyldan og atvinnupátttaka kvenna

Mun fjölskyldan halda áfram að vera til í ríki kommúnismans? Og verður hún þá sömu gerðar og nú? Þessi spurning er áleitin við konur í verkalyðsstétt, og sama gildir um félaga þeirra af karlkyni. Vandamálið kemur við sjálfa kvikuna í tilfinningalífi þeirra og skal engan undra: Aðstæður allar og kjör taka svo örum breytingum. Við horfum upp á hvernig gömlum hefðum og siðum er sópað burt og hvernig öll tilveruskilyrði verkamannafjölskyldna taka á sig nýja, óvenjulega og „furðulega“ mynd. Það sem öðru fremur veldur því að konurnar víta varla hvaðan á þær stendur veðrið er hversu auðvelt er orðið að fá skilnað í Ráðstjórnarríkjunum. Samkvæmt tilskipun frá Þjóðfulltrúarádinu [ríkisstjórninni] sem gefin var út 18. desember 1917 er skilnaður ekki lengur einungis á færi efnafólks. Nú þurfa konur ekki lengur að bíða svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir til að fá heimild til búskipta svo að þær geti sagt skilið við drykkfellda og ofbeldisfulla eiginmenn sem ganga reglulega í skrokk á þeim. Ef hjón eru ásátt um skilnað er nú unnt að ganga frá honum á einni eða tveimur vikum; flóknara er það nú ekki. Þetta færi á auðveldum skilnaði, sem er svo mikill fengur fyrir konur sem lifa í óhamingjusömu hjónabandi, hefur valdið mörgum öðrum konum miklum áhyggjum. Það á við um þær konur sem líta á eiginmanninn sem „skaffarann“, sjálfa stoð sína og styttu í lífinu. Þessar konur hafa ekki enn tileinkað sér þann sannleika að framvegis verða konur að sækja sér stuðning og hljóta hann hjá sjálfrí samfélagsheildinni. (...)

Konur í verkalyðsstétt ættu ekki að harma það þótt fjölskyldan í sinni núverandi mynd hætti að vera til. Þær ættu miklu fremur að gleðjast yfir því að nú bjarmar af degi nýs samfélags sem leysir konur undan því oki að vera heimilisþrælar og léttir þeim móðurhlutverkið. Jafnframt sér loks fyrir endann á verstu bölvun sem konur hafa þurft að bera, vændinu.

Konur sem fengið hafa þá köllun að berjast fyrir frelsi verkalyðsins gera sér grein fyrir því að í framtíðarríkinu mun ekki ríkja sama þróngsýni og áður: „Þetta eru mín börn, ég ætla að vefja þau móðurást, umhyggju og hlýju. Parna eru börnin þín og svo höfum við börn nágrannanna. Þau koma mér ekki við. Ég hef meira en nóg með það sem að mér snýr.“ Héðan í frá munu konur í verkalyðsstétt, sem meðvitaðar eru um félagslegt hlutverk sitt, ekki gera greinarmun á sínu og því sem er annarra; þær munu hugsa um öll börn sem sín, sem börn verkalyðsríkisins sem er sameign allra verkamanna.

Verkalýðsríkið verður að koma sambandi kynjanna á nýjan grundvöll. Í stað þess þrónga sjónarhorns að móðir sinni einungis sínu eigin barni, ber hver móðir nú ábyrgð gagnvart hverju einstöku barni í öreigafjölskyldunni stóru. Tími hins órjúfanlega hjónabands þar sem konan var algerlega undir hæl eiginmannsins er liðinn og frjálst samband karls og konu hefur leyst það af hólmi. Þetta samband mun sækja styrk sinn í gagnkvæma ást og virðingu sem tveir þegnar í verkalýðsríki bera hvor til annars, tveir einstaklingar sem njóta sömu réttinda og hafa sömu skyldur. Við höfum sagt skilið við þá fjölskyldugerð sem einkenndist af egingirni og einstaklingshyggju, en í hennar stað er komin ein allsherjarverkalýðsfjölskylda, þar sem allir karlar jafnt sem konur eru bræður, systur og félagar. (...)

Búum börnumnum þroskavænleg og góð uppvaxtarskilyrði, búum í haginn fyrir lífsglatt æskufólk og leyfum því að hrifast með og unnast! Það eiga að vera einkunnarorð og kennimerki samfélags kommúnismans. Jafnrétti, frelsi og frjálsar ástir – þetta brennt á að vera viðmiðið þegar karlar og konur í verkalyðs- og bændastétt hefjast handa af kjarki og trú á framtíðina við að byggja upp mannfélag sem er betra og réttlátara en áður hefur þekkst og því betur í færum með að tryggja hverjum einstaklingi þá hamingju sem hann eða hún á skilið! Rauðir fánar þjóðfélagsbyltingar munu verða dregnir að húni í öðrum löndum til viðbótar Rússlandi. Þeir bera boð um að fyrirheitna landið hér á jörðu, sem fólk hefur látið sig dreyma um svo öldum skiptir, sé ekki langt undan.

Athugunarefni

1. Hver er að dómi Kollontaj ávinnungur kvenna af nýju skilnaðarlöggjöfinni sem samþykkt var í Rússlandi í árslok 1917?
 2. Hver er munurinn á hinni hefðbundnu fjölskyldu og þeirri fjölskyldugerð sem Kollontaj gerir ráð fyrir að verði ríkjandi í framtíðarþjóðfélagi kommúnismans?
- #4. Einn eða fleiri hópar nemenda kynni sér Moskvuréttarhöldin og geri samnemendum sínum grein fyrir þeim í fyrirlestrarformi.

II.3 Fasisminn í framkvæmd: Ítalía og þriðja ríki Hitlers

Athugunarefni í texta

- °1. Gerðu yfirlit yfir það hvernig stefna fasista á Ítalíu í innanlandsmálum birtist eftir valdatökuna.
- °2. Glöggvaðu þig á sáttargjörð Mússolinis við páfastólinn árið 1929.
- °3. Hver voru megináhersluatriði Mússolinis í utanríkismálum og hvað gerði hann til að fylgja þeim eftir í verki?
- °4. Hver er skýringin á því að nasistar í Þýskalandi kusu að kalla ríki sitt Þriðja ríkið?
- °5. Glöggvaðu þig á þingkosningum þeim sem efnt var til í Þýskalandi skömmu eftir valdatöku Hitlers, aðdraganda þeirra og eftirmálum.
- °6. „Nótt hinna löngu hnífa“. – Við hvaða atburði er átt með þessu hugtaki, hver var aðdragandi þeirra og hver urðu áhrif þeirra til framtíðar.
- °7. Gerðu yfirlit yfir helstu áhersluþætti í stefnu nasista í innanríkismálum eins og hún birtist á árunum 1933–39.
- °8. Er líða tók á millistríðsárin lét stjórnarfari byggt á lýðræði og þingræði mjög undan síga í Evrópu en fasískum og hálffasískum einræðisstjórnum fjölgaði að sama skapi. – Glöggvaðu þig í þessu viðfangi á einræðisstjórni Salazars í Portúgal annars vegar og einræðisstjórni Francós á Spáni hins vegar.
- °9. Millistríðsárin í Evrópu mætti jafnvel kalla öld fasismans í þeim skilningi að þá urðu til fasískir flokkar og hreyfingar í nálega öllum löndum Evrópu. – Glöggvaðu þig í því viðfangi á Lappóhreyfingunni í Finnlandi, breska fasistaflokknum og fasískum hreyfingum í Frakklandi og áhrifum þessara hreyfinga á stjórnsmál í löndum sínum.

Heimildir

Tafla 1: *Gengi þýska marksins gagnvart Bandaríkjadal 1914–1923* (miðað er við meðaltal tilvitnaðra mánaða)

1914	júlí	1 dalur	4,2 mörk
1919	janúar	1 dalur	8,9 mörk
	júlí	1 dalur	14,0 mörk
1920	janúar	1 dalur	64,8 mörk
	júlí	1 dalur	39,5 mörk
1921	janúar	1 dalur	64,9 mörk
	júlí	1 dalur	76,6 mörk
1922	janúar	1 dalur	191,0 mörk
	júlí	1 dalur	493,2 mörk
1923	janúar	1 dalur	17.972,0 mörk
	júlí	1 dalur	353.412,0 mörk
	ágúst	1 dalur	4.620.455,0 mörk
	september	1 dalur	98.860.000,0 mörk
	október	1 dalur	25.260.208.000,0 mörk
	15. nóvember	1 dalur	4.200.000.000.000,0 mörk

Heimild: Gustav Stolper, *Deutsche Wirtschaft seit 1870*, bls. 98.

Tafla 2: *Hlutfall atvinnulausra í hópi félagsbundinna verkamanna í Þýskalandi 1931–1933*

	1931	1932	1933
Janúar	34,2	43,6	46,2
Febrúar	34,5	44,1	47,4
Mars	33,6	44,6	52,7
Apríl	31,8	43,9	46,3
Maí	29,9	43,3	44,7 ¹⁾
Júní	29,7	43,1	--
Júlí	31,0	43,9	--
Ágúst	33,6	44,0	26,3 ²⁾
September	35,0	43,6	22,3
Október	36,6	42,9	20,9
Nóvember	38,9	43,2	20,3
Desember	42,2	45,1	24,7
Meðaltal	34,3	43,8	--

Heimild: *Statistisk Årbog 1932–1934*

Athugasemdir

1. Hinn 2. maí 1933 var starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga bönnuð. Öllum verkamönum var hér eftir gert að vera félagar í Vinnufylkingu nasista (Die deutsche Arbeitsfront), en hún tók einnig til annarra launþega og atvinnurekenda.

2. Frá og með ágústmánuði 1933 var útreikningsaðferðum á atvinnuleysi breytt.

II.4 Franklin D. Roosevelt og „New Deal“. Norræn velferðarríki verða til

Athugunarefni í texta

°1. Viðhorf Herberts Hoovers forseta gagnvart kreppunni og viðbrögð hans gagnvart kreppuvandanum.

- °2. Ferill Roosevelts fram að þeim tíma að hann varð forseti og áherslur hans í kosningabaráttunni fyrir forsetakosningarnar 1932.
- °3. Glöggvaðu þig á því hvernig skilgreina má þann vanda sem Roosevelt stóð frammi fyrir við valdatöku sína.
- °4. Taktu saman yfirlit yfir þær aðgerðir sem gripið var til undir merkjum New Deal til viðreisnar fjármálalífi og iðnaði og til stuðnings bændum.
- °5. Hvaða aðferðum beitti stjórн Roosevelt í því skyni að draga úr atvinnuleysi?
- °6. Hvað stóð á bak við hugtakið og fyrirbærið TVA?
- °7. Glöggvaðu þig á afstöðu hæstaréttar til New Deal og deilum þeim sem urðu vegna hugmynda Roosevelt um breytingar á skipan réttarins.
- °8. John Maynard Keynes og hugmyndir hans um hagstjórн.
- °9. Að hvaða leyti markaði Roosevelt einkum djúp spor í bandarískum stjórnmálum og þjódlífi?
- °10. Hvernig kom heimskreppan við efnahag og þjódlif í Danmörku?
- °11. Hvernig brugðust dönsk stjórnvöld við kreppuvandanum?
- °12. Hvernig birtist kreppan í Svíþjóð?
- °13. Samkomulag sósíaldemókrata og Bændaflokkssins í Svíþjóð um viðnámsaðgerðir gegn kreppunni og aðdragandi þess.
- °14. Hvaða efnahagslegu sérstöðu höfðu Norðmenn samanborið við nágranna sína Dani og Svía?
- °15. Glöggvaðu þig á áherslunum í þeirri áætlun sem norski Verkamannaflokkurinn lagði fram gegn kreppuvandanum.
- °16. Hver var kjarninn í samkomulagi Verkamannaflokkssins og Bændaflokkssins í Noregi um aðgerðir gagnvart kreppuvandanum?
- °17. Taktu saman stutt yfirlit sem felur í sér þau samkenni sem finna má í stefnu sósíaldemókrata í Skandinavíu gagnvart kreppuvandanum.

Heimildaverkefni

- #1. Hér á eftir fara þrír heimildatextar sem hver með sínum hætti varpa ljósi á aðstæður og viðhorf í Bandaríkjunum á fjórða áratugi síðustu aldar (þ.e. kreppuárnum). – Nemendur í bekk / námshópi skipti sér í smærri hópa, kynni sér einstaka heimildatexta, greini efni þeirra og dragi fram kjarnann í boðskap þeirra.

Ræða Franklins D. Roosevelt í Commonwealth Club

Roosevelt hélt þessa ræðu í San Francisco meðan á kosningabaráttunni fyrir forsetakosningarnar stóð. Hin viðtekna regla frambjóðenda í kosningabaráttu í Bandaríkjunum er að vera hæfilega loðinn í ummælum og yfirlýsingum svo að þeir fæli engan kjósendahóp frá sér. Þessi ræða var hugsuð sem brot á þeirri meginreglu. Roosevelt sá ræðuna fyrst rétt áður en hann átti að flytja hana. Hún var samin í sérvöldum hópi ráðgjafa hans („braintrust“) sem skipaður var mennta- og háskólamönnum. Þessi hópur veitti Roosevelt ráðgjöf um áherslur og aðferðir í kosningabaráttunni, en var leystur upp að kosningum loknum. Heiti þetta („braintrust“) var þó áfram notað um þá stjórnmálamenn og einstaklinga úr vinahópi forsetans sem voru honum nánastir.

(...) Fyrir skömmu var gerð rækileg rannsókn á samþjöppum eignarhalds í bandarísku atvinnulífi. Hún leiddi í ljós að þar eru um 600 fyrirtæki í þeirri yfirburðastöðu að ráða tveimur þriðju hlutum af iðnaði landsins. Eftirfarandi niðurstaða skiptir þó enn meira máli: Haldi svo fram sem horfir með sama hraða og verið hefur verður staðan sú um aldamótin 2000 að tylft stórfyrirtækja mun drottna yfir iðnaðinum og þar munu eitt hundrað menn eða svo hafa töglin og hagldirnar. Svo ekkert sé verið að skafa utan af hlutunum þá stefnum við rakleitt í átt að fámennisstjórn í atvinnulífinu, ef við erum þá ekki þegar komin á það stig. (...)

Sjálfstæðisyfirlýsing okkar felur í sér sjálfan grunninn sem stjórnskipun landsins hvílir á og þar er um eins konar þjóðfélagssáttmála að ræða. (...)

Landsstjórnarmenn byggja völd sín á slíkum þjóðfélagsáttmála, og almenningur fól þeim þessi völd í skiptum fyrir ákveðin grundvallarréttindi sem stjórnvöldum er ætlað að tryggja. Sannir leiðtogar hafa ávallt staðið frammi fyrir því að aðlaga þessi réttindi að samfélagi sem er að þróast og dafna.

Umgjörð þessa þjóðfélagsáttmála var lögð við stofnun ríkisins, en hún hlýtur líka að breytast í samræmi við aðstæður í efnahagslífi landsins.

Sérhver einstaklingur hefur rétt til lífs, en það merkir að sá eða sú hin sama á líka rétt á öruggri afkomu. Menn geta afneitað þessum rétti með leti eða glæpsamlegu athæfi, en engan mann má svipta þessum rétti. Við eignum ekki í höggi við hungursneyð í þess orðs eiginlegu merkingu né heldur einhverja plágu sem tröllríður bjóðinni. Iðnaður okkar og landbúnaður getur ekki aðeins framleitt nóg til að fullnægja þörfum okkar, heldur vel umfram það. Sú skylda hvílir á forystusveit þjóðarinnar, kjörnum leiðtogum jafnt sem öðrum, stjórnvöldum jafnt sem forvígismönnum atvinnulífsins, að sjá til þess að allir begnar þjóðfélagsins eigi kost á atvinnu sem gerir þeim kleift að sjá fyrir sér og sínum og öðlast hlut í hagsæld samfélagsins.

Allir eiga rétt á því að eignir þeirra séu friðhelgar. Í því felst að menn geti gengið að sparifé sínu vísu að svo miklu leyti sem það yfirhöfuð er unnt. Eðli málsins samkvæmt geta þeir sem eru óvinnufærir ekki séð fyrir sér sjálfir. Gildir þá einu hvort það er fyrir sakir æsku, eða eða sjúkleika. Alltaf þegar egnarrétt ber á góma verður þessi réttur að vera í forgrunni; fyrir honum verða öll önnur afbrigði egnarréttarins að þoka. Gildir þá einu þótt setja þurfi athöfnum hlutabréfbraskarans skorður eða leggja hömlur á bankastjóra og fésýslumenn. Við verðum að viðurkenna að hömlur af þessu tagi eru óhjákvæmilegar, ekki til að hamla einstaklingsframtakinu, heldur til að vernda það. Forvígismenn í viðskiptum og iðnaði verða að vinna í sameiningu að sameiginlegu markmiði okkar í stað þess að bauka hver í sínu horni. Þegar aðstæður krefjast þess að þeir gefi upp á bátinn einhver persónuleg fríðindi verða þeir sem hópur að færa þá fórn á altari hagsbóta í þágu heildarinnar. Í slíkum tilvikum hljóta kjörnir forystumenn – stjórnvöld ef menn kjósa frekar það orðalag – að koma til skjalanna. En svo eru það einfaraðir í athafnalífinu, keppinautarnir sem einskis svífast, frumkvöðlarnir sem fara sínu fram (...) Þeir sem aldrei binda bagga sína sömu hnútum og aðrir. Alltaf þegar slíkir aðilar neita að leggjast á sveifina í baráttunni fyrir þeim markmiðum sem menn hafa orðið ásáttir um að horfi til heilla verða stjórnvöld að hafa möguleika til að grípa til sinna ráða. Að öðrum kosti mun enn og aftur brjótast út stríð allra gegn öllum í atvinnulífinu. (...)

Athugunarefni

1. Hvernig er sú mynd sem Roosevelt bregður upp af bandarísku atvinnulífi?
2. Hvaða afbrigði einkaeignarréttar setur Roosevelt í öndvegi og til hvaða aðgerða telur hann stjórnvöld eiga að grípa slíkum eignarrétti til tryggingar?

Heimild: Samuel Rosenman (ritstj.), *The Public Papers and Addresses of Franklin D. Roosevelt*. New York 1938.

National Recovery Act

Hér fer á eftir útdráttur úr ræðu sem Henry Hatfield, öldungadeildarþingmaður repúblikana frá Vestur-Virginíu, hélt við umræður á Bandaríkjapíngi um frumvarpið að lagabálki þeim sem nefndur var National Recovery Act.

Herra forseti! Velunnarar lagafrumvarps þess sem nefnt er National Recovery Act þræta ekki fyrir að þar sé byltingarkennd lagasetning á ferðinni. Lagafrumvarp þetta hefur að geyma ákvæði sem stangast berlega á við grundvallarreglugr lýðræðisins. Þó að ég taki svo til orða, herra forseti, fela þessi ummæli ekki í sér gagnrýni á neinn hóp eða einstakling sem ljær löggjöf af þessu tagi stuðning sinn. Ég horfi fyrst og fremst til þess hvaða áhrif löggjöf af þessu tagi muni hafa á hagi almennings í þessu landi og hvílík efnahagsleg skakkaföll og þrengingar hún muni leiða yfir fólk.

Með þessum lögum er verið að þjóðnýta bandarískan iðnað. Jafnvel þótt Karl Marx hefði risið upp frá dauðum til að fára frumvarpstextann í letur hefði ekki verið betur um hnúta búið að því leyti en hér er gert. Því sætir furðu að Stalín, zarinn í guðlausri ríkisstjórn Ráðstjórnarríkjanna, skuli ekki vera búinn að senda heillaóskaskeyti í Hvítá húsið því að lagafrumvarpið ber svo augljós merki uppruna síns. Það er „made in Moscow“. (...)

Ef frumvarp þetta verður að lögum er hægðarleikur að gera alla flokksbundna demókrata að opinberum starfsmönnum.

Frumvarpið gerir að engu lögmál framboðs og eftirspurnar. (...)

Það hefur sálarlaust sérfræðingaveldi til öndvegis.

Það gerir lögmál frumskógarins að dyggð.

Það lögbindur að allir séu heiðursmenn, hleður undir ónytjunga og upphefur iðjuleysingja.

Það stefnir að því að steypa alla íbúa í heilu landi í sama mótt. (...)

Það hvetur til þess að bandarískir fjárfestar leiti sér skjóls erlendis undir erlendum fána. (...)

Hér er á ferðinni alræði, að vísu ekki alræði öreiganna, heldur stjórnaráðsskrifinnanna. (...)

Hér er boðað þúsundáraríki þar sem ætlunin er að hygla aðeins einni stétt manna.

Frumvarpið er til marks um að stórfyrirtækin hafa tryggt sér endanlegan og óskoraðan sigur yfir þeim sem smáir eru. (...)

Samkvæmt því verður mygrút eftirlitsmanna frá stjórnvöldum sigað á þá sem stunda viðskipti til að láta þá snuðra innan fyrirtækjanna. (...)

Verst af öllu er þó hvernig frumvarpið brennimerkir arfteknað bandarískar dyggðir: áhersluna á gildi einstaklingsins, gjafmildi, sparssemi, hyggindi, heiðarleika og ábyrgð. (...)

Það er ekkert dularfullt við tillögugerð þessa. Hún felur í sér hreinan og ómengðan ríkissósialisma.

Athugunarefni

Hverjar eru ástæðurnar fyrir því að Hatfield telur stefnu Roosevelts í aett við kommúnismu?

Heimild: *Congressional Records*, 77. bindi. Washington D.C.

Sjónarmið bandaríisks verkalýðsleiðtoga

John Lewis var leiðtogi CIO (Congress of Industrial Organizations) á fjórða áratugi síðustu aldar. Hér á eftir fara kaflar úr útværpsræðu sem Lewis hélt hinn 13. desember 1936.

Í kvöld er ég málsvari þeirra milljóna verkamanna sem bandarískir iðnrekendur hafa að féþúfu. Eg ber fyrir þeirra hönd fram þá ósk að þeim verði gert kleift að öðlast meiri hlutdeild í þeim verðmætum sem þeir skapa með vinnu sinni. Fyrir þeirra hönd fer ég fram á meira atvinnulýðræði. Í þeim efnunum kreppir skórinna mest nú um stundir og það er á þessu svíði sem mest þörf er á grundvallarbreytingum í landi okkar. Atvinnulýðræði felur í sér frelsi, farsæld og öryggi, en allir Bandaríkjumenn telja sig borna til að njóta þeirra þátta. Í efnahagslegu tilliti felur þetta í sér „rétt [verkamanna] til að gera kjarasamninga á félagslegum grundvelli“ og þá skipan að „samskiptum verkamanna og atvinnurekenda skuli hagað samkvæmt landslögum.“ Það merkir einnig að öllum skuli tryggður aukinn kaupmáttur, sem aftur er forsenda varanlegrar velsældar og til ábata fyrir viðskiptalífið, framleiðendur iðnvarnings og fjármálageirann. (...)

Stórfyrirtæki á borð við US Steel og General Motors bera í senn siðferðislega og samfélagslega ábyrgð. Stjórnendur þeirra hafa hvorki siðferðilegan né lagalegan rétt til að koma fram eins og einræðisherrar gagnvart hundruðum þúsunda starfsmanna sinna. Þeir mega ekki brjóta gegn lögvernduðum rétti verkamanna til að bindast samtökum og rétti slíkra samtaka til að koma fram fyrir þeirra hönd í samningum um kaup og kjör. Í lýðræðisríki hafa þeir enga lagastoð fyrir því að meina frjálsbornum mönnum að njóta réttar síns.

Verkamenn í stáliðnaðinum hafa bundist samtökum, verkamenn í bílaiðnaðinum hafa bundist samtökum og sama er uppi á teningnum með verkamenn í öðrum iðngreinum; það er út í hött að túlka reglurnar um samskipti verkamanna og atvinnurekenda öðruvísi en svo að samtök þessara aðila vinnumarkaðarins leysi ágreiningsmál sín við samningaborðið. (...)

Verkamenn krefjast þess að virtur sé réttur þeirra til að bindast samtökum sem síðan fari með samningsumboð fyrir þeirra hönd. Það verður að koma til „new deal“ í bandarískum stórfyrirtækjum. Af sjónarhóli verkamanna eiga þeir gróðapungar sem vilja takmarka mannréttindi fólks ekkert annað en fyrirlitningu skilið. Því er krafa verkamanna sú að atvinnulýðræði verði lögfest. (...)

Verkamenn leggja áherslu á að fundin verði friðsamleg lausn á þeim vanda sem við er að etja í stóru fjöldaframleiðslufyrirtækjunum. Aðildarfélög CIO hafa engan áhuga á því að átök séu á vinnumarkaði – þau gera sér vonir um sátt á vinnumarkaði sem byggi á gagnkvæmri viðurkenningu verkamanna og atvinnurekenda á hagsmunum hvors annars. (...)

Sá tími er liðinn í Bandaríkjum að verkamenn séu látnir sæta barsmíðum, dælt sé á þá táragasi eða þeir skotnir til bana án þess að nokkur sé kallaður til ábyrgðar. Ég vara forvígismenn í iðnaði alvarlega við því að verkamenn munu bregðast hart við slíkri stefnu eða aðferðafræði. Þá vænta verkamenn þess einnig að alríkisstjórnin styðji fast við bakið á þeim í viðleitni þeirra til að ná fram þeim rétti sem þeir eiga lögum samkvæmt.

Nú er lag. Það er unnt að standa þannig að málum í iðnaðinum að almenningur búi við öryggi og fjárfestar hagnist á sama tíma. En iðnrekendur geta líka steypt atvinnugreininni í glötun með því að láta stjórnast af blindu ofstæki og hleypidómum. Það mun gerast ef þeir þráast við að laga sig að ríkjandi hugmyndum um að samskipti verkamanna og atvinnurekenda skuli vera eins og mælt er fyrir um í vinnulöggjöfinni.

Iðnrekendur eiga völinu, og ábyrgð þeirra er mikil að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Athugunarefni

- Hvaða ásakanir á hendur atvinnurekendum ber Lewis óbeint fram í ræðu sinni?
- Hvaða kröfur ber hann fram, og hvaða rök færir hann fyrir þeim?

Heimild: Daniel Aron og Robert Bendiner (ritstj.), *The Strenuous Decade*. New York 1970.

#2. Nemendur í bekk / námshópi kynni sér eftirfarandi töflur með sögulegum hagtölum, einir sér eða nokkrir saman í hópi, og reyni að túlka þær, þ.e. lesa úr þeim tilteknar upplýsingar. – Í því viðfangi ber að sjálfsögðu að hafa í huga þá *atburði* sem bar upp á þessi ár sögunnar og þær *pólitísku og efnahagslegu aðstæður* sem ríktu á hverjum tíma.

Hér á eftir fara nokkrar töflur sem sýna þróun efnahagsaðstæðna í Bandaríkjunum 1913–1939.

Tafla 1: *Vísitala heildsöluverðs fyrir einstaka vöruflokka 1913–1939* (árið 1926 = 100)

	Allir vöruflokkar	Búvörur	Málmar og varningur úr málmi
1913	69,8	71,5	90,8
1916	85,5	84,4	116,5
1920	154,4	150,7	149,4
1926	100,0	100,0	100,0
1928	96,7	105,9	97,0
1929	95,3	104,9	100,5
1930	86,4	88,3	92,1
1931	73,0	64,8	84,5
1932	64,8	48,2	80,2
1933	65,9	51,4	79,8
1934	74,9	65,3	86,4
1939	77,1	65,3	94,4

Heimild: *Historical Statistics of the United States* (útg. 1961), bls. 116.

Tafla 2: *Vísitala heildsöluverðs á hveiti og sykri 1913–1939*

	Hveiti	Sykur
	\$ pr. 100 pund	\$ pr. pund
1913	3,847	0,043
1916	6,091	0,069
1920	11,580	0,127
1926	7,252	0,055
1928	6,406	0,056
1929	5,794	0,051
1930	4,865	0,047
1931	3,570	0,044
1932	3,104	0,040
1933	4,633	0,043
1934	5,755	0,044
1939	3,872	0,046

Heimild: *Historical Statistics of the United States* (útg. 1961), bls. 123

Tafla 3: *Launapróun 1913–1926* (ársmeðaltal í dollurum)

	Landbúnaðar- verkamenn	Iðnverka- menn	Allir launamenn
1913	360	578	621
1916	388	651	708
1920	810	1358	1407
1926	593	1309	1376

Tafla 4: *Launapróun 1929–1939* (ársmeðaltal í dollurum fyrir þá sem voru í fullu starfi)

	Landbúnaður, skógarhögg, fiskveiðar	Iðn- verka- menn	Allir launa- menn
1929	397	1543	1405
1930	388	1488	1368
1931	312	1369	1275
1932	247	1150	1120
1933	230	1086	1048
1934	251	1153	1091
1939	385	1363	1264

Heimild: *Historical Statistics of the United States* (útg. 1961), bls. 91 og 95. – Beitt er mismunandi útreikningsaðferðum við töflurnar tvær og því verður að hafa vissan fyrirvara um beinan samanburð milli þeirra.

Tafla 5: *Atvinnuleysi 1913–1939* (talið í þúsundum og reiknað sem hlutfall af fjöldu þeirra íbúa landsins sem náð höfðu 14 ára aldri)

	Fjöldi atvinnu- leysingja	Hlutfall atvinnu- lausra af þeim sem eru á vinnumarkaði
1913	1680	4,4%
1916	1920	4,8%
1920	1670	4,0%
1926	0880	1,9%
1928	2080	4,4%
1929	1550	3,2%
1930	4340	8,7%
1931	8020	15,9%
1932	12060	23,6%
1933	12830	24,9%
1934	11340	21,7%
1939	9480	17,2%

Heimild: *Historical Statistics of the United States* (útg. 1961), bls. 73. – Tekið var allsherjarmanntal á tíu ára fresti og reiknast hlutfall atvinnulausra út frá niðurstöðum þeirra.

#3. Hópur eða hópar nemenda kanni nánar stefnu og áherslur „stjórnar hinna vinnandi stéttu“ á Íslandi með tilliti til samanburðar við þróun mála í Skandinavíu.

II.5 Sjóhernaðurinn og hlutskipti sæfarenda í síðari heimsstyrjöld

Atriði til athugunar í texta

- °1. Glöggvaðu þig á þeirri stöðu sem uppi var í sjóhernaðinum á fyrstu vikum og mánuðum stríðsins.
- °2. Hvernig var vígbúnaði Þjóðverja á sjó háttáð í aðdraganda stríðsins og á upphafsskeiði þess?
- °3. Hvaða breyting varð á vígstöðu Þjóðverja til sjóhernaðar eftir landvinninga þeirra vorið og sumarið 1940?
- °4. Hvaða áhrif hafði þátttaka Þjóðverja í Afríkustyrjöldinni annars vegar og styrjöld Bandaríkjamanna við Japani á Kyrrahafi á þróun kafbátahernaðarins á Atlantshafinu?
- °5. Birgðaflutningar vesturveldanna til bandamanna sinna, Sovétmanna, og hlutdeild Íslands í þeim.
- °6. Glöggvaðu þig á aðstæðum þegar orustan um Atlantshafið var í hámarki snemma árs 1943 og ástæðum þess að bandamenn náðu þá yfirhöndinni.
- °7. Hvernig rökstuddu íslensk stjórnvöld ósk sína um að Ísland gæti orðið eitt af stofnríkjum Sameinuðu þjóðanna (sem þó ekki varð)?

Heimildaverkefni

- #1. Bismarck sökkt. – Hópur nemenda taki saman fyrirlestur til flutnings í beknum / námshópnum þar sem greint yrði frá för Bismarcks, átökum skipsins við breska flotann og endalokum þess.
- #2. Hópur / hópar nemenda taki saman einn eða fleiri fyrirlestra til flutnings í beknum / námshópnum þar sem greint yrði frá hlutskipti íslenskra sæfarenda í síðari heimsstyrjöldinni.

II.6 Andspyrnuhreyfingar gegn hernámi Þjóðverja

Atriði til athugunar í texta

- °1. Hvernig brugðust menn í Evrópu almennt við hernámi Þjóðverja á þeim tíma þegar sigurganga þeirra í stríðinu virtist óslitin?

- °2. Glöggvaðu þig á því samspili sem óhjákvæmilega á sér stað milli hernaðsveldisins annars vegar og stjórnerfis, atvinnulífs og almennings í hernumdu landi hins vegar.
- °3. Hverjir voru ákofustu samstarfsmenn Þjóðverja og hvernig gögnumust þeir þýska hernaðsliðinu?
- °4. Hver var staða Dana undir þýsku hernaði?
- °5. Við hvað er átt með hugtakinu viðhorfs- og afstöðubaráttá í andspyrnuhreyfingunni?
- °6. Hvernig lýsti hin virka og vopnaða andspyrna sér eftir að hún hófst?
- °7. Glöggvaðu þig á því hvaða myndir viðhorfs- og afstöðubaráttan tók á sig í Noregi.
- °8. Hver var hlutur kommúnista í andspyrnuhreyfingunni?
- °9. Andspyrnan og skæruhernaðurinn í Rússlandi. Hvers vegna var harkan í átökunum frá upphafi miklu meiri þar en vestar í álfunni?
- °10. Gerðu yfirlit yfir þróun skæruhernaðarins í Júgoslavíu allt frá upphafi og til þess tíma að Tító og skæruliðar hans tóku öll völd í Júgoslavíu.
- °11. Hvernig þráðist baráttu skæruliða á Ítalíu?
- °12. Veltu fyrir þér gildi andspyrnunnar gegn þýsku hernaði fyrir úrslit stríðsins og þær þjóðir sem í hlut áttu.

Heimildaverkefni

- #1. Hópur/hópar nemenda taki saman fyrirlestur til flutnings í bekknum/námshópnum þar sem lýst verði viðhorfs- og afstöðubaráttunni eins og hún þráðist í Noregi.
- #2. Hópur/hópar nemenda kynni sér einstaka þætti eða atburði úr sögu andspyrnunnar, taki saman fyrirlestur um efnið og flytji í bekknum/námshópnum.

II.7 Helförin

Atriði til athugunar í texta

- °1. Í hvaða skilningi er útrýmingarherferð nasista á gyðingum einstök í sögunni?
- °2. Glöggvaðu þig á því hvernig andúð í garð gyðinga eða gyðingahatur (antisemítismi) hafði þróast í Evrópu í tímans rás.

- °3. Hvernig var hártað aðstæðum og stöðu gyðinga í Þýskalandi á fyrsta þriðjungi 20. aldar?
- °4. Hvaða viðhorf voru uppi um stefnuna gagnvart gyðingum fyrst eftir valdatöku nasista í Þýskalandi?
- °5. Glöggvaðu þig á aðdraganda þess að ráðamenn nasista tóku ákvörðunina um helförina.
- °6. Gerðu yfirlit yfir hvernig útrýmingarherferðin („helförin“) þróaðist.
- °7. Vitneskja og afstaða umheimsins til helfararinnar meðan á henni stóð. – Hugaðu í því samhengi einkum að ríkisstjórnum í ríkjum bandamanna og páfanum í Róm.
- °8. Rýndu í töfluna sem fylgir þessum kafla.

Heimildaverkefni

#1. Hér fara á eftir textar sem varpa ljósti á aðdraganda og upphaf helfararinnar. Nemendur í bekk/námshópi kynni sér þessa texta, einir sér eða nokkrir saman í hópi, og leysi í framhaldi af því þau verkefni sem þeim fylgja.

Fanga- og útrýmingarbúðir nasista

Brot úr ræðu sem Heinrich Himmler, foringi SS-sveitanna og yfirmaður fangabúða nasista, hélt árið 1937.

Það getur verið öllum einkar lærðómsríkt að kynna sér aðstæður í fangabúðum okkar – fyrir tilstuðlan mína hafa nokkrir fulltrúar ríkishersins („Wehrmacht“) átt þess kost. Eftir að þér hafið séð slíkar búðir munuð þér ekki velkjast í vafa um að þar hefur enginn lent að ósekju; þar hittið þér fyrir dreggjar samfélagsins, glæpamenn og aðra þá sem gerst hafa sekir um andfélagslegt athæfi.

Fangabúðir af þessu tagi eru í raun fullkominn sýningargluggi fyrir ávexti erfða- og kynþáttalögðumálanna. Þar getur að líta fólk með ofvaxið höfuð, rangeygt fólk, krypplinga og hálfjúða, hreint samsafn úrhraka af óæðri kynstofni. Nú er búið að safna þessu liði undir eitt þak. Við gerum vissulega greinarmun á þeim sem við lokum inni í nokkra mánuði, svo að tukta megi þá til, og hinum sem koma til langdvalar. Agi er helsta uppeldistæki okkar; við erum ekkert að innræta föngum neina nýja lífsskoðun. Það hefur lítið upp á sig því að flestir fanganna eru þrælakyn og einungis örfáir gæddir skapfestu. Fólk af þrælakyni hlyðir öllu því sem af því er krafist til þess eins að sýnast, og það stendur ekki á því að bergmála boðskapinn úr *Völkischer Beobachter* [aðalmálgagn Nasistafloksins], án þess að raunveruleg viðhorf þess hafi breyst í einu eða neinu. Þess vegna tuktum við mannskapinn til með aga. Þar er byrjað á því að láta þetta fólk búa í tandurhreinum skálum. Slíkt er ekki á færi neinna annarra en okkar Þjóðverja; þar skákum við trúlega öllum öðrum í mannúð.

Heimild: Stig Jonasson, *Sådan var nazismen*. Samlerens forlag 1967.

Við stríðsglæparéttarhöldin í Nürnberg gaf Rudolf Höss, yfirmaður útrýmingarbúðanna í Auschwitz, eftirfarandi vitnisburð eiðsvarinn.

Allar götur frá árinu 1934 starfaði ég á vettvangi yfirstjórnar fangabúðanna. Ég var í Dachau til ársins 1938, aðstoðarbúðastjóri í Sachsenhausen frá 1938 og til 1. maí 1940, þegar ég var útnefndur yfirmaður búðanna í Auschwitz. Þar hélt ég um stjórnartaumana til 1. desember 1943 og reikna með að þar hafi að minnsta kosti hálf þriðja milljón manna verið tekin af lífi og eytt með gasi og líkbrennslu; því til viðbótar dó að minnsta kosti hálf milljón úr hungri og sjúkdómum af ýmsu tagi. Þannig fer heildartala fórnarlambanna upp í um það bil þrjár milljónir. Sú tala nemur 70–80% allra þeirra fanga sem sendir voru til Auschwitz; afgangurinn var valinn úr hópnum og nýttur til þrælkunarfvinnu í verksmiðjum á vegum búðanna. Meðal þeirra sem dreppni voru með gasi og brenndir voru um 20.000 rússneskir stríðsfangar [þá hafði Gestapo áður valið úr hópi vistmannna í stríðsfangabúðum]. Í hópi fórnarlambanna voru líka um 100.000 þýskir gyðingar og fjölmargir hollenskir, franskir, belgískir, pólskir, ungverskir, tékkóslóvakískir og grískir ríkisborgarar, auk fólks frá öðrum löndum. Að meginuppistöðu til var hér um gyðinga að ræða. Við tókum að minnsta kosti 400.000 ungverska gyðinga af lífi Auschwitz sumarið 1944.

Heimild: L. Poliakov og J. Wulf, *Das dritte Reich und die Juden*. Dokumente und Aufsätze. Arani 1955.

Athugunarefni

1. Aflaðu þér ítarlegri upplýsinga um Heinrich Himmler – uppruna hans, feril og stöðu í valdakerfi nasista.
2. Hver voru rök Himmlers fyrir nauðsyn fangabúðakerfisins?
3. Aflaðu þér meiri upplýsinga um SS-samtökin og það hlutverk sem þau komu smátt og smátt til með að gegna í valdakerfi nasista.
4. Taktu saman pistil um Rudolf Höss og feril hans.

Heimildir: Pétur Ólafsson, „Frelsi viljans í Þriðja ríkinu“, *Sagnir*. Tímarit um söguleg efni. 25. árg. 2005, bls. 18–22.

Að auki skal bent á Netið.

„Endanleg lausn gyðingavandamálsins“ („die Endlösung“)

Árið 1941 fól Hermann Göring einum hæst setta foringja öryggislöggreglunnar og Gestapo, Reinhard Heydrich, að hefja undirbúnning að „endanlegri lausn gyðingavandamálsins“. Hér fer á eftir útdráttur úr greinargerð sem send var hátt settum embættismönnum og starfsmönnum Nasistaflokkins árið 1942.

Að fengnu samþykki foringjans má nú gera ráð fyrir einum kosti til viðbótar til lausnar málsins. Sá kostur kæmi þá í stað brottflutnings gyðinga til annarra landa og fæli í sér flutning þeirra í austurveg.

Slíkar aðgerðir yrðu þó einungis til bráðabirgða þó að við búum nú þegar yfir reynslu sem mun nýtast vel við endanlega lausn gyðingavandamálsins. Hvað endanlega lausn gyðingavandamálsins í Evrópu varðar má ætla að hún taki til um ellefu milljóna manna. (...)

Þáttur í þessari endanlegu lausn verður að nýta vinnufl gyðinganna í austurvegi með þeim hætti sem henta bykir og kostur er á. Settir verða á laggirnar stórir vinnuflokkar þar sem körlum og konum verður haldd aðskildum. Þeir gyðingar sem vinnufærir eru verða settir til verka við vegagerð meðan á flutningi þeirra stendur til endanlegs ákvörðunarstaðar í austurvegi. Verði þessi háttur hafður á munu flestir þeirra vafalaust deyja eðlilegum dauðdaga.

Þeir sem kunna að lifa þessa vegferð af, og þar er væntanlega um að ræða þá sem búa yfir mestu úthaldi og seiglu, fá síðan viðeigandi afgreiðslu. Þann hóp mætti kenna við náttúruval, og að fengnu frelsi gæti hann orðið vaxtarbroddur nýs gyðingasamfélags (sbr. reynslu fortíðarinnar). Í tengslum við framkvæmd lausnarinnar endanlegu verður Evrópa finkembd allt frá Atlantshafi til Úralfjalla.

Athugunarefni

1. Hvaða aðgerðum átti skv. skjali þessu að beita gegn gyðingum?
2. Hvaða „líffræðilegu“ rök eru þar borin fram til stuðnings markaðri stefnu?

#2. Skráð hefur verið á bók frásögn Íslendings sem hreppti það hlutskipti að sitja í fangabúðum nasista og komast þar naumlega af. – Hér er átt við Leif Müller og bókina *Býr Íslendingur hér?*

Hópur nemenda kynni sér þessa bók og kynni hana síðan fyrir samnemendum sínum.

#3. Ung gyðingastúlka, Anna Frank, hefur í vitund margra orðið persónugervingur þeirra mörgu sem fórust í helförinni. Hún létt eftir sig dagbók sem hún skráði meðan fjölskylda hennar var í felum og fannst dagbókin eftir að hún var tekin höndum. – Hópur nemenda kynni sér dagbókina og kynni hana síðan fyrir samnemendum sínum. Bókin er til í íslenskri þýðingu.

#4. Til eru á íslensku nokkrar þyddar reynslusögur úr fangabúðum nasista. – Einstakir nemendur eða hópur/hópar nemenda annist bókarkynningu á einhverjum slíkum verkum.

II.8 Síonisminn og stofnun Ísraelsríkis. Önnur ríki í Austurlöndum nær

Atriði til athugunar í texta

- °1. Upphaf og þróun sionismans.
- °2. Dreyfusmálið.
- °3. Hvað fólst í Balfourfirlýsingunni?
- °4. Glöggvaðu þig á valdatafli Bretta með lönd og þjóðir í Austurlöndum nær á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri.
- °5. Glöggvaðu þig á hvað varð um skattlönd Tyrkja í Austurlöndum nær eftir heimsstyrjöldina fyrri.
- °6. Hvaða þættir urðu einkum til þess á árunum milli stríða að þoka Austurlöndum nær inn á vettvang heimsstjórnarmálanna?
- °7. Taktu saman yfirlit yfir þróun mála í Palestínu undir umboðsstjórn Bretta á millistríðsárunum.
- °8. Hver urðu viðbrögð Bretta við vaxandi spennu og átökum milli gyðinga og araba í Palestínu?
- °9. Samtökin Irgun og Stern og hvernig þau létu til sín taka.
- °10. Stofnun Arababandalagsins árið 1945.
- °11. Stofnun Ísraelsríkis og nánasti aðdragandi hennar.
- °12. Styrjöld Ísraelsmanna og arabaríkjanna 1948–49.

- °13. Staða Egyptalands eftir fyrra stríð og þróun mála þar fram á sjötta áratug 20. aldar.
- °14. Glöggvaðu þig á stöðu og þróun mála í Írak, Jórdaníu, Sýrlandi og Líbanon.
- °15. Tilkoma sjálfstæðs ríkis á Arabíuskaga.
- °16. Glöggvaðu þig á þróun mála í Íran á 20. öld fram að klerkabyltingunni árið 1979.
- °17. Rýndu í tölfraðiefnið sem fylgir kaflanum.

Heimildaverkefni

Hér á eftir fara nokkrir heimildatextar er varða sögu Austurlanda nær á fyrri hluta 20. aldar. – Kynntu þér þessar heimildir og gaumgæfðu hvaða ljósi þær geta varpað á sögu þessa heimshluta á umræddu tímabili.

*1. Glöggvaðu þig nánar á tilurð síonismans á grundvelli þeirra heimilda sem hér fylgja á eftir:

I. Stefnumörkun fundarins í Basel 1897

Síonistar héldu fyrsta þing sitt árið 1897 og fer brot úr fundargerð þess hér á eftir.

Síonistar stefna að því að búa til í Palestínu samastað fyrir gyðinga sem tryggir þeim ríkisréttindi. Þingið (fundurinn) bendir á eftirfarandi leiðir til að ná því marki:

1. Gyðingar sem eru bændur, handverksmenn og atvinnurekendur stuðli að þessu með því að taka sér þar búsetu.
2. Gyðingar hvarvetna bindist samtökum og skipuleggi sig í þessu skyni að svo miklu leyti sem landslög leyfa á hverjum stað.
3. Gyðingar eflí og rækti þjóðvitund sína og þjóðerniskennnd.
4. Hafist verði handa við að afla stuðnings einstakra ríkisstjórna við að gera markmið síonista að veruleika.

Heimild: *Imperialisme og nationalisme i Det mellemste Østen 1914–1921 I. Útg. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1968, bls. 55.*

II. Útdráttur úr bókinni Gyðingarákið

Ef til vill gætum við samlagast þjóðunum sem við búum meðal, ef við yrðum látnir óáreittir eina eða tvær kynslóðir. Við fáum bara aldrei að vera í friði. Eftir stutt tímabil umburðalyndis vaknar fjandskapinn í okkar garð stöðugt aftur. Velgengni okkar virðist espá ýmsa upp því að samkvæmt ríkjandi viðhorfum höfum við ætíð verið álitin fyrirlitlegust allra hinna fátæku í heiminum. Þannig hafa menn af fáfræði og þróngsýni ekki tekið eftir því að velgengni skaðar okkur sem gyðinga og burrkar út sérstöðu okkar. Aðeins þrýstingur færir okkur í sama farið, aðeins hatur umhverfisins gerir okkur aftur að framandi mönnum.

Þannig erum við og verðum hópur með sögu og skýra samkennd. Við erum sérstök þjóð – óvildarmenn okkar hafa séð til þess gegn vilja okkar eins og sagan vottar svo skýrt. Við stöndum saman á neyðarstundu og uppgötvum þá skyndilega hvað við erum sterkt. Já, við höfum styrk til að byggja upp ríki, jafnvel

fyrirmyndarríki. Við höfum allt það til brunns að bera, öll þau mannúðlegu og málefnalegu rök, sem til þarf.

...
Gefið okkur fullveldi yfir ákveðnu landssvæði, sem gætir nægir þjóð okkar og þá skulum við sjá um framhaldið.

...
Hvor kosturinn er álitlegri Argentína eða Palestína? ...

Palestína er hið ógleymalæg sögulega heimkynni okkar. Nafnið eitt og sér er mjög öflugt sameiningartákn í eyrum þjóðar okkar. Ef tyrkjasoldánn gæfi okkur eftir Palestínu myndum við í staðinn rétta úr fjármálum Tyrkjaveldis fyrir hann. Þegar við værum sest þar að, yrðum við hluti af varnarveggnum gegn þjóðum Asíu og þar með útverðir siðmenningarinnar gegn villimennskunni. Sem hlutlaust ríki værum við í tengslum við alla Evrópu og ríki álfunnar yrðu þá að tryggja tilverurétt okkar. Það hlýtur að vera hægt samkvæmt alþjóðalögum að tryggja sérstaka réttarstöðu hinna kristnu helgistaða. Við myndum slá skjaldborg um helgistaðina og hætta lífinu til að standa við gefin fyrirheit í því efni. Eftir 18 alda kvalræði yrði sú varðstaða skýrasta merkið um lausn gyðingavandamálsins.

Heimild: *Imperialisme og nationalisme i Det mellemste Østen 1914–1921* I. Útg. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1968.

*2. Kynntu þér efni eftirfarandi heimilda sem hvor um sig markar veigamikinn áfanga á vegferð síonista til stofnunar ríkis gyðinga.

III. Balfourfirlýsingin

Utanríkisráðuneytinu, 2. nóvember 1917

Kæri Rothschild lávarður.

Af hálfu ríkisstjórnar hans hátignar er það mér mikil ánægja að tilkynna yður eftirfarandi stuðningsyfirlýsingu við væntingar síonískra gyðinga sem lögð hefur verið fyrir og samþykkt af ríkisstjórninni:

Ríkisstjórn hans hátignar er meðmælt stofnun þjóðarheimkynnis gyðinga í Palestínu og mun af fremsta megni leitast við að auðvelda framkvæmd þeirrar hugmyndar að því tilskildu að ekkert það verði aðhafst sem haggað geti borgaralegum og trúarlegum réttindum þeirra samfélaga í Palestínu sem ekki eru af gyðingastofni né heldur réttindum og pólitískri stöðu gyðinga í nokkru öðru landi.

Ég yrði yður þakklátur ef þér létuð Síonistasambandið vita af þessari yfirlýsingu.

Virðingarfallst,

Arthur James Balfour

Heimild: *Imperialisme og mationalisme i Det mellemste Østen 1914–1921* I. Útg. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1968.

IV. Útdráttur úr skilmálaskránni fyrir umboðsstjórn Bretta í Palestínu frá 24. júlí 1922

(...)

2. grein: Umboðsríkið ber ábyrgð á því, pólitískt, stjórnarfarslega og efnahagslega, að unnt verði að koma á fót þjóðarheimkynnum Gyðinga í Palestínu. Því ber

jafnframt að undirbúa landsmenn undir sjálfstjórn og tryggja borgaraleg og trúarleg réttindi allra íbúa landsins án tillits til trúar og kynþáttar (...)

4. grein: Sérstök miðstöð Gyðinga skal njóta opinberrar viðurkenningar sem ráðgefandi aðili fyrir umboðsstjórnina í Palestínu og vera samstarfsaðili hennar við úrlausn efnahags- og félagsmála, svo og í öllum þeim málum örðrum, er lúta að stofnun þjóðarheimkynna og hagsmunum Gyðinga í landinu. Þá er miðstöðinni ætlað að aðstoða við og taka þátt í þróun landsins, undir forræði umboðsstjórnarinnar. Bandalagi síonista er falið að vera í fyrirsvari slíkrar miðstöðvar, svo fremi umboðsríkið telji það hafa til þess burði.

(...)

6. grein: Umboðsstjórninni ber að greiða fyrir innflutningi Gyðinga til Palestínu með viðeigandi aðgerðum, en jafnframt skal þess gætt, að réttindi og staða annarra íbúa landsins verði ekki fyrir borð borin...

7. grein: Umboðsstjórnin í Palestínu skal sjá til þess, að sett verði þjóðernislöggjöf. Sú löggjöf skal hafa að geyma ákvæði, sem auðvelda Gyðingum, sem setjast að í Palestínu, að fá borgarárétt í landinu.

(...)

22. grein: Enska, arabíska 1) og hebreiska skulu vera opinber tungumál í Palestínu. Allar tilkynningar á arabísku, svo og áletranir á frímerkjum og mynt, skulu einnig skráðar á hebreisku og tilkynningar og áletranir á hebreisku skulu einnig birtar á hinu málinu. (...)

27. grein: Þjóðabandalagið verður að samþykkja allar breytingar á umboðsskilmálunum.

1) Vísun til arabískrar tungu hér í textanum er eina dæmi þess, þó með óbeinum hætti, að gefið sé til kynna að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna voru Arabar.

Heimild: *Palæstinaspørgsmålet 1922–1955*. Fra britisk mandat til Nassers våbenkøb. Útg. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1973.

*3. Þegar kom fram á fjórða áratug síðustu aldar varð Bretum ljóst að þeir voru að komast í ógöngur með stefnu sína í málefnum Palestínu. Þeir brugðust þá við með útgáfu svokallaðrar Hvítbókar um málið. – Glöggvaðu þig á afstöðu Bretta til Palestínumálsins og hugmyndum þeirra um framtíð landsins eins og þetta hvort tveggja birtist í eftirfarandi útdráetti úr Hvítbókinni.

V. Hvítbók bresku ríkisstjórnarinnar frá 17. maí 1939

I. Stjórnarskráin

(...)

4. Því hefur verið haldið fram, að orðalagið „þjóðarheimkynni Gyðinga“ fæli í sér þann möguleika, að Palestína gæti einhvern tímann í framtíðinni orðið ríki Gyðinga eða gyðinglegt samfélag ... Ríkisstjórn hans hátignar lýsir því hér með yfir afdráttarlaust, að hún stefnir ekki að því að gera Palestínu að Gyðingaríki. Hún lítur þvert á móti svo á, að slík þróun stríddi gegn þeim skuldbindingum, sem hún hefur undirgengist skv. umboðsskilmálunum ...

10. ... Hvað varðar framtíðaráform bresku stjórnarinnar varðandi stjórn Palestínu vill hún taka fram eftirfarandi:

a) Breska stjórnin stefnir að því að stofna sjálfstætt ríki í Palestínu innan tíu ára ...
Tillagan um stofnun sjálfstæðs ríkis felur í sér, að hafa verður Þjóðabandalagið með í ráðum að því er varðar slit umboðsstjórnarsamningsins.

b) Í sjálfstæðu Palestínuríki komi jafnt Arabar sem Gyðingar að landstjórninni með þeim hætti, að grundvallarhagsmunir beggja samfélaganna verði tryggðir.

c) Veittur verður aðlögunartími áður en stofnun sjálfstæðs ríkis kemur til framkvæmda. Á því tímabili verður endanleg ábyrgð á landsstjórninni í höndum ríkisstjórnar hans hátignar ... (...)

II. Innflutningurinn

13. (...) Allt frá því að Balfouryfirlýsingin var gefin út hefur það verið von bresku stjórnarinnar, að Arabar í Palestínu myndu smátt og smátt sættast á stækkan gyðingasamfélagsins í landinu í ljósi þess hve búseta Gyðinga þar hefur orðið því til framdráttar. Sú von hefur ekki raest. Því stendur stjórn hans hátignar nú frammi fyrir tveimur kostum:

1) Að stækka gyðingasamfélagið enn ferkar með því að leyfa ótakmarkaðan innflutning í algerri óþökk Araba í landinu.

2) Að heimila því aðeins frekari innflutning Gyðinga, að Arabar ljái máls á honum ...

Að vel athugðu máli hefur breska stjórnin ákveðið að taka síðari kostinn, og er þá horft til þess hve mjög hefur verið stutt við myndun þjóðarheimkynnis Gyðinga síðustu two áratugina.

14. (...) Næstu fimm ár skal fjöldi innflytjenda af gyðingaættum miðast við, að hlutdeild Gyðinga af heildaríbúatölu landsins nálgist þriðjung ... Við mat á þessu skal einnig horft til væntanlegrar náttúrulegrar fjölgunar beggja þjóðanna, Araba og Gyðinga, svo og ólöglega gyðingainnflytjenda, sem nú eru í landinu. Þá verður niðurstaðan sú, að næstu fimm árin geti 75 þús. Gyðingar flust til Palestínu. (...)

Að liðnu þessu fimm ára tímabili verður ekki heimilaður frekari flutningur Gyðinga til landsins, nema samþykki Araba í Palestínu komi til.

Þá er ríkisstjórn hans hátignar staðráðin í að stöðva ólöglegan innflutning fólks og verður gripið til viðeigandi aðgerða í því skyni ...

III. Jarðnæðismálin

Ýmsar rannsóknarnefndir hafa í skýrslum sínum bent á, að Arabar geti ekki látið meira jarðnæði af hendi. Kemur þar til annars vegar fólkssjöfugun meðal Araba og hins vegar áframhaldandi sala á arabísku landi til Gyðinga á vissum svæðum undangengin ár. Annars staðar verður að takmarka slík eigenda- og umráðaskipti, ef lífskjör Araba eiga ekki að rýrna frá því sem nú er og koma á í veg fyrir, að til verði stór hópur jarðnæðislausra sveitaröreiga í röðum Araba.

Heimild: *Palæstinaspørgsmålet 1922–1955*. Fra britisk mandat til Nassers våbenkøb. Útg. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1973.

*4. Kynntu þér meðfylgjandi útdrátt úr ályktun Sameinuðu þjóðanna um skiptingu Palestínu frá 29. nóvember 1947.

VI. Ályktun Sameinuðu þjóðanna um skiptingu Palestínu frá 29. nóvember 1947 1)

A. Um lok umboðsstjórnarinnar, skiptingu landsins og sjálfstæði

1. Umboðsstjórninni í Palestínu skal ljúka svo fljótt sem auðið er og undir engum kringumstæðum síðar en 1. ágúst 1948.

2. Umboðsstjórnarríkið skal hverfa með herafla sinn brott frá Palestínu í áföngum ...

Einkum er lögð áhersla á, að umboðsstjórnaraðilinn rými sem skjótast svæði í væntanlegu gyðingaráki, þar sem er höfn með baklandi, svo greiða megi fyrir umtalsverðum innflutningi fólks...

3. Stofnað verði sjálfstætt ríki Araba, sjálfstætt ríki Gyðinga og komið á laggirnar sérstakri alþjóðlegri stjórn yfir Jerúsalem.

B. Aðgerðir til undirbúnings sjálfstæði Palestínu

1. Setja skal á fót sérstaka nefnd, sem skipuð verði einum fulltrúa fyrir hver fimm aðildarríki SP...
2. Nefnd þessi skal taka við stjórn Palestínu stig af stigi eftir því sem brotflutningi á herafla umboðsstjórnarríkisins vindur fram...
3. Þegar nefndin kemur til Palestínu á hún að hefjast handa um að draga upp landamæri fyrir ríki Araba, ríki Gyðinga og borgina Jerúsalem...

1) Þessi ályktun var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 13 á allsherjarþinginu, en fulltrúar tíu þjóða sátu hjá. Bandaríkjumenn, Frakkar og Sovétmenn studdu ályktunina, en Bretar sátu hjá.

Heimild: *Palæstinaspørsgsmålet 1922–1955*. Fra britisk mandat til Nassers våbenkøb. Ritstj. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1973.

*5. Kjarni Palestínudeilunnar er spurningin um réttinn til landsins. Eftirfarandi þrjár heimildir gefa til kynna sjónarmið Araba og Gyðinga gagnvart stofnun Ísraelsríkis 1948. Nemendur kynni sér þessar heimildir, einir sér eða í hópvinnu, til að fá sem skýrasta mynd af viðhorfi aðila til hugmynda um skiptingu Palestínu og stofnun ríkis gyðingum til handa.

VII. Rétturinn til Palestínu

Útdráttur úr yfirlýsingu Æðstaráðs Araba frá marsmánuði 1946

Allir Arabar eru og munu verða andvígir þeim innflutningi og landnámi Gyðinga, sem þróngvað hefur verið upp á þá, og einnig hugmyndum um stofnun Gyðingaráki í Palestínu.

Við byggjum þessa andstöðu fyrst og fremst á rétti okkar. Arabarnir í Palestínu eiga ættir að rekja til upphaflegra íbúa landsins, sem átt hafa hér heima frá því í árdaga. Þeir geta ekki fallist á, að heimamenn verði gegn vilja sínum lagðir undir stjórn utanaðkomandi innflytjenda, sem byggja kröfur sínar á sögulegum aðstæðum, sem liðu undir lok fyrir mörgum oldum.

Arabar eru líka meirihluti íbúa Palestínu og þessi meirihluti getur ekki látið yfir sig ganga innflytjendapólitík, sem verður þess valdandi, ef svo heldur áfram sem horfir, að Arabar breytist úr meirihluta í minnihlutabjóð í framandi ríki. Við krefjumst þess, að virtur verði lýðræðislegur réttur meirihlutans til að taka sínar eigin ákvarðanir í mikilvægum málum, sem verða sjálfa tilveru þjóðarinnar (...)

Arabar lýsa afdráttarlausri andstöðu við siónismann sem stjórnmalastefnu, en þeir bera engan kala í garð gyðinga sem hóps né heldur til þeirra samborgara sinna í Palestínu, sem eru af gyðinglegu bergi brotnir. Þeir Gyðingar, sem þegar hafa sest að í Palestínu og hafa fengið eða eiga eftir að fá palestínsk borgararéttindi á lögformlegan hátt, munu öðlast ríkisborgararétt í palestínsku ríki (...)

Hugmyndin um að skipta landinu og stofna ríki Gyðinga í hluta Palestínu er óásættanleg, og sama er að segja um hugmyndina um að stofna ríki Gyðinga í öllu landinu (...)

Það er í reynd engin leið að draga upp landamæri, sem ekki fælu í sér, að fjölmennur minnihluti Araba yrði í ríki Gyðinga. Slíkur minnihluti er ekki reiðubúinn

að undirgangast af fúsum og frjálsum vilja að lúta stjórn siónista né heldur mundi hann sætta sig við að vera fluttur nauðungarflutningum til ríkis Araba.

Þá er ljóst, að skipting landsins er ekkert lokatakrík í augum siónista. Sú vísa verður ekki of oft kveðin, að pólitískt markmið siónismans er að ná yfirráðum yfir allri Palestínu. Að rétta þeim litla fingurinn með því að fá þeim til umráða hluta af Palestínu jafngildir hvatningu til þeirra um að taka alla höndina (...)

(...) Arabar vilja vinna að því að komið verði á fót lýðræðislegri ríkisstjórn Palestínu, stjórn, sem er fulltrúi allra íbúa landsins og tryggir, að þeir njóti allir fulls jafnréttis.

Heimild: Bender-Gade, *Stormagtspolikken 1945–1982 belyst ved kilder*. Khöfn 1983.

Fordæming ríkisstjórna Arabaríkjanna á ályktun Sameinuðu þjóðanna um skiptingu Palestínu. Yfirlýsing frá 17. desember 1947.

(...) Allsherjarþingið hefur látið grundvallaratriði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna lönd og leið. Það leggur til, að Palestínu verði skipt og þar verði stofnað ríki Gyðinga. Með þeirri samþykkt hefur það lítilsvirt þann rétt, sem allar þjóðir eiga, að ráða sínum málum og gera sjálfar út um framtíð sína (...)

Stjórnir ríkja Arababandalagsins eiga samstöðu með íbúum ríkja sinna um að hrinda þeim órétti, sem arabísk bræðrabjóð hefur þannig verið beitt, og um að gera henni kleift að verja hagsmuni sína og öðlast sjálfstæði í óskipri Palestínu. Oddvitar ríkisstjórnanna í bandalagsríkjunum og fulltrúar þeirra hafa á fundi sínum í Kairó ályktað um að skiptingin sé lögleysa. Í samræmi við vilja almennings í löndum sínum hafa þeir einnig samþykkt að grípa til allra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru til, með Guðs hjálp, að gera að engu hin rangláttu áform um skiptingu Palestínu og tryggja um leið rétt Araba þar.

Útdráttur úr sjálfstæðisyfirlýsingu Ísraelsríkis frá 14. maí 1948

Landið Ísrael var vagga gyðingaþjóðarinnar. Hér mótaðist andleg, trúarleg og þjóðleg vitund hennar. Hér urðu Gyðingar sjálfstæð þjóð og skópu þjóðlega menningu, sem hefur gildi fyrir mannkyn allt. Hér rituðu þeir Biblíuna og gáfu umheiminum þá helgu bók.

Þótt gyðingaþjóðin væri útlæg ger frá föðurlandi sínu hélt hún tryggð við það og hætti aldrei að vona og biðja til Guðs, að henni mætti auðnast að snúa heim og endurreisa sjálfstætt ríki sitt. (...)

Seinustu áratugi hafa fjölmargir Gyðingar snúið heim. Þeir hafa ræktað upp eyðimörkina, endurvakið forna tungu sína, reist borgir og þorp og lagt grunninn að öflugu og bróttmiklu samfélagi með sjálfstæðu efnahags- og menningarlfí. (...)

Arið 1897 lýsti fyrsta alþjóðaþing siónista yfir rétti gyðingaþjóðarinnar til nýrrar þjóðartilveru í eigin landi og byggði þar á framtíðarsýn Theodórs Herzls um ríki Gyðingum til handa.

Balfourýfirlýsingin frá 2. nóvember 1917 staðfesti þennan rétt og hann var áréttáður í umboðsskilmálum þjóðabandalagsins, sem fólu í sér skýra alþjóðlega viðurkenningu á sögulegum tengslum gyðingaþjóðarinnar við Palestínu (...)

Sú helför, sem nýlega eyddi í eldslogum milljónum Gyðinga í Evrópu, sannaði enn og aftur nauðsyn þess að leysa þann vanda, sem í því felst, að gyðingaþjóðin á sér ekki heimkynni og að hún fær ekki notið sjálfstæðis. Það verður aðeins gert með því að stofna að nýju ríki Gyðinga. Þetta ríki á að vera opíð öllum Gyðingum og tryggja gyðingaþjóðinni jafnrétti við aðra í þjóðafjölskyldu heimsins. (...)

Hinn 29. nóvember 1947 samþykkti allsherjarþing SP ályktun um stofnun ríkis Gyðinga í Eretz-Israel, þ.e. landinu Ísrael (...). Pessi viðurkenning Sameinuðu þjóðanna á rétti gyðingaþjóðarinnar til ríkisstofnunar verður ekki aftur tekin.

Eins og allar aðrar þjóðir eiga Gyðingar náttúrlegan rétt til að njóta sjálfstæðis í eigin ríki (...). Því lýsum við hér með yfir stofnun gyðingarárkis í Palestínu, sem heita

skal Ísrael. (...) Ísraelsríki mun standa opið innflytjendum úr hópi Gyðinga, hvar svo sem þeir kunna að búa í útlegð, og það mun reisa tilveru sína á meginreglum frelsis, réttlætis og friðar, eins og þær birtast hjá spámönum Ísraelsþjóðarinnar. Þá mun ríkið tryggja öllum borgurum sínum fullt félagslegt og pólitískt jafnrétti án tillits til kynþáttar, trúarbragða eða kynferðis ... og vernda helgistaði allra trúarbragða. Ennfremur mun ríkið hlíta að fullu ákvæðum stofnskrár Sameinuðu þjóðanna (...) Við skorum á SP að veita gyðingaþjóðinni stuðning við að byggja upp ríki sitt, og veita Ísrael aðild að samtökunum (...)

Við hvetum alla Gyðinga hvar sem er í heiminum til að fylkja sér með okkur til að efla innflutning til landsins og þróun samfélagsins og veita okkur fulltingi í úrslitabaráttunni fyrir að gera draum kynslóðanna um frjálst Ísrael að veruleika (...)

Heimild: *Palæstinaspørgsmålet 1922–1955*. Fra britisk mandat til Nassers våbenkøb. Ritstj. Åge Fasmer Blomberg og Ellen Pedersen. Khöfn 1973.

III. KALDA STRÍÐSÁR

III.1 Kalt stríð, vígbúnaðarkapphlaup, ógnarjafnvægi

Atriði til athugunar í texta

- °1. Hvað var Manhattanáætlunin?
- °2. Hvaða andstæð sjónarmið hafa verið uppi meðal sagnfræðinga um ástæður þess að Bandaríkjumenn ákváðu að varpa kjarnorkusprengjum á Japan?
- °3. Glöggvaðu þig á þeim hugmyndafræðilegu andstæðum sem voru milli risaveldanna tveggja.
- °4. Glöggvaðu þig á hernaðarstöðu Bandaríkjanna og bandamanna þeirra annars vegar og Sovétmanna hins vegar á upphaffsskeiði kalda stríðsins.
- °5. Við hvað er átt þegar talað er um fælingarmátt kjarnorkuvopna?
- °6. Við hvað er átt með hugtakinu taktísk kjarnorkuvopn?
- °7. Við hvað er átt með hugtakinu aleflisandsvar („massive retaliation“)?
- °8. Hvað sagði sú staðreynd, að Sovétmenn gátu komið gervihnetti á braut umhverfis jörðu, um hernaðargetu þeirra?
- °9. Gerðu stutt yfirlit í tímaröð um þróun geimferðakapphlaupsins á upphafsárum þess.
- °10. Nálægt 1960 kom fram herfræðikenning sú sem kennd hefur verið við sveigjanlegt andsvar („flexible response“). – Hvert var baksíð hennar, hvað fól hún í sér og hver urðu áhrif hennar á víg búnaðarkapphlaupið og hernaðarútgjöld risaveldanna?
- °11. Fyrir hvað stendur enska skammstöfunin MAD og hvað hefur þetta fyrirbæri verið nefnt á íslensku?
- °12. Taktu saman annáll helstu atburða / áfanga í sögu Víetnams frá því landið varð frönsk nýlenda og þar til Víetnamstríðið fyrra hófst.
- °13. Víetnamstríðið fyrra: Upptök þess, gangur og niðurstöður.
- °14. Hvaða ákvarðanir voru teknar á Genfarráðstefnunni um Indókína árið 1954 og hvað varð til þess að ákvarðanir hennar komust ekki í framkvæmd nema að takmörkuðu leyti?
- °15. Stofnun Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Suður-Víetnam (FNL) árið 1960 og viðbrögð Saigonstjórnarinnar og Bandaríjamanna við baráttu hennar.

- °16. Glöggvaðu þig á hernaði Bandaríkjamanna í Víetnam í Vietnamstríðinu síðara og viðbrögðum umheimsins við honum?
- °17. Tetsókn Þjóðfrelsisfylkingarinnar í ársbyrjun 1968: Markmið, árangur, áhrif.
- °18. Hvaða stefnu fylgdi Richard Nixon í Víetnam?
- °19. Hvernig lauk átökunum í Víetnam?
- °20. Glöggvaðu þig á þeirri þróun sem átt hefur sér stað í Víetnam að stríði loknu.
- °21. Hvaða áherslubreyting varð af hálfu Sovétmanna í togstreitu risveldanna á sjöunda og áttunda áratugi liðinnar aldar?
- °22. Glöggvaðu þig á Kongódeilunni og eftirmálum hennar.
- °23. Glöggvaðu þig á endalokum nýlenduveldis Portúgala í Afríku og einkum þá átökunum í Angóla.
- °24. Umbrotin á austurhorni Afríku á áttunda áratugi síðustu aldar.
- °25. Glöggvaðu þig á þróun mála í Afganistan á 20. öld fram að byltingunni árið 1978.
- °26. Hverjar voru áherslur byltingarstjórnarinnar í Afganistan og hvaða viðbrögð vakti stefna hennar heima fyrir?
- °27. Viðbrögð umheimsins og þá sér í lagi Bandaríkjamanna, við hernaði Sovétmanna í Afganistan?
- °28. Hver voru kjarnaatriðin í greiningu Ronalds Reagans á ástandinu í alþjóðamálum þegar hann tók við forsetaembætti í Bandaríjunum?

Umræðuefni

- #1. Upptök kalda stríðsins og túlkanir „skólanna“ þriggja á þeim. Nýtið eftirfarandi texta sem hluta af umræðugrundvellinum auk umfjöllunarinnar í námsbókinni og frekari heimilda sem kennari kann að benda á.

Prósentusamningurinn

Snemma í október 1944 flaug Winston Churchill til Moskvu í því skyni að ræða úrlausn ýmissa mála að stríði loknu – þar á meðal hvernig haga skyldi skipan mála í Austur- og Suðaustur-Evrópu. Hinn 9. október varð „prósentusamningurinn“ til á fundi þeirra Stalíns. Daginn eftir breytti Molotov prósentutölunum fyrir Búlgaríu og Ungverjaland til hagsbóta fyrir Sovétríkin.

Við stigum frá borði í Moskvu síðdegis hinn 9. október. Þar tóku Molotov og margir aðrir rússneskir framámann hjartanlega og með mestu viðhöfn á móti okkur. Að bessu sinni gistum við í borginni sjálfri og var ekkert til sparað að vel færí um okkur. Mér var búin vist í litlu húsi þar sem allt var til alls og Anthony [Eden, utanríkisráðherra] gisti í öðru húsi þar rétt hjá. Við vorum fegnir því að geta snætt

kvöldverð saman og hvílt okkur. Klukkan tíu um kvöldið var fyrsti mikilvægi fundurinn haldinn í Kreml ...

Tími var til kominn að taka af skarið, svo að ég sagði: „Við skulum ganga frá því hvernig málum verður fyrir komið á Balkanskaga. Rauði herinn er í Rúmeníu og Búlgariu. Við eignum þar hagsmuna að gæta og þar eru erindrekar okkar og leyniþjónustunnar. Við skulum ekki láta eitthvert smáraði valda árekstrum milli okkar. Ef við tökum Bretland annars vegar og Sovétríkin hins vegar, hvað segir þú um að Sovétríkin hafi 90% áhrif í Rúmeníu en við aftur 90% áhrif í Grikklandi, og helmingaskipti verði viðhöfð i Júgóslavíu? Meðan verið var að þýða orð míni krotaði ég eftirfarandi niður á blað:

Rúmenía

Sovétríkin	90%
Vesturveldin	10%

Grikkland

Bretland	90%
(í samráði við Bandaríkjumenn)	
Sovétríkin	10%

Júgóslavía Helmingaskipti

Ungverjaland

Helmingaskipti

Búlgaría

Sovétríkin	75%
Vesturveldin	25%

Ég ýtti blaðinu með þessum tölum yfir til Stalíns sem þá var búinn að hlýða á þýðinguna. Það varð andartaksþögn. Síðan tók hann upp bláan blyant, krotaði stórt merki á blaðið til samþykkis og rétti okkur það aftur. Það fór ekki lengri tími í að afgreiða málið en það tók að setja hugmyndina á blað.

Auðvitað vorum við búinir að íhuga afstöðu okkar vel og vandlega og hér var einungis verið að ræða um hvað við tæki fyrsta kastið eftir að stríðinu lyki. Það var skilningur beggja aðila að beðið yrði með allar stærri ákvarðanir til lengri framtíðar þar til á friðarfundi sem vonir stóðu til að haldinn yrði að unnum sigri í stríðinu.

Að þessu búnu varð löng þögn á fundinum. Blaðið með samþykkismerkinu lá á miðju borðinu. Eftir drykklanga stund sagði ég: „Væri ekki hægt að leggja okkur til lasts, ef halda mætti því fram að við hefðum haft fljótaskrift á úrlausn þessara mála sem varða milljónir fólks svo miklu? Við skulum brenna þennan bleðil“. „Nei, geymdu hann,“ mælti Stalín þá.

Winston Churchill, *Triumph and Tragedy*, Boston 1954, bls. 226–28.

Upptök kalda stríðsins: Sjónarmið rétttrúnaðarsinna

Fulltrúi rétttrúnaðarsinna hér er sagnfræðingurinn Arthur Schlesinger.

Greining á upptökum kalda stríðsins sem horfir fram hjá eftirtöldum þáttum hlýtur augljóslega að vera takmörkunum háð. Þessir þættir eru ósveigjanleikinn í hugmyndafræði lenínismans, óhugnanlegur óútreiknanleiki alræðisríkisins og brjálsemit Stalíns. Það voru þessir þættir sem gerðu það að verkum að erfitt var fyrir vesturveldin að fallast á þá kenningu að Sovétmönnum gengi ekki annað til en vilja tryggja öryggishagsmuni sína og þeir yrðu sáttir ef Austur-Evrópa yrði viðurkennd sem áhrifasvæði þeirra. Það voru áðurnefndir áhrifaþættir sem kveiktu sannkallaðan fitonskraft opinberunar í umræðunni um „opingáttarstefnu“ („universalism“) eða skiptingu í áhrifasvæði.

Hugmyndafræði lenínismans og alræðishyggunnar ól af sér hugsunarhátt og framgöngu sem var þess eðlis að ekki var minnsti grundvöllur fyrir samstarfi milli Sovétmanna og Bandaríkjumanna – að minnsta kosti ekki þeim nánu samskiptum þjóða sem útheimtast til að samstarf rísi í raun undir nafni. Samstarf þeirrar gerðar á árinu 1945 hefði einfaldlega markað endalok alræðiskerfisins í Sovétríkjumum. Munurinn á Bandaríkjum og Sovétríkjum árið 1945 fólst í því að þá voru sumir Bandaríkjumenn einlæglega þeirrar skoðunar að unnt væri að eiga árekstralaus samskipti („modus vivendi“) við Sovétmenn til frambúðar, en þeir aftur fyrir sitt leyti, að því er best verður séð, einungis trúð því að slíkt ástand gæti varað skamma hríð.

Í þessu riti hefur verið dregið fram hvernig [Averell] Harriman og [George] Kennan urðu fyrstir til að vara Bandaríkjastjórn við því að torvelt gæti reynst að ná samkomulagi við Sovétmenn um þau ágreiningsmál sem uppi voru. Afstaða þeirra beggja var hins vegar sú að mörkuðu Bandaríkjumenn sér skynsamlega stefnu og stæðu síðan staðfastlega við hana gætu menn gert sér vonir um farsæla niðurstöðu að lokum þótt vegferðin í þann áfangastað gæti orðið löng og torsótt. „Ég er, eins og þið mætavel vitið,“ sagði Harriman í símskeyti til Washington í byrjun apríl [1945], „eindreginn málsvari eins náinnar samvinnu við Sovétríkin og unnt er bannig að málflutningur minn lýtur einungis að því hvernig því markmiði verði best náð.“

Engin sambærileg sönnun liggar fyrir um það að nokkur sovéskur ráðamaður hafi alvarlega velt fyrir sér framtíðarsamskiptum á þessum grunni („modus vivendi“). Stalín leit svo á að valið stæði um það hvort hugmyndafræðilegum hagsmunum hans eða stórveldishagsmunum Sovétríkjanna til langs tíma væri betur þjónað með stuttu „vopnahléi“ við vesturveldin eða með því að hefja útþenslustefnu að nýju. Á fundi með Harriman í Sochi [baðstrandarbær við Svartahaf] í október 1945 létt Stalín að því liggja að hann hygðist taka síðari kostinn – hafna samstarfi og láta Sovétríkin fara eigin leiðir. Ekki leikur vafi á því að þau mörgu ágreiningsmál sem uppi voru milli Bandaríkjumanna og Sovétmanna áttu sinn þátt í þessari ákvörðun, en rætur hennar liggja bó trúlega annars staðar. Þá hef ég í huga þær aðstæður sem voru að skapast í Austur- og Vestur-Evrópu og í Bandaríkjum.

Ef ástand mála í Austur-Evrópu var með þeim hætti að ekki yrði vikist undan einhliða aðgerðum til tryggingar sovéskum öryggishagsmunum, var miðað við aðstæður í Vestur-Evrópu og Bandaríkjum, freistandi fyrir Sovétmenn að hefjast handa um útbreiðslu kommunismans. Vendipunkturinn í framvindu mála varð hinn 2. júlí 1947. Molotov [utanríkisráðherra Sovétríkjanna] hafði komið til Parísar með 89 sérfræðinga í föruneyti sínu og lýst í upphafi viðræðna áhuga sínum á viðreisnaráætlun Evrópu [Marshallaðstoðinni]. Pennan dag bárust honum boðin frá Moskvu og þá fordæmdi hann áætlunina og gekk út af fundinum. Næstu 15 árin var kalda stríðið í algleymingi án nokkurrar uppstyrttu. Nú stóðu menn ekki lengur frammi fyrir álitamálum, heldur átökum milli góðs og ills, og málflutningur deiluaðila einkenndist af einföldunum, staðalmyndum og fullyrðingum um eigin ágæti, sem bornar voru fram með breytilegu orðalagi þótt boðskapurinn væri sá sami. Sú spenna sem af þessu hlaust hafði jafnvel í för með sér að Bandaríkjumenn köstuðu illu heilli fyrir róða arftekinni fjölyggju sinni og fordómaleysi sem hreyktu sér sem útvaldir sendibóðar guðs gagnvart fáfróðu og syndugu mannkyni og féllu í þá gryfju Sovétmanna að sjá fyrir sér framtíðarheim skapaðan í eigin mynd.

Þótt óhugsandi sé að líta í baksýnisspeglinum á kalda stríðið sem andsvar Sovétmanna við yfirlægði Bandaríkjanna, er líka erfitt að sjá það þannig fyrir sér að Sovétmenn hafi verið einir um að sýna yfirlægði og Bandaríkjumenn alltaf verið í hlutverki þolandans.

Arthur M. Schlesinger, Jr., „The Origins of the Cold War“, *Foreign Affairs* XLVI, 1. október 1967, endurprentað í Erik P. Hoffmann og Frederic J. Fleron, Jr. (ritstj.), *The Conduct of Soviet Foreign Policy*, 2. útg. New York 1980, bls. 251–53.

Upptök kalda stríðsins: Sjónarmið endurskoðunarsinna

W.A. Williams er einn helsti sagnfræðingurinn úr röðum endurskoðunarsinna. Hér gagnrýnir hann það viðhorf rétttrúnaðarsinna að Sovétríkin hafi átt upptökin að kalda stríðinu. Hann lítur svo á að baráttu Bandaríkjamanna fyrir „opingáttarstefnu“ („universalism“) væri, og sú krafa sem af því flaut um rétt til íhlutunar hvar og hvenær sem væri meginundirrót kalda stríðsins. Hann gaumgæfir sérstaklega áherslu bandarískra stjórnvalda á opingáttarstefnu á efnahagssviðinu, en þar telur hann liggja rætur ágreiningsins milli Bandaríkjamanna og Sovétmanna um Austur- og Suðaustur-Evrópu.

Forystumenn Bandaríkjanna höfðu tileinkað sér hugmyndina um útþenslu undir merkjum opingáttarstefnu og nánast gert hana að trúaratriði. Fyrir þeim var hún í senn nauðsynleg og siðferðislega réttmæt. Af því leiddi að þeir töldu naumast ástæðu til að skýra eða verja þessa aðferðafræði sína. Þeir töldu þvert á móti forsendur hennar *sjálfgefnar* og einbeittu sér þess vegna að því að takast á við þau tækifæri og vandamál sem þetta viðhorf færði þeim að höndum og nýttu sér í því viðfangi aðstæður og þau valdatæki sem stóðu til boða. Af sjónarhóli bandarískra landstjórnarmanna var útþensla undir merkjum opingáttarstefnu *eina rétta* heimssýnin; fyrir þeim var slík stefna í senn boðun fagnaðarerindis og efnahagsstefna í framkvæmd. Þeir sem ekki voru reiðubúnir að samþykkja og viðurkenna það sem staðreynð, voru ekki einungis taldir hafa rangt fyrir sér, heldur beinlínis haldnir alvarlegri hugsanavillu ...

Eftir að smíði kjarnorkusprengjunnar lauk og henni hafði verið beitt var stefna Bandaríkjamanna með þeim hætti að einungis var tvennt til í stöðunni fyrir sovétstjórnina: annaðhvort að fallast í einu og öllu á sjónarmið og tillögur Bandaríkjamanna ellegar að öðrum kosti baka sér fjandskap hinna voldugu Bandaríkja. Það var ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að nýta nýtt og ógnvænlegt vald sitt til framdráttar viðtekinni opingáttarstefnu sem leysti kalda stríðið úr læðingi ...

Það sem málið snýst um í raun og veru er miklu fremur að svara þeirri snúnu spurningu hvor aðilanna það var sem neytti valdastöðu sinnar til að fylgja fram stefnu sem herti á gamalgróinni og eðlislægri spennu og viðhorfum svo að úr urðu skarpar andstæður og ósveigjanleg afstaða. Ef leita á svara við slíkri spurningu má nálgast málið með tvennum hætti. Önnur leiðin er sú að gera ráð fyrir, eða ganga út frá því sem vísu, að svarið liggi í augum uppi: sökin sé Sovétmanna. Sú niðurstaða styðst þá í senn við huglægt mat og opinber gögn. Þetta er hin léttu og ljúfa leið þjóðernissinna þegar leita á skýringa á einhverjum utanríkis- og alþjóðamálum. Þeir sem aðhyllast viðhorf af þessu tagi líta á söguna sem staðreyndasafn þangað sem megi sækja sér efnivið til að undirbyggja niðurstöðu sem menn hafa þegar komist að ... Ef menn vilja horfa í eigin barm, verða þeir umfram allt að viðurkenna tvær grundvallarstaðreyndir sem engin leið er að horfa fram hjá. *Sú fyrri er að frá árinu 1944 og að minnsta kosti fram til ársins 1962 höfðu Bandaríkin hvernig sem á er litið feikilegan yfirburðastyrk yfir Sovétríkin ...*

Vald og ábyrgð verða að fara saman sem ein órofa heild. Þjóð sem er í þeirri yfirburðastöðu gagnvart andstæðingi sínum sem Bandaríkjamenn nutu á árunum 1944–1962 ber að leita allra leiða til að ná ásættanlegri lausn á deilumálum. Sé það látið ógert getur hún með engu móti haldið því fram svo trúverðugt sé að hún hafi verið *knúin* til að taka ákveðinn pól í hæðina eða fylgja tiltekinni stefnu. Þessu halda bandarísk stjórnvöld samt fram þótt þau hafi látið undir höfuð leggjast að láta reyna á ýmsa möguleika til lausnar á ágreiningsmálum.

Þess í stað, og þar er um að ræða aðra staðreynð sem ekki verður á móti mælt, hafa Bandaríkjamenn beitt og notað varanlega valdayfirburði sína til að þjóna í einu og öllu undir viðteknar hugmyndir og markmið opingáttarstefnunnar. Bandarísk stjórnvöld mótuðu aldrei með sér né settu fram við sovétstjórnina hugmyndir um allsherjarsamkomulag sem byggðu á öðrum og jarðbundnari grunni ... Sú útbreidda hugmynd að leiðtогар Sovétríkjanna hafi að lokinni heimsstyrjöldinni síðari verið óðfúsir að fara með ófriði á hendur Bandaríkjunum stenst einfaldlega ekki neina skoðun ...

Á sama hátt felast mikil mistök í því að meta og túlka stefnumörkun og tillögugerð í utanríkismálum á árunum 1945 og 1946 eins og menn hafi verið í efnahagslegu tómarúmi. Þar kemur þrennt til. Má þar fyrst benda á að fjölmargar þessara tillagna lulu beinlínis að efnahagslegum þáttum. Í annan stað tengdust þær allar áhyggjum Sovétmanna af því að eiga hvorki kost á viðreisnarláni í Bandaríkjum né heldur umtalsverðum skaðabótagreiðslum frá Þjóðverjum og fyrrum bandamönnum þeirra. Í þriðja lagi kemur svo sá staðfasti ásetningur að framfylgja opingáttarstefnunni í Austur-Evrópu, en hann hvíldi á því mati að með því að „semja út frá styrkleika“ gætu menn „samið til sigurs“, eins og [Dean] Acheson utanríkisráðherra orðaði það svo eftirminnilega. Að baki öllu þessu bjuggu síðan þungar áhyggjur af framvindu efnahagsmála í Bandaríkjum ... skýringar Georges F. Kennans á framgöngu Sovétmanna frá árunum 1946–1947 ... ólu af sér mýgrút bóka þar sem Stalín var afgreiddur sem einber geðsjúklingur. Þá átu menn upp hver eftir öðrum þá röksemdafærslu að eina raunhæfa leiðin til að takast á við Sovétríkin væri að draga rétta lerdóma af reynslunni í samskiptunum við Hitler. Fyrir mörgum var þetta sjálfgefin rökhenda („syllogism“). Ef grannt er skoðað áttu þessar túlkanir og hvatningar sér nokkra stoð í veruleikanum. En sem leiðarvísir aðgerða leiddu þær að endingu í ógöngur. Því að með því að magna upp raunverulega, yfirlýsta og alltumlykjandi utanaðkomandi ógn kölluðu menn eftir viðeigandi gagnaðgerðum. Þær aðgerðir raungerðu svo aftur það sem Kennan á sínum tíma kallaði ímyndanir sovétleiðtoganna. Hann hélt því fram að þeir þyrftu á því að halda að skálda upp utanaðkomandi ógn til að tryggja valdastöðu sína heima fyrir. Á sama tíma mælti hann fyrir stefnu gagnvart Sovétríkjum sem miða átti að því að draga mjög úr áhrifavaldi þeirra (og sovétleiðtognir hlutu að túlka sem ógn við þjóð sína).

William Appleman Williams, *The Tragedy of American Diplomacy*, endurskoðuð útgáfa. New York 1962, bls. 206–209, 227, 266–77 og 278–79.

Upptök kalda stríðsins: Sjónarmið samhæfingarsinna

Melvyn P. Leffler telur báða deiluaðila eiga sinn þátt í því að kalda stríðið hófst.

Á árunum 1946 og 1947 hefði naumast verið unnt að koma á ásættanlegum valdahlutföllum í Evrópu og Asíu án þess að vekja hörð viðbrögð Sovétmanna. Heimsstyrjöldin skapaði valdatóm og olli stórfelldri röskun á efnahag og í félagslegu tilliti. Það hættuástand sem af þessu hlaust var einfaldlega of mikil til að hægt væri að láta það afskiptalaust. Þó ekki séu á því miklar likur, má hugsa sér að atburðarásin hefði getað orðið sú að kommúnistar hefðu orðið ofan á í Frakklandi, á Ítalíu og í Grikklandi. Einnig má hugsa sér þann möguleika að til hefði orðið sjálfstætt og hefndarsinnað Pýskaland eða að sú staða hefði orðið uppi að Sovétmenn næðu óbeinni drottunarstöðu yfir miklum hluta vestanverðrar Evrasíu [samheiti yfir Evrópu og Asíu]. Hugsandi menn gátu ekki tekið slíka áhættu gagnvart þeim alræðissinnuðu og óbilgjörnu mönnum sem við var að eiga í Kreml. Þar við bættist svo líka að Kremlverjar tefldu fram hugmyndafræði sem höfðaði til fjölmargra í vanþróuðum löndum þriðja heimsins. Bandarískir ráðamenn tóku þá snjöllu ákvörðun að stuðla að viðreisn Vestur-Evrópu og efla þar fyrir utan Vestur-Pýskaland og Japan sérstaklega. Þessar aðgerðir áttu mikinn þátt í að koma kalda stríðinu á skrið, en ákvarðanir um þær voru teknar að vel yfirlögðu ráði og farsællega tókst til við að fylgja þeim eftir í framkvæmd í samvinnu við forystumenn í umræddum löndum.

Þótt stefna og aðgerðir Bandaríkjumanna gæfu Sovétmönnum vissulega réttmæta ástæðu til að óttast um öryggishagsmuni sína, voru viðbrögð þeirra hvorki svo herská né ögrandi að þau dugi til að réttlæta þá gífurlegu uppbyggingu kjarnorkuárásargetu sem átti sér stað. Sama gildir um þá áherslu sem lögð var á að ríki Vestur-Evrópu vígbyggjust á svíði hefðbúins vopnabúnaðar, að ógleymdum síendurteknum átökum annars staðar í heiminum. Sovétmenn létu undan síga í Berlín. Möguleikar þeirra til

að hafa áhrif á framvindu mála í þriðja heiminum voru líka takmarkaðir og kom þar annars vegar til vanþróað efnahagslíf og hins vegar að þeir voru ekki í miklum færum að tryggja sér fótfestu til að breiða út völd sín og áhrif. Vestur-Evrópa þurfti á öryggistryggingu að halda, ekki því gífurlega vopnamagni sem Bandaríkjastjórn ætlaðist til að ríkin þar kæmu sér upp. Ríki þriðja heimsins þörfnuðust sjálfstæðis, fjármuna og markaða fyrir framleiðslu sína, ekki nýrrar og umbreyttrar nýlendustefnu sem átti sér bakhjalr í bandarískri hernaðaraðstoð ...

Á fyrstu árum kalda stríðsins náðu bandarísk stjórnvöld þeim mikla árangri að tryggja þannig valdahlutföll á hinu iðnvaðda kjarnasvæði Evrasíu að grundvallarhagsmunum Bandaríkjanna var borgið til frambúðar ... Vestur-Evrópa er ekki lengur veikburða og varnarlítill; Þýskaland og Japan eru öflug ríki; hugmyndafræði Marx og Engels og þróunarmódel sovétkommúnismans eiga sér ekki viðreisnar von.

Melvyn P. Leffler, *A Preponderance of Power: National Security, the Truman Administration and the Cold War*. Stanford, CA 1992, bls. 516–18.

#2. Kalda stríðið í kvíkmyndum.

Heimildaverkefni

*1. Nemendur kynni sér eftirfarandi two heimildatexta er varða deilur Kínverja og Sovétmanna og leysi að því búnu meðfylgjandi verkefni.

Deilur Kínverja og Sovétmanna

Vinslit Títós og Stalíns voru fyrsti alvarlegi klofningurinn í heimshreyfingu kommúnista. Enn meiri tíðindum sætti þó hugmyndafræðilegur ágreiningur kommúnísku stórveldanna tveggja, Kínverja og Sovétmanna. Hann staðfesti endanlega að Moskva var ekki lengur óskoruð miðstöð heimshreyfingar kommúnista, heldur væru miðstöðvarnar tvær eða jafnvel fleiri. Þessi staða færði Bandaríkjamönnum upp í hendurnar tækifæri til að styrkja stöðu sína í hinu alþjóðlega valdatafli kalda stríðsins, einkum gagnvart Sovétríkjunum, sem nú þurftu að binda hluta herafla síns og kjarnorkuflugskeyta við Kínversku landamærin. Þetta var bakgrunnur þess að Bandaríkjumenn snuru við blaðinu í samskiptum sínum við Kína og ákváðu að taka upp stjórnmálasamband við Pekingstjórnina, sem einnig taldi slíkt samband þjóna sínum hágsmunum.

Lin Piao ræðst á Sovétmenn – Andrei Gromyko svarar

Árið 1965 ritaði landvarnaráðherra Kínverska alþýðulýðveldisins, Lin Piao (1907–1971) langa grein í tilefni þess sem nefnt var „sigur kínversku þjóðarinnar í andspyrnustríðinu gegn innrás Japana.“ Þar kom m.a. fram eftirfarandi gagnrýni á hendur Sovétmönnum:

Khrústsjov og endurskoðunarsinnar hans hafa gerst liðsmenn bandarískrar heimsvaldastefnu. (...) Sem samverkamenn bandarískra heimsvaldasinna svífast þeir einskis við að ófrægia alþýðustyrjaldir og alls staðar þar sem þeir fá því við komið neyta þeir allra bragða til að grafa undan baráttu alþýðunnar bæði leynt og ljóst. (...)

Endurskoðunarsinnar í anda Khrústsjovs halda því fram að stefna þeirra um „friðsamlega sambúð ríkja með ólík hagkerfi, friðsamlega samkeppni og friðsamleg umskipti frá kapítalisma til sósíalisma“ leiði til frelsis hinum kúguðu til handa. (...)

Þessi þvæla, sem endurskoðunarsinnarnir bera á borð, hefur þegar kostað fjölda manns lífið víða um lönd. Ætti ekki þessi sára reynsla, sem goldin er með blóði, að

duga til að opna augu fólks? Inntakið í stefnu Khrústsjovs og annarra endurskoðunarsinna er í raun ekki annað en það að allir kúgaðir hópar og bjóðir (...) skuli leggja niður vopn í baráttu sinni og gefa sig á vald bandarískum heimsvaldasinnum og skósveinum þeirra upp á náð þeirra og miskunn. (...)

Áróður endurskoðunarsinna gegn alþýðustríði og síbyljuáróður þeirra fyrir uppgjafarstefnu miðar að því einu að draga kjark úr alþýðu manna og slæva byltingarþrótt hennar um heim allan. Þannig koma endurskoðunarsinnarnir því til leiðar sem bandarískir heimsvaldasinnar megna ekki af eigin rammleik, og eru þeim þannig sannur haukur í horni. (...) Þeir hafa varpað gersamlega fyrir róða byltingarkenningu marxismans og lenínismans um stríð og þannig gerst svíkarar við baráttu alþýðunnar. (...)

Andrei Gromyko um utanríkisstefnu Sovétríkjanna árið 1968

Í ræðu í Æðsta ráðinu hinn 27. júní 1968 fjallaði Gromyko, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, rækilega um stöðu alþjóðamála og stefnu Sovétmanna í utanríkismálum. Við það tækifæri léti hann eftirfarandi orð falla um sambúðina við Kínverja:

Vandamálin sem við er að stríða í samskiptum okkar við Kínverska alþýðulýðveldið eru síðan kapítuli út af fyrir sig. Í skýrslum og ályktunum frá miðstjórnarfundum og þingum Kommúnistaflokks Sovétríkjanna er fjallað rækilega og út frá grundvallarsjónarmiðum um klofningsstarfsemi og ævintýramennsku maóista í alþjóðamálum og ögrandi framögöngu þeirra í heimshreyfingu kommúnista sem gengur í berhögg við meginreglur lenínismans. (...)

Þess er ekki að dyljast að mjög skortir á að samskipti Sovétríkjanna og Kína séu í þeim farvegi sem samskipti sósíalískra ríkja, eða hvaða nágrannaríkja sem er, aettu að vera eða gætu verið. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að spilla ekki samskiptum ríkjanna. Á þessu ári hafa sovésk stjórnvöld komið á framfæri við kínversk stjórnvöld beinum tillögum um aukna verslun milli landanna, um nýtingu landamærafljóta til siglinga og fleira. En Pekingstjórnin daufheyrist við öllum hugmyndum sem bætt gætu samskipti landanna í bráð og lengd.

Mao-Tsetung og liðsoddar hans halda andsovéskri stefnu sinni til streitu og láta einskis ófreistað til að skerpa á ágreiningnum milli ríkjanna. (...)

Maóistar vinna stöðugt að því að grafa undan ríki okkar með fjandsamlegum hætti. Það má ekki á milli sjá hvor gengur lengra, Pekingútværpið eða heimsvaldasinnuð auðvaldspressan, þegar um það er að ræða að útmála mannlíf í Sovétríkjunum eða sovénska utanríkisstefnu með neikvæðum hætti.

Ráðamenn í Peking hafa séð til þess að viðskipti Kína og Sovétríkjanna hafa dregist saman frá árinu 1959 (...) þannig að nú eru þau sáralítil. Nær engin menningarsamskipti eiga sér lengur stað milli landanna, hvað þá samskipti af öðrum toga.

Það er dapurlegt til þess að vita að ævintýramennska ráðamanna í Peking og svik þeirra við hugmyndafræði marxismans og lenínismans skuli þannig bitna á kínversku þjóðinni, sem þjóðir Sovétríkjanna hafa verið tengdar vináttuböndum um árabil. Kommúnistaflokkur Sovétríkjanna og landsmenn allir hafa ítrekað lýst þeirri sannfæringu sinni að ríkjandi ástand í Kína og sú þjóðrembufulla stórveldisstefna sem Kínverjar hafa fylgt að undanförnu sé einungis tíambundið fyrirbæri. (...)

Til athugunar

Hvaða gagnkvæmu ásakanir bera málsvarar kommunísku stórveldanna, Kína og Sovétríkjanna, fram hvor í annars garð?

Heimild: Jens Jørgensen, *Sovjetunionen og Kina*. Khöfn 1976.

*2. Hér fer á eftir plagg sem varpar ljósi á stefnu og starfshætti víetnömsku þjóðfrelshreyfingarinnar Víetminh. Kynntu þér þessa heimild og leitaðu að því búnu svara við þeim athugunarefnum sem fram eru borin í lokin.

Leiðarvísir í tólf greinum. Tilskipun frá Víetminh árið 1946

Alþýða manna er undirstaða ríkisins. Það er alþýðan sem ber uppi andspyrnubaráttuna sem er forsenda þess að sjálfstætt þjóðríki verði til að nýju. Því verða allir að hafa eftirfarandi atriði hugfost og til eftircreytni; það á við um hermenn, stjórnendur, málsvara fjöldasamtaka, svo og alla aðra sem dveljast meðal almennings eða eiga við hann samskipti:

Bönnin sex:

1. Gerið aldrei neitt það sem spillir ræktarlandi eða uppskeru og vinnið aldrei skemmdir á húsakynnum fólks eða öðrum eigum þess.
2. Krefjist þess aldrei að fá til kaups eða að láni neitt það sem almenningur vill hvorki selja né lána.
3. Farið aldrei með lifandi fiðurfé inn í hús fjallabúa.
4. Svíkið aldrei gefin loforð.
5. Misbjóðið aldrei trúartilfinningum eða siðum fólks (svo sem með því að leggjast til svefns framan við fórnaraltarið, með því að leggja fæturna á ofninn eða leika tónlist innan húss).
6. Gætið þess að haga orðum ykkar og gerðum aldrei á þann veg að almenningur komist á þá skoðun að við fyrirlítum hann.

Boðorðin sex:

1. Aðstoðið fólk í daglegri önn þess (við uppskerustörf, skógarhögg, vatnsburð, saumaskap o.s.frv.)
2. Takið að ykkur, sé þess kostur, að gera innkaup fyrir fólk sem á langt að fara í kaupstaðinn (kaupa hníf, salt, nálar og tvinna, skriffæri, pappír o.fl.)
3. Nýtið tækifæri í frítímanum til að segja fólk stuttar og einfaldar skemmtisögur, sem ýtt geta undir andspyrnuna, en varist að ræða það sem leynt á að fara.
4. Kennið fólk stafrófið og frumatrið almenns hreinlætis.
5. Kynnið ykkur siði og venjur einstakra þjóða þannig að þið kunnið á þeim skil. Pannig má byggja upp samkennd og þá verður auðveldari eftirleikurinn að fá fólk til að láta af ýmiss konar hjátrú.
6. Komið fram við fólk á viðeigandi hátt og sýnið aga og snerpu í allri framgöngu.

Athugunarefni

1. Hver var tilgangur Vietminh með þessum leiðarvísi?
2. Skyldu Frakkar hafa beitt svipaðri aðferðafræði gagnvart víetnömsku þjóðinni að þessu leyti?

*3. Nemendur kynni sér eftirfarandi heimildatexta sem varpa ljósi á afstöðu Bandaríkjastjórnar gagnvart Indókína í lok Víetnamstríðsins fyrra og leysi síðan meðfylgjandi verkefni.

Ummæli Eisenhowers Bandaríkjaforseta um Viðnam

Skömmu fyrir ósigur Frakka í Viðnamstríðinu fyrra svaraði Eisenhower spurningum blaðamanna um Indókína. Hér á eftir fer hluti af spurningum blaðamanna og svörum hans á blaðamannafundi hinn 7. apríl 1954.

Robert Richards, Copley Press : Herra forseti. Væruð þér tileiðanlegir til að láta í ljós álit yðar á hernaðargildi Indókína fyrir hinn frjálsa heim. Að mínum dómi skortir mjög á að almenningur yfirleitt geri sér grein fyrir mikilvægi þessa landsvæðis fyrir okkur.

Eisenhower forseti : Þegar þetta mál kemur til álita verður að líta á það bæði í víðu og þrengra samhengi.

Í fyrsta lagi er hér um verðmætt landsvæði að ræða að því leyti að þaðan koma hráefni sem umheimurinn þarfnaði. Í öðru lagi er hætta á því að þarna komist fjöldi fólks undir yfírráð einræðisstjórnar sem er fjandsamleg hinum frjálsa heimi. En mesta hættan tengist þó því sem við höfum kallað „dómínókenninguna“.

Þegar búið er að stilla upp röð teninga í dómínótafla og sá fyrsti fellur má heita öruggt að ekki líði á löngu uns allir hinir eru líka fallnir. Það sem nú virðist í uppsiglingu gæti verið upphafið að þróun sem hafa mundi mjög afdrifaríkar afleiðingar.

Hvað varðar fyrsta þáttinn sem ég nefndi eru það einkum tvær afurðir frá þessu svæði sem eru umheiminum afar mikilvægar og á ég þar við tin og wolfram. Auðvitað skiptir fleira mál í þessu sambandi, svo sem gúmmíplantekrurnar.

Hvað fólkid varðar sem lendir undir einræðisstjórn þá lúta nú þegar 450 milljónir Asíumanna yfírráðum kommúnista. Við getum einfaldlega ekki horft upp á að fleiri fari sömu leiðina.

Hver er svo hættan sem við stöndum frammi fyrir? Við gætum misst Indókína, Burma, Thaíland, skagann [þ.e. Malakkaskaga] og líka Indónesíu. Ef þessi svæði ganga okkur úr greipum, missum við okkur til stórtjóns aðgengi að ýmsum hráefnum og öðrum varningi, og það sem verra er, þarna búa milljónir og aftur milljónir fólks.

Sú landfræðilega vígstaða sem upp kæmi eftir þetta myndi breyta miklu. Hliðra yrði eyjavarnarlínunni til varnarlínunni um Japan, Taiwan, Filipseyjar og Kyrrahafseyjarnar, og ný staða af þessu tagi fæli í sér ógn við Ástralíu og Nýja Sjáland.

Á efnahagssviðinu yrðu afleiðingarnar þær að lokast mundi á tengsl Japana við þau lönd sem eru mikilvægasta markaðssvæði þeirra. Þar með aettu Japanir engan annan kost til að komast af en leita á náðir kommúnistaríkja. Þannig má segja að missir Indókína hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir hinn frjálsa heim. (...)

Athugunarefni

Hvernig metur Eisenhower mikilvægi Indókína í pólitísku og efnahagslegu tilliti?

Heimild: *Acta-serien, Munksgaards kildemapper 7: USA i Vietnam – Hvordan? Hvorfor?*

Pentagonskýrslan

Meðan samningaviðræður um Indókína fóru fram í Genf árið 1954 sendu Bandaríkjameinir hóp hernaðarsérfræðinga til Viðnams. Forstu fyrir hópnum hafði Edward G. Lansdale ofursti frá CIA. Hlutverk hópsins var að fá Viðnama til að stunda skemmdarverkastarfsemi og sálfraðilegan hernað gegn Víetminh og þjálfa þá til slíkra verka.

Hér á eftir kemur útdráttur úr skýrslu sérfræðingahópsins um árin 1954–55 og má þar lesa um tilraunir til sálfraðihernaðar og skemmdarverka norðan 17. breiddarbaugs, en þar var dregin sú markalína sem átti að skipta landinu til bráðabirgða skv. Genfarsamningnum.

Einn þáttur „herfræðinnar“ var að koma á kreik lausafregnunum og orðrómi af ýmsu tagi. Á slíkt var látið reyna í Hanoi. (...) Fyrsti orðrómurinn sem hrundið var af stað fóll í sér sögusögn um að herfylki kínverskra kommúnista nyrst í landinu hefði nauðgað konum og haft í frammi annað ofbeldi á yfirráðasvæði Vietminh. Orðrómurinn átti að tengjast endurminningum fólks um framferði hersveita kínversku þjóðernissinnastjórnarinnar árið 1945 og honum var ætlað að ala á ótta Vietnama við að verða hernumdir af Kínverjum fengi Vietminh völdin. (...)

Fram kom að stærsta prentsmiðjan í landinu norðanverðu ætlaði að halda áfram rekstri í Hanoi og starfa í þágu Vietminh. Útsendarar okkar gerðu tilraun til að eyðileggja nýtískulegar prentvélarnar, en Vietminh var þá búið að koma öryggisvörðum sínum fyrir í prentsmiðjunni og þeir komu í veg fyrir að það tækist. (...)

Nyrðri hópurinn okkar nýtti síðustu dagana í Hanoi til að koma óhreinindum í olíubirgðir strætisvagnafélagsins þannig að skemmdir yrðu á vélum vagnanna. Í framhaldinu var ætlunin að grípa til svipaðra aðgerða gegn járnbrautakerfinu. (...)

[Skyrslan hafði einnig að geyma pólitískt mat á Vietminh og stjórnmálaástandinu í sunnanverðu landinu þar sem Diem réð ríkjum.]

(...) Vietminh hefur fyrir löngu tileinkað sér þá hugmynd að almenningur sé vatnið og skæruliðaherinn fiskarnir sem þar synda. Framkoma liðsmanna Vietminkh gagnvart öllum almenningi meðan stríðið stóð hefur með örfáum undantekningum verið til stakrar fyrirmynadar.

Andstætt þessu hefur vietnameski herinn (sem barðist með Frókkum og gekk síðan í þjónustu Diems) fylgt út í æsar fordæmi margra asískra herja – að láta almenning fóðra sig á mat og sjá sér fyrir kvenfólk. (...) Ef það tækist að bræða almenning og herinn saman í eina heild hefðum við í hendi fyrsta beitta vopnið gegn kommúnismanum.

Athugunarefni

1. Hvað má lesa út úr þessari heimild um afstöðu Bandaríkjamanna gagnvart Genfarsamningunum um Indókína?
2. Hvað má lesa út úr heimildinni um aðstæðurnar í Vietnam 1954–55?
3. Hvaða ljósi varpar heimildin á samskipti Vietnams og Kínverja?

Heimild: *The Pentagon Papers*. New York 1971.

*4. Nemendur kynni sér eftirfarandi bréfaskipti þeirra Lyndons B. Johnsons

Bandaríkjaforseta og Ho Chi Minhs forseta Norður-Vietnams og taki að því búnu afstöðu til meðfylgjandi athugunar-efna.

Bréf Lyndons B. Johnsons Bandaríkjaforseta til Ho Chi Minhs, forseta Norður-Vietnams, í febrúar 1967 – og svarbréf þess síðarnefnda

Hr. Ho Chi Minh
hávelborinn forseti
Alþýðulýðveldisins Vietnam

Virðulegi forseti

Ég rita yður þetta bréf í þeirri von að takast megi að binda enda á átökin í Vietnam. Átök þessi hafa þegar valdið miklu tjóni – beinu manntjóni, auk þeirra sem særst hafa, eignatjóni og öðrum mannlegum hremmingum. Takist okkur ekki að leysa deiluna með réttlátum friði mun dómur sögunnar yfir okkur verða þungur.

Af þeim sökum er ég þeirrar skoðunar að á okkur hvíli þung skylda til að leita friðsamlegrar lausnar á deilunni. Það er ástæða þess að ég sný mér bréflega beint til

yðar. Undanfarin ár höfum við með ýmsum hætti og eftir margvíslegum leiðum reynt að sýna yður og samstarfsmönnum yðar fram á að við óskum friðsamlegrar lausnar á yfirstandandi átökum. Þessi viðleitni hefur ekki skilað neinum árangri hverju svo sem um er að kenna.

Vera má að hugmyndir yðar og hugmyndir okkar og afstaða yðar og afstaða okkar hafi brenglast eða verið mistúlkud á langri leið gegnum ýmsa milliliði – eins og hætt er við í óbeinum samskiptum. Slíkan vanda má vel leysa og halda áfram að leita friðsamlegrar lausnar: Við skulum efna til beinna viðræðna milli trúnaðarmanna okkar þar sem þeir geta hist ótruflaðir og án þess að kastljós fjölmíðlanna hvíl á þeim. Slíkar viðræður mætti ekki nýta í áróðurstilgangi, heldur ættu þær að finna lausn á deilunni sem báðir aðilar geta sætt sig við og unnt er að hrinda í framkvæmd.

Ég hef veitt því athygli að undanfarnar tvær vikur hafa talsmenn ríkisstjórnar yðar látið orð falla opinberlega sem bent gætu til þess að þér hafið áhuga á því að hafnar yrðu beinar, tvíhliða viðræður milli ríkisstjórnna landanna, með því skilyrði þó að Bandaríkjamenn stöðvuðu algerlega og „skilyrðislaust“ loftárásir á land yðar, svo og aðrar hernaðaraðgerðir gegn því. Nú hina allra síðustu daga hafa ábyrgir og marktaekir aðilar komið þeim skilaboðum á framfæri við okkur að þetta sé í raun tillaga yðar.

Ef ég á að vera fullkomlega hreinskilinn, sýnist mér vera tveir miklir agnúar á þessari tillögu. Miðað við opinbera afstöðu yðar hlyti slík aðgerð af okkar hálfu óhjákvæmilega að kveikja vangaveltur um heim allan um að samningaviðræður stæðu fyrir dyrum og þar með væri erfitt að halda slíku samkomulagi um viðræður leyndu. Í öðru lagi er því ekki að leyna að við óttumst að ríkisstjórn yðar myndi við slíkar aðstæður neytu færir til að bæta vígstöðu sína.

Með hliðsjón af þeim vandamálum sem hér hefur verið vikið að er ég þó reiðubúinn til að stíga frekari skref í áttina til að binda endi á átökin en stjórn yðar hefur gert tillögur um, ýmist opinberlega eða með skilaboðum eftir diplómatískum leiðum. Ég er reiðubúinn til að fyrirskipa að loftárásum á land yðar verði hætt og bandarískum hermönnum í Suður-Víetnam verði ekki fjölgað frekar en orðið er, fái ég áður tryggingu fyrir því að hætt verði að flytja liðsafla og búnað landveg og sjóveg til Suður-Víetnams. Verði staðið við slík fyrirheit í verki trúi ég því að fulltrúuar okkar geti átt með sér árangursríkar, óformlegar viðræður sem leitt gætu til friðar innan tíðar.

(...) Öllu skiptir að binda endi á átök sem lagt hafa byrðar á þjóðir okkar beggja, en mest þó á íbúa Suður-Víetnams. Ef þér teljið þær aðgerðir sem ég hef reifað í bréfi þessu íhugunarverðar, varðar miklu að ég fái sem skjótust viðbrögð frá yður.

Virðingarfyllst
Lyndon B. Johnson

Svarbréf Ho Chi Minhs til Johnsons

Hr. Lyndon B. Johnson
hávelborinn forseti Bandaríkjanna

Virðulegi forseti

Ég fékk boðskap yðar í hendur þann 10. febrúar 1967 og hér kemur svar mitt við honum.

Víetnam er í mörg þúsund mílna fjarlægð frá Bandaríkjunum. Víetnamska þjóðin hefur aldrei gert neitt á hlut Bandaríkjamanna. Engu að síður hafa bandarísk stjórnvöld haldið uppteknum hætti og stöðugt hlutast til um málefni Víetnams, þvert ofan í þau loforð sem fulltrúar Bandaríkjastjórnar gáfu á Genfarráðstefnunni um Indókína árið 1954. Bandaríkjamenn hafa einnig hafið og hert á árásarstyrjöld í Suður-Víetnam í því skyni að gera skiptingu Víetnams varanlega og gera Suður-Víetnam að nýrri nýlendu sinni og herbækistöð. Fyrir rúnum tveimur árum færði Bandaríkjastjórn stríði út með því að ráðast með flota sínum og flugher að Alþýðulýðveldinu Víetnam, sjálfstæðu og fullvalda ríki.

Bandaríkjastjórn hefur gerst sek um stríðsglæpi, glæpi gegn friði og glæpi gegn mannkyni. Í Suður-Víetnam beitir hálf milljón bandarískra hermanna, ásamt hjálparsveitum sínum, ómanneskjulegustu vopnum og villimannlegustu aðferðum sem hugsast getur. Má þar nefna bensínhlaup [napalmsprengjur], efnavopn og eiturgas sem ætlað er að stráfella landa okkar, eyðileggja uppskeru og jafna bændaporpin við jörðu. Þúsundir bandarískra sprengjuflugvél hafa varpað hundruðum þúsunda tonna af sprengjum á Norður-Víetnam. Sprengjuarásir þessar hafa lagt í rúst borgir, bæi og þorp og eyðilagt verksmiðjur, vegin, brýr, stíflur (...) og jafnvel kirkjum, pagóðum [guðshús búddatrúarmanna], sjúkrahúsum og skólum hefur ekki verið hlíft. Í bréfi yðar látið þér að því liggja að þér harmið þessa eyðileggingu og þjáningar víetnömsku þjóðarinnar. Því vil ég spryja yður eftirfarandi spurningar: Hver hefur framið alla þessa grófu stríðsglæpi? Það eru Bandaríkjamenn og samherjar þeirra. Það eru Bandaríkjamenn einir sem bera ábyrgðina á því mjög svo alvarlega ástandi sem ríkir í Víetnam.

Árásarstríð Bandaríkjamanna á hendur víetnömsku þjóðinni er ögrun í garð sósialískra ríkja í heiminum, það er hótun gagnvart öllum þjóðfrelsishreyfingum og það stofnar einnig friði í Asíu og raunar heimsfriðnum í hættu.

Víetnamar setja sjálfstæði, frelsi og frið öllu ofar. En andspænis árásarstyrjöld Bandaríkjamanna hefur þjóðin risið upp, hún er óttalaus og samtaka og reiðubúin að berjast og færa fórnir. Hún ætlar sér að halda baráttu sinni áfram þar til hún hefur skilað okkur sönnu frelsi og raunverulegum friði.

Víetnamar eru þolendur bandarískrar árásarstyrjaldar. Því árásarstríði verður að linna. Það er eina leiðin til að koma aftur á friði. Bandarísk stjórnvöld verða í eitt skipti fyrir öll og án nokkurra skilyrða að láta af loftárásum sínum á Alþýðulýðveldið Víetnam. Þau verða einnig að hverfa með allan her sinn og liðsveitir bandamanna sinna frá Suður-Víetnam, viðurkenna þjóðfrelsifylkinguna í Suður-Víetnam og eftirláta víetnömsku þjóðinni sjálfri að leysa úr sínum málum. Þetta er kjarninn í fjögurra liða áætlun Alþýðulýðveldisins Víetnam. Það er í samræmi við grundvallarstefnu og helstu efnisatriði Genfarsamninganna um Indókína frá árinu 1954. Í þessu felst grundvöllurinn að fullgildri pólitískri lausn Víetnammálsins.

Í bréfi yðar settuð þér fram tillögu um beinar viðræður milli fulltrúa Alþýðulýðveldisins Víetnams og Bnadaríkjastjórnar. Ef Bandaríkjastjórn hefur í raun og veru áhuga á slíkum viðræðum verður hún fyrst af öllu að hætta öllum loftárásum án nokkurra skilyrða, svo og öðrum hernaðaraðgerðum gegn Alþýðulýðveldinu Víetnam. Þá fyrst gætu ríkin tvö hafið viðræður um málefni sem varða báða aðila.

Víetnamska þjóðin mun aldrei láta undan ofbeldinu og hún mun aldrei ganga til samningaviðræðna undir hótunum um loftárásir.

Við berjumst fyrir réttlátum málstað. Vonandi lætur Bandaríkjastjórn skynsemi ráða í gerðum sínum.

Virðingarfyllst
Ho Chi Minh

Athugunarefni

1. Hvaða skilyrði setur Johnson Bandaríkjaforseti fyrir því að stöðva loftárásir á Norður-Víetnam og hefja samningaviðræður?
2. Hvaða skilyrði setur Ho Chi Minh fyrir því að hefja viðræður?
3. Á endanum gengu Bandaríkjamenn til viðræðna án þess að hafa fengið skilyrði sín uppfyllt. Hvað skyldi hafa ráðið mestu um það?

Heimild: *Ho Chi Minh answers President L.B. Johnson. Foreign Language Publishing House. Hanoi 1967.*

*5. Hér fer á eftir kafli úr endurminningum Henrys Kissingers öryggisráðgjafa og síðar utanríkisráðherra Nixons. Nemendur kynni sér þennan texta og leiti svara við meðfylgjandi spurningum.

Loftárásir Bandaríkjamanna á Norður-Vietnam á jólunum árið 1972

Skömmu fyrir jólin 1972 sigldu samningaumleitanir Henrys Kissingers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Le Duc Thos, samningamanns Hanoistjórnarinnar, í París í strand. Hér á eftir fer kafli úr endurminningum Kissingers þar sem hann lýsir því hvernig ákveðið var að auka loftárásir á Norður-Vietnam í því skyni að leggja þrýsting á stjórnina í Hanoi.

Við Nixon og [Alexander] Haig [sérlegur hernaðarráðgjafi Kissingers] hittumst fyrir hádegi daginn eftir til að ræða hvað til bragðs skyldi taka. Við vorum sammála um að gerðum við ekkert yrðum við hjálparvana og um leið bjargarlaus skotspónn þeirra klækjabragða sem Hanoistjórnin kynni að grípa til. (...)

Við þremmenningarnir sem hittumst í sporóskjulaga fundarherberginu í Hvítá húsinu árdegis hinn 14. desember vorum sammála um að óhjákvaemilegt væri að grípa til hernaðaraðgerða í *einni eða annarri mynd*. Upphaflega vorum við ekki sama sinnis um hverjar þessar aðgerðir ættu að vera og nú er erfitt að greina frá umræðum okkar í smáatriðum því að ekki var skrifuð nein fundargerð. Nixon telur sig muna að ég hafi talað fyrir hertum loftárásum sunnan við tuttugasta breiddarbaug og í Laos sunnanverðu, en ekki yrðu gerðar neinar loftárásir á þéttbýlissvæðum. Ég minnist sjálfur einskis um slíkt; að því er ég best man var ég þeirrar skoðunar að hefja ætti að nýju loftárásir í sama umfangi og þær voru áður en við tókum einhliða ákvörðun um að takmarka þær í október, þ.e. um allt Norður-Vietnam, en einungis yrði beitt orustubotum með sprengjur gegn þéttbýlissvæðunum. Haig mælti hins vegar með að risasprengruflugvélar [B-52] yrðu sendar til árása, einkum norður fyrir tuttugasta breiddarbaug, með þeim rökum að einungis yfirþyrmandi aðgerðir af því tagi gætu fengið Hanoistjórnina aftur að samningaborðinu. Nixon féllst á sjónarmið Haigs. Ég snerist líka á sömu sveif – tregur í fyrstu, en síðar mjög eindregið. Því að Nixon og Haig höfðu rétt fyrir sér í grundvallaratriðum, og sú er enn sannfæring mín. Við áttum einungis tveggja kosta vöл: Annaðhvort var að beita sér með yfirþyrmandi þunga, ná tókum á ástandinu og binda enda á stríðið á skjótan hátt eða þá að láta mál dankast í tilgangslausum samningaviðræðum, áframhaldandi stríði með fleiri föllnum og frekari djúpstæðum klofningi meðal þjóðarinnar. Það voru engir aðrir kostir í boði.

Nixon tók þann kost að reyna að knýja fram niðurstöðu – með því að nota B-52 vélar til stórfelldra loftárása og var það í fyrsta sinn sem þeim var beitt samfellt í nokkurn tíma í Norður-Vietnam. (...) Nixon mat það réttilega svo að hann mundi kalla yfir sig feikilega gagnrýni heima fyrir, ef hann hyrfi frá takmörkununum á loftárásunum, en slík ákvörðun væri þó ekki af dýru verði keypt, nema þá að árangurinn yrði minni en enginn. Hann tók fremur þann kost að beita sér af aleflí tímabundið en standa til langframa í stríðsrekstri sem engum árangri skilaði. (...)

Sú gagnrýni sem fram kom á Bandaríkjapíngi var ekki eins hörð [og gagnrýnin í fjölmiljunum] en jókst þó frá því sem verið hafði. (...) Ekki var neinn vafn á að þingið mundi innan skamms skera á fjárvéitingar.

Eins og við mátti búast var gagnrýni erlendis frá ekki síður hávær. Ríkisstjórn Svíþjóðar líkti okkur við nasistana þýsku. (...) Enginn bandamaður okkar í Atlantshafsbandalaginu studdi okkur né svo mikil sem lýsti skilningi á afstöðu okkar – og var það sérlega sár reynsla því að þar áttu í hlut ríki sem byggðu varnir sínar á hernaðaráætlunum sem fólu í sér harkalegar árásir gegn almennum borgurum. Eftirtektarvert var að stjórnvöld í Moskvu og Peking sýndu hófsamlegri viðbrögð trúlega sökum þess að þau vissu við hvað var að fást í Hanoi. (...) Ef við túlkum gagnrýni þeirra rétt mátti úr henni lesa skýr skilaboð til Norður-Vietnama frá Moskvu og Peking um að þeir gætu ekki notfært sér árásirnar sem átyllu fyrir því að tryggja sér stuðning til áframhaldandi stríðsrekstrar um óákveðinn tíma. Skilaboðin, hljóðlát en ákveðin, sem Hanoistjórnin fékk frá stórveldunum, bandamönnum sínum, voru þessi: gangið til samninga.

Athugunarefni

1. Hvað kemur fram í frásögn Kissingers sem gerir það að verkum að erfitt er að vita hvað raunverulega bar á góma í umræðum um loftárásirnar?
2. Hvernig réttlætir Kissinger hertar loftárásir á Vietnam?
3. Hvernig metur Kissinger viðbrögð heima fyrir og erlendis við loftárásunum?

Heimild: Henry Kissinger, Memoares Sovjet-Kina-Vietnam. J.W. Cappelens Forlag. Oslo 1979.

III.2 Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Sovétríkin og Austur-Evrópa

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á stöðu og styrkleika kommúnista í einstökum ríkjum Austur-Evrópu í stríðslok.
- °2. Hvað var Stalín efst í huga í stríðslok að því er Austur-Evrópu varðar?
- °3. Hvað einkenndi tímabil „hinna raunverulegu samsteypustjórna“ í Austur-Evrópu á árunum 1944/45 – 1947/48?
- °4. Hvaða breytingar urðu í ríkjum Austur-Evrópu með tilkomu svokallaðra „samsteypustjórna í orði en ekki á borði“?
- °5. Hverjir urðu einkum fyrir barðinu á þeim „hreinsunum“ sem áttu sér stað í ríkjum Austur-Evrópu á árunum kringum 1950?
- °6. Nýttu þér dæmi Póllands, Ungverjalands og Rúmeníu til að glöggva þig á hvernig aðstæður í Austur-Evrópu breyttust að nokkru marki eftir fráfall Stalíns.
- °7. Hvaða ríki Austur-Evrópu voru löngum fylgisspökust Sovétmönnum og hvaða ástæður lágu til þess?
- °8. Er unnt að benda á einhvern ávinning sem Austur-Evrópuríkin höfðu af hinu nána sambýli við Sovétríkin?
- °9. Glöggvaðu þig á samspilinu milli „stóra bróður“, Sovétríkjanna, og bandalagsríkja þeirra.
- °10. Vinslit Stalíns og Títós 1948: Orsakir og afleiðingar.
- °11. Glöggvaðu þig á baksviði, ferli og niðurstöðu uppreisnarinnar í Ungverjalandi árið 1956.
- °12. Gerðu þér yfirlit yfir upphaf, framvindu og endalok þeirrar hreyfingar sem kennd hefur verið við „vorið í Prag“. – Hvað var það í aðstæðum og sögulegri arfleifð Tékkoslóvakíu sem gerði það að verkum að slík hreyfing varð til einmitt þar?

- °13. Hvaða áhrif hafði sú staðreynd að Sovétmenn brutu „vorið í Prag“ á bak aftur með hervaldi á viðhorf kommúnista og sósíalista á Vesturlöndum til Sovétríkjanna?
- °14. Hvað fólst í hinni svokölluðu Bresjnevkenningu?

Heimildaverkefni

*1. Verkfall verkamanna í skipasmíðastöðinni í Gdansk var kveikjan að stofnun óháðu pólsku verkalýðssamstakanna Samstöðu (Solidarnosc) árið 1980. – Nemendur fari í gegnum meðfylgjandi kröfugerð verkamannanna og leiti svo svara við spurningunum í lokin.

Samstaða (Solidarnosc) – kröfugerð í 21 lið

Hér fer á eftir kröfugerð í 21 lið sem verkamenn í skipasmíðastöðinni í Gdansk settu fram í ágúst 1980 og þeir áttu síðan í samningaviðræðum um við yfirvöld.

Úr fréttabréfinu Samstaða

Framkvæmdanefnd verkfallsins er einnig fulltrúi fyrir stofnanir og fyrirtæki sem gegna slíku lykilhlutverki í samfélaginu að starfsmenn þeirra geta ekki lagt niður störf. Verkfallsnefnd þessari er ætlað að eiga viðræður í því skyni að ná fram kröfum verkfallsmanna.

Eitt fyrsta skilyrðið fyrir því að hefja viðræður er að okkur verði aftur komið í símasamband við aðra landshluta.

Kröfur þeirra verkamanna sem framkvæmdanefndin er fulltrúi fyrir eru sem hér segir:

1. Óháðum verkalýðssamtökum, sem hvorki eru undir hael Kommúnistafloksins né atvinnurekenda, sé heimilt að starfa. Sú krafa styðst við 87. gr. stofnskrár Alþjóðavinnusáttmálastofnunarinnar (ILO) þar sem kveðið er á um frelsi launamanna til að stofna stéttarfélög. Pólska alþýðulýðveldið hefur staðfest stofnskrá þessa.
2. Verkfallsréttur verði tryggður, svo og öryggi verkfallsmanna og þeirra sem veita þeim stuðning.
3. Höfð verði í heiðri ákvæði í stjórnarskrá Pólska alþýðulýðveldisins þar sem kveðið er á um tjáningarfrelsi, þ.e. málfrelsi, prent- og útgáfufrelsi. Óháðir útgefendur fái að starfa óáreittir og öllum kirkjudeildum og trúfélögum verði tryggt aðgengi að fjölmíðum.
4. a) Eftirtaldir hópar fái að nýju full lýðréttindi:
 - einstaklingar sem sagt var upp vinnu í kjölfar verkfallanna 1970 og 1976
 - háskólanemar sem vísað hefur verið frá námi vegna skoðana sinna
 b) Allir pólitískir fangar verði látnir lausir (...)
- c) Kúgun á andófsmönnum verði hætt.
5. Greint verði frá stofnun Framkvæmdanefndar verkfallsins í fjölmíðum og kröfur hennar birtar bar.
6. Gripið verði til viðhlítandi aðgerða til að vinna bug á því kreppuástandi sem ríkir í landinu. Slíkar aðgerðir feli í sér:
 - a) að almenningur fái allar upplýsingar um stjórnmála- og efnahagsástandið
 - b) að einstakir hópar og starfsstéttir í þjóðfélaginu eigi þess kost að koma að umræðum um nýja umbótastefnu.
7. Allir verkfallsmenn fái greiðslur sem jafngildi orlofslaunum. Fjár til þessa verði aflað með því að ganga í sjóði (opinberu) heildarverkalýðssamtakanna.

8. Laun allra verkamanna verði hækkuð um 2000 zloty [gjaldmiðill Póllands] á mánuði til að mæta verðhækkunum sem orðið hafa.
9. Kaupmáttur launa verði tryggður gagnvart verðhækkunum og rýrnun á verðgildi gjaldmiðilsins.
10. Séð verði til þess að nægt framboð sé á matvælum á innlendum markaði. Útflutningur eigi sér því aðeins stað að um umframframleiðslu sé að ræða.
11. Hætt verði allri „sölu varnings á sérkjörum“ (...) og einnig verði hætt allri sölu á pólskum varningi í gjaldeyrisverslunum þar sem greitt er með „hörðum“ gjaldeyri.
12. Fólk verði ráðið til ábyrgðar- og stjórnunarstarfa á grundvelli hæfni, en ekki vegna þess að það hafi flokksskírteini upp á vasann. Forrétindi löggreglumannar, starfsmanna öryggislöggreglunnar og Kommúnistafloksins verði afnumin. Það verði m.a. gert með því að:
 - jafna barnabætur
 - leggja niður sérverslanir fyrir þessa hópa
13. Tekin verði upp skömmtu á kjöti og unnum kjötvörum. Sú skipan gildi þar til framboðið fullnægir eftirspurninni.
14. Eftirlaunaaldur fyrir konur verði lækkaður í 50 ár og eftirlaunaaldur karla í 55 ár. Konur sem hafa verið á vinnumarkaði í 30 ár geti farið á eftirlaun án tillits til aldurs og sama regla gildi fyrir karla sem verið hafa 35 ár á vinnumarkaði.
15. Gömul eftirlaun og tryggingabætur verði hækkuð til samræmis við það sem nú tíðkast.
16. Starfsaðstæður í heilbrigðisþjónustu verði bættar (...)
17. Tryggt verði nægt framboð dagvistarrýma handa útivinnandi mæðrum með ung börn.
18. Fæðingar- og umönnunarorlof á launum verði lengt í þrjú ár.
19. Biðtími eftir húsnæði verði styttur.
20. Fæðispengar verði hækkaðir úr 40 í 100 zloty. Greidd verði launauppbót vegna fjarvista frá fjölskyldu.
21. Laugardagar verði frídagar. Þeim sem verða að vinna á fjórskiptum vöktum, verði bætt það upp með lengra sumarleyfi eða aukafrídögum á öðrum tímum árs.

(hér kemur undirskrift!)

Framkvæmdanefnd verkfallsins
Gdansk 20. ágúst 1980
Frjálsta prentverkið í skipasmíðastöðinni í Gdynia.

Athugunarefni

1. Hvaða pólitísku kröfur bera verkfallsmenn fram?
2. Hvaða kröfur um breytingar í efnahags- og félagsmálum setja verkfallsmenn fram?

Heimild: *Solidarnosc – en bevegelse blir født*. Pax forlag. Oslo 1981.

III.3 Risaveldin á áhrifasvæðum sínum: Bandaríkin og Rómanska Ameríka

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á þeim samkennum sem lönd og þjóðir í Rómönsku Ameríku bera?
- °2. Glöggvaðu þig á stjórnarfari og almennu þjóðfélagsástandi í ríkjum Rómönsku Ameríku á 19. öld.

- °3. Hvernig var stéttaskipting í Rómönsku Ameríku á 19. öld og hvaða breytingum tók hún er kom fram á 20. öldina?
- °4. Hvað einkenndi öðru fremur efnahags- og þjóðfélagsþróun í Rómönsku Ameríku á árunum 1870–1914?
- °5. Glöggvaðu þig á kveikju, gangi og árangri byltingarinnar í Mexíkó á árunum 1910-20.
- °6. Um aldamótin 1900 bar kaffirækt og gúmmívinnslu hæst í atvinnulífi Brasilíu. Glöggvaðu þig á aðstæðum í þessum greinum og hvernig þær þróuðust.
- °7. Glöggvaðu þig á samskiptum Bandaríkjamanna og ríkja Rómönsku Ameríku á árabilinu 1900–1930.
- °8. Hvað fólst í þeirri áherslubreytingu sem Franklin D. Roosevelt beitti sér fyrir í stefnu Bandaríkjamanna gagnvart Rómönsku Ameríku og kennd hefur verið við „stefnu hins góða granna“?
- °9. Hvernig reiddi ríkjum Rómönsku Ameríku af í síðari heimsstyrjöldinni?
- °10. Juan Peron og peronisminn.
- °11. Glöggvaðu þig á meginráttum samfélagsþróunar í Rómönsku Ameríku á síðari hluta 20. aldar.
- °12. Glöggvaðu þig á þeim efnahagsþrengingum sem flest ríki Rómönsku Ameríku rötuðu í á áttunda og níunda áratugi liðinnar aldar.
- °13. Tilkoma herforingjastjórnar í Brasilíu og þróun mála þar í landi í valdatíð hennar.
- °14. Alþýðufylkingin í Chile: Aðdragandinn að valdatöku hennar og megináherslur í stefnu Salvadores Allendes á forsetastóli.
- °15. Valdarán hersins í Chile árið 1973 og stefna Pinochet-stjórnarinnar í framhaldi af því.
- °16. Glöggvaðu þig á þróun mála í Argentínu í tíð herforingjastjórnarinnar þar.
- °17. Hvaða fyrirbæri eru Samtök Ameríkuríkja (OAS)?
- °18. Gerðu þér yfirlit yfir þau tilvik sem rakin eru í bókinni um íhlutun Bandaríkjamanna í málefni einstakra ríkja í Rómönsku Ameríku.
- °19. Hvað felst í hugtakinu frelsunarguðfræði og hvernig hafa áhangendur hennar beitt sér í Rómönsku Ameríku?
- °20. Glöggvaðu þig á byltingunni á Kúbu. – Í því viðfangi skyldi hugað að sigri byltingarmanna, markmiðum þeirra og stefnu í upphafi, viðbrögðum

Bandaríkjamanna, andsvari byltingar-stjórnarinnar við þeim og loks þróun mála á Kúbu undangengna áratugi.

°21. Hvernig hefur vinstrisveiflan, sem gengið hefur yfir í stjórnálum Rómönsku Ameríku hin síðari ár, lýst sér?

Umræðuefni

#1. Fidel Castro. – Stefna hans, ferill og áhrif verði tekin til umræðu og athugunar á grundvelli umfjöllunarinnar í kennslubókinni og meðfylgjandi „palladóms“ úr *Newsweek*, auk annarra heimilda sem kennari kann að benda á.

Hvað sagði vikuritið Newsweek um Fidel Castro aldarfjórðungi eftir valdatöku byltingarstjórnar hans á Kúbu?

Árið 1959 hefðu flestir stjórnarerindrekar hlegið sig máttlausa af þeirri hugmynd að skeggjaður byltingarmaður tæki völd á Kúbu, gerðist bandamaður Sovétríkjanna og yrði sem slíkur eilífur þyrnir í auga Bandaríkjamanna – og héldi uppteknum hætti að þessu leyti í 25 ár. En í liðinni viku, þegar Fidel Castro bjó sig til að halda 25 ára „silfurafmæli“ byltingar sinnar hátiðlegt, hafði hann margt til að halda upp á. Hverjur stórtónleikarnir eftir aðra, ballettsýningar og rúmbudans nött eftir nött var undanfari mikils fjöldafundar í Santiago á nýársdag. Sjálfur brá Castro út af venju með því að veita Patriciu J. Sethi, forstöðumannni skrifstofu *Newsweek* hjá Sameinuðu þjóðunum, þriggja klukkustunda einkaviðtal. Rauði þráðurinn í viðtalinnu var skýr og ótvíræður: Hann hafði haft á brattann að sækja en komist á leiðarenda.

Þegar Castro ávarpar þjóð sína getur hann talið sér margt til tekna, og ýmsu getur hann beinlínis staert sig af. Hann getur með fullum rétti haldið því fram að bylting hans hafi skilað þjóðinni drjúgan spöl fram á við. Full 96% kúbversku þjóðarinnar eru nú læs og skrifandi og það hlutfall gerist ekki öllu hærra annars staðar í heiminum. Landið hefur byggt upp fyrirtaks heilbrigðispjónustu sem stendur öllum til boða án endurgjalds og þar hafa nánast verið kveðnir niður margir þeir smitsjúkdómar sem hrjá mikinn hluta þriðja heimsins. Kúbverjar hafa leitt í lög skýr ákvæði gegn mismunun og það hefur ótvírætt komið konum og blökkumönnum til góða. Árslaun nema um eitt þúsund Bandaríkjadölu, en fáir Kúbverjar, ef þá nokkrir, búa við sára fátækt. Má í því sambandi vitna til orða sem sendiherra þriðjaheimsríkis í Havana lét falla: „Hér eru engin fátækrahverfi á borð við þau sem fyrirfinnast í Djakarta eða Kalkútta. Hér þekkist ekki þetta ógnardjúp milli ríkra og snauðra. Það eru engir betlarar á götunum.“

En á efnahagssviðinu stendur Kúba enn langt að baki kapítáliskum þriðjaheimsríkjum á borð við Taiwan og Kóreu. Á sjóunda áratugnum reyndi Castro að hrinda af stað iðnvæðingu þannig að eyjarskeggjar þyrftu ekki framvegis að treysta á eina útflutningsvöru – sykur – sem allt stæði og félli með. Sú viðleitni bar ekki tilætlæðan árangur. Bandaríkjamenn héldu nær frá upphafi uppi viðskiptabanni og öðrum efnahagsþvingunum gegn Kúbu, og að lokum gáfu Kúbverjar upp á bátinn vonir sínar um efnahagslegt sjálfstæði og sóttu árið 1972 um aðild að Comecon, efnahagsbandalaginu sem er undir handarjaðri Sovétmanna. Afleiðingin varð sú að Kúbverjar lento í gamalkunnu hlutverki: þeim var gert að framleiða sykur. Landið er nú háðara sovéskri aðstoð en nokkru sinni fyrr. Bandarískir aðilar áætla að aðstoð Sovétmanna nemi fjórum milljörðum dollara á ári. Sú upphæð nemur helmingi allrar aðstoðar Sovétmanna við önnur ríki. Jafnframt hafa Kúbverjar tekið mikil lán á Vesturlöndum. Þeir hafa nýlega endurfjármagnað um helming þessara skulda, en þær nema 3,5 milljörðum Bandaríkjadalara.

Vinnuafli. Castro hefur sent um 70.000 landa sína til útlanda. Flestir í þessum hópi eru hermenn, en þar er einnig um að ræða lækna, kennara og byggingaverkamenn. Þá má finna í 35 ríkjum í Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku. Þessi útflutningur Castros á vinnuafli hefur orðið til bess að Kúbverjum hefur áskotnast jafnt velvilji sem harður gjaldeyrir frá stjórnvöldum margra ríkja í þriðja heiminum. Sagt er að ríkisstjórn Angóla greiði stjórninni í Havana milljónir dollara ár hvert vegna þeirra 35.000 kúbversku hermannar sem styðja við bakið á henni í stríði hennar við skæruliða sem studdir eru af vestrænum ríkjum. En sumt hefur líka gengið Castro í óhag. Sú staðreyni að hann hefur fylgt Sovétmönnum að málum í hvívetna, jafnt í Ebjópíu sem Afganistan, hefur skapað gjá milli Kúbustjórnar og stjórnvalda í mörgum þriðjaheimsríkjum og valdið því að dregið hefur úr áhrifavaldi Castros í Samtökum óhádra ríkja.

Athugunarefni

Hvernig mat Newsweek aðstæður á Kúbu eftir að Castro hafði verið þar við völd í aldarfjórðung?

Heimildaverkefni

*1. Nemendur greini efni Havanayfirlýsingarinnar á grundvelli textans hér á eftir og leiti að því búnu svara við meðfylgjandi spurningum.

Havanayfirlýsingin frá árinu 1960

Havanayfirlýsingin var andsvar við þeirri stefnu Bandaríkjastjórnar að einangra Kúbu efnahags- og stjórnþálagi frá öðrum ríkjum í Vesturálfu. Hún er einnig staðfesting á þeirri stefnu Fidels Castros að breiða byltinguna út til annarra landa í Rómönsku Ameríku.

Þjóðfundur Kúbverja lýsir einróma því álti að lýðræði feli annað og meira í sér en geta gengið að kjörborði því að í kosningum ráða gósseigendur og atvinnupólítíkusar ferðinni og þar er ekki alltaf allt sem sýnist. Raunverulegt lýðræði veitir þjóðfélagsþegnum tækifæri til að taka eigin örlogi sínar hendur eins og gerst hefur á þessum þjóðfundi. Því er tómt mál að tala um lýðræði í Rómönsku Ameríku fyrr en alþýða manna í álfunni hefur tryggt sér sjálfssákvörðunarrétt ... Því fordæmir þjóðfundur Kúbverja eftirfarandi:

- stórgóssaskipulagið sem er undirrótin að eymdarkjörum landbúnaðarverkamanna ... ;
- ólæsið, kennaraskortinn, læknaskortinn og skortinn á skólum og sjúkrahúsum. Einnig þá staðreyni að ekki eru til neinar ellitryggingar, en úr þeirri vontun á enn eftir að bæta í löndum Vesturálfu;
- það misrétti sem blökkumenn og indiánar eru beittir;
- skortinn á jafnrétti kvenna á við karla og óhóflegt vinnuálag á konum;
- fámennisstjórn útvalinna herforingja og stjórnþálamanna sem halda þjóðunum í eymdarkjörum, standa í vegi fyrir lýðræðislegrí þróun og koma í veg fyrir að almenningur geti notið réttar síns;
- það fyrirkomulag að erlendu einokunaraðvaldi séu afhentar auðlindir landa okkar til nýtingar;
- þær ríkisstjórnir sem daufheyrist við óskum almennings til að þóknast fyrirmælum bandarískra stjórnvalda;
- þær kerfisbundnu blekkingar sem fjölmöðlar hafa í frammi gagnvart almenningi í þjónkun sinni við hagsmuni fárra útvalinna og kúgun heimsvaldasinna;
- einokunaraðstöðu bandarískra fréttastofa á fréttatflutningi, en þessar fréttastofur eru á mála hjá bandarískum auðhringum og útsendurum stjórnarinnar í Washington;

- hvers konar lagaákvæði sem banna verkamönum, bændum, stúdentum og menntamönum að bindast samtökum og berjast fyrir félagslegum og þjóðlegum rétti sínum;
- (...)

Að lokum fordæmir Þjóðfundur Kúbverja arðrán manns á manni og arðán heimsvaldasinna og hins alþjóðlega fjármálaauðvalds á íbúum þróunarlandanna.

Með tilvísun til þess er að framan greinir lýsir Þjóðfundurinn yfir eftirfarandi:

- bændur eiga rétt á að eignast jarðnæði; verkamenn rétt á að fá hlutdeild í þeim arði sem þeir skapa með vinnu sinni;
- börn eiga rétt á því að njóta skólagöngu ; sjúkir eiga rétt á læknishjálp og sjúkrahúsvist;
- fullvaxta fólk á rétt á atvinnu, námsmenn eiga að vera frjálsir að því að stunda nám, jafnt í hagnýtum sem fræðilegum greinum;
komið skal fram á mannsæmandi hátt við blökkumenn og indíána;
- konur skulu njóta jafnréttis við karla jafnt á stjórnálavettvangi sem í félagslegum efnum;
- gömlu fólkí á að tryggja áhyggjulaust ævikvöld;
- menntamenn, vísindamenn og listamenn eiga að geta beitt afli anda síns í þágu baráttunnar fyrir betri heimi;
- ríki eiga að hafa rétt til að þjóðnýta einokunarfyrirtæki erlendra auðherra og nýta jarðnæði og auðlindir í eigin þágu;
- allar þjóðir skulu eiga rétt á að stunda frjáls viðskipti við hvaða þjóð sem er ;
- allar þjóðir eiga rétt á óskoruðu fullveldi;
- þjóðum skal vera rétt að breyta herstöðvum í skóla og búa vopnum verkamenn, bændur, stúdenta, menntamenn, blökkumenn, indíána, konur, æskumenn og eldri borgara, svo og alla þá sem sætt hafa kúgun og arðráni svo að þessir hópar séu í færum um að verja rétt sinn.

Athugunarefni

1. Hvaða ágallar á samfélögum Rómönsku Ameríku sæta gagnrýni í þessari yfirlýsingu?
2. Hverjar framangreindra krafna geta talist eiga rót í hugmyndafræði kommunismans?
3. Hvað skilgreining á lýðræðishugtakinu er hér lögð til grundvallar?
4. Hvers vegna eru Bandaríkin sérstaklega höfð að skotspæni í yfirlýsingunni?

Heimild: Graninger og Tägil, *Källor till historien*. Lundi 1968.

*2. Nemendur kynni sér efni eftirfarandi kafla úr Kissinger-skýrslunni um málefni Mið-Ameríku og leiti í framhaldi af því svara við meðfylgjandi athugunarefnum.

Kissingerskýrslan um málefni Mið-Ameríku

Í janúar árið 1984 lagði nefnd á vegum Bandaríkjabings fram skýrslu um málefni Mið-Ameríku. Nefnd þessi starfaði undir forsæti Henrys Kissingers, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hér á eftir fer útdráttur úr skýrslu þessari :

Við gerum í skýrslu þessari tillögu um að ákveðinn hluti Vesturálfu, sem til þessa hefur verið vanræktur, fái umtalsverða aðstoð og verði ekki lengur settur hjá. (...)

Í fyrsta lagi eru Miðameríkuríkin nágrannar okkar. Þetta svæði hefur þar af leiðandi úrslitabýðingu fyrir öryggishagsmuni okkar. En það hangir fleira á spýtunni. Það sem gerist við bæjardyrnar hjá okkur er líka samviskusþurning fyrir okkur . Sagan, landfræðileg nálægð og sterkt ættarbönd tengja okkur við önnur lönd í

Vesturálfu – og þetta á ekki síst við um Miðameríkuþjóðirnar. Þegar Franklin Roosevelt markaði á sínum tíma „stefnu hins góða granna“ var það meira en einbert orðagjálfur. Hugtakið sjálft er holdtekja allra menningarlegra samskipta, ekki bara manna í milli, heldur einnig í samskiptum þjóða. Þegar grannar okkar eiga í erfiðleikum og við vanda að stríða megum við ekki loka augunum fyrir því og halda að þar með séum við laus allra mála.

Í öðru lagi felur núverandi ófremdarástand í sér ákall og áskorun til okkar því að það skiptir máli hvort við bregðumst við eða sitjum með hendur í skauti. Hér er um smáriki að ræða og þau eru nágrannar okkar – og því getur framlag sem litlu breytti við aðrar aðstæður og á öðrum vettvangi skipt miklu máli í þessu tilviki.

Í þriðja lagi: Auðvitað kostar eitthvað að taka á málum nú, en hitt er ljóst að mun kostnaðarsamara er að láta reka á reiðanum og grípa svo til aðgerða síðar. (...)

Það eru nokkur atriði sem ganga eins og rauður þráður gegnum alla skýrsluna.

Í fyrsta lagi: Saga Mið-Ameríku er slík raunasaga að skoða verður alla þætti núverandi ófremdarástands í samhengi. Það á jafnt við stjórnmál, efnahagsástand og félagslega ólgu. (...)

Í öðru lagi: Ríkjandi ófremdarástand á rót sína bæði í aðstæðum innanlands sem í utanaðkomandi íhlutun. Óánægja íbúanna er staðreynd, enda býr mikill hluti þeirra við eymdarkjör. Það var jarðvegur fyrir byltingu í Nikaragúa og slíkar aðstæður finnast viðar í Mið-Ameríku. Utanaðkomandi andstæðingar okkar hafa fært sér þessar aðstæður í nyt, einkum þá Kúbverjar með bakstuðningi Sovétmanna. Það eru þessi öfl sem nú ráða ferðinni í Nikaragúa. Takist þeim að eigna sér byltingu verður um leið til alræðisríki sem ógnar öllu svæðinu og þá er um leið búið með allt frelsi þjóðinni til handa.

Í þriðja lagi: Innlend umbótahreyfing, jafnvel þótt hún finni sér farveg alþýðubytingar, felur ekki í sér neina ógn við öryggi Bandaríkjanna. En íhlutun árásargjarnra utanaðkomandi ríkja, sem færa sér í nyt misrétti og ranglæti á svæðinu í því skyni að styrkja pólitisk áhrif sín og hernáðarstöðu – slík íhlutun felur í sér alvarlega ógnun við Bandaríkin og allan hinn vestræna heim.

Í fjórða lagi: Okkur ber beinlíns skylda til að beita okkur í þágu nauðstaddir meðbraeðra okkar í Mið-Ameríku og styðja þá við lausn vandamála af efnahagslegum og félagslegum toga. Við eignum samleið með öðrum þjóðum Norður- og Suður-Ameríku að því leyti að það er allra hagur að stutt sé við bakið á lýðræðisstjórnun alls staðar þar sem þær eiga í völk að verjast í þessum heimshluta.

Í fimmta lagi: Mið-Ameríka þarf á jafnt efnalegum sem siðferðislegum stuðningi að halda og þar þurfa aðstoð okkar að halda, en hún ein dugar ekki til. Umbætur heimaþyrir, utanaðkomandi aðstoð, eigin viðleitni, breytt efnahagsstefna – þetta þarf allt að koma til og það verður að fella í eina heild. Og önnur ríki, sem eru aflögufær, eiga að leggja sitt af mörkum. Það á ekki aðeins við um Ameríkuríki, heldur einnig ríki í Evrópu og Asíu.

Í sjöunda lagi: Ófremdarástandið er staðreynd. Við megum engan tíma að missa. (...)

Athugunarefni

1. Hverjar eru skýringar nefndarinnar á ólgu og átökum í Mið-Ameríku?
2. Hvaða hugmyndir gera nefndarmenn sér um hlutverk Bandaríkjamanna í þessu viðfangi?

III.4 Smárikið Ísland í köldu stríði

Atriði til athugunar í texta

- °1. Hvaða viðhorf gagnvart Íslandi mótuðust meðal bandarískra ráðamanna á árum heimsstyrjaldarinnar síðari?
- °2. Herstöðvabeiðni Bandaríkjamanna haustið 1945 og viðbrögð við henni.
- °3. Glöggvaðu þig á Keflavíkursamningnum haustið 1946. Gefðu í því viðfangi einkum gaum að eftirfarandi atriðum:
 - a) nálgun Ólafs Thors að málinu
 - b) afstöðu sósíalista til málsins
 - c) umræðunni í þjóðféluginu
 - d) hvernig aðstöðu Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli var hártað á árunum 1946–51.
- °4. Hvernig hófust formleg samskipti Íslands og Sovétríkjanna og hvaða hugmyndir gerðu Sovétmenn sér um framtíðarstöðu Íslands í stríðslok?
- °5. Glöggvaðu þig á viðskiptum Íslands og Sovétríkjanna á árunum 1946–47. Gefðu í því viðfangi einkum gaum að eftirfarandi:
 - a) hvers vegna var nýsköpunarstjórnin svo áfram um að koma á viðskiptum við Sovétríkin?
 - b) hvaða sjónarmið mótuðu einkum afstöðu Sovétmanna til þessara viðskipta?
 - c) í hverju voru viðskipti þessi einkum fólgin og hvernig var þeim hártað?
- °6. Stjórnarkreppan eftir slit nýsköpunarstjórnarinnar og lausn hennar um síðir.
- °7. Hvers vegna var Bandaríkjastjórn frá upphafi mjög áfram um að Ísland yrði aðili að Marshallaðstoðinni?
- °8. Glöggvaðu þig á framkvæmd Marshallaðstoðarinnar gagnvart Íslendingum.
- °9. Glöggvaðu þig á sterkri stöðu sósíalista í verkalýðshreyfingunni og forsendum hennar.
- °10. „Kalda stríðið“ í íslenskri verkalýðshreyfingu á árunum 1948–54.
- °11. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og aðdragandi hennar. Glöggvaðu þig sérstaklega á þeim skilmálum eða fyrirvörum sem settir voru í tengslum við aðildina.
- °12. Hvernig mátu íslenskir ráðamenn annars vegar og bandarískir ráðamenn hins vegar öryggi Íslands eftir að landið gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu?

- °13. Glöggvaðu þig á tengslum og afstöðu íslenskra kommúnista og síðan sósíalista til Sovétríkjanna og alþjóðamála yfirleitt.
- °14. Glöggvaðu þig á starfi þeirrar leynilegu öryggisþjónustu sem stofnuð var hér á landi árið 1950 og starfaði næstu áratugina. Gefðu í því viðfangi einkum gaum að eftirfarandi:
- a) starfsháttum og helstu áhersluþáttum í starfi hennar
 - b) samstarfi hennar við bandarísk yfirvöld
 - c) hver urðu afdrif þeirra upplýsinga og gagna sem safnað var
 - d) viðbrögðum hérlendis þegar uppskátt var gert um þessa starfsemi
- °15. Símhleranir á tíma kalda stríðsins. Hver voru hlerunartilefnin og að hverjum beindust símhleranirnar?
- °16. Glöggvaðu þig á því hvernig kalda stríðið á Íslandi birtist á menningarsviðinu. Gefðu í því viðfangi einkum gaum að eftirfarandi:
- a) kalda stríðinu á bókmenntavettvangi
 - b) starfsemi MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, annars vegar og Íslensk-ameríkska félagsins og Upplýsingabjónustu Bandaríkjanna, hins vegar.
 - c) deilunum um útvarps- og sjónvarpsrekstur Bandaríjahers á Íslandi
- °17. Endurnýjun sovétviðskipta Íslendinga frá árinu 1953.
- °18. Hvaða tvenn tíðindi urðu á flokkspólítískum vettvangi á Íslandi á árunum 1952–53?
- °19. Hugmyndir bandarískra ráðamanna á árunum eftir 1951 um aukna hernaðaraðstöðu og viðbrögð hérlendis við þeim.
- °20. Hvernig brást ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkus við lokum Marshallaðstoðarinnar?
- °21. Alþingiskosningarnar 1956 og aðdragandi þeirra.
- °22. Glöggvaðu þig á samspilinu milli fyrirhugaðrar uppsagnar varnarsamningsins og lánsfjárlunar stjórnvalda erlendis í tíð vinstri stjórnarinnar fyrri.
- °23. Afstaða viðreisnarstjórnarinnar í utanríkis- og alþjóðamálum.
- °24. Glöggvaðu þig á þeim breytingum sem urðu á hlutverki herstöðvar Bandaríjamanna í Keflavík og á hernaðarmikilvægi Íslands á tíma kalda stríðsins.

- °25. Hvernig breyttust áherslur Framsóknarfloksins í utanríkismálum meðan hann var í stjórnarandstöðu á viðreisnarárunum? Hvernig má skýra þessar áherslubreytingar?
- °26. Hvaða nýju stjórnmálaöfl tóku þátt í alþingiskosningunum árið 1971 og að hvaða leyti voru þær sögulegar?
- °27. Glöggvaðu þig á stefnumörkun vinstri stjórnarinnar 1971 í utanríkis- og landhelgismálum.
- °28. Hver væru helstu rökin fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur?
- °29. Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur og landhelgisstríðið sem sigldi í kjölfarið. Hvað fólkst í bráðabirgðasamkomulagi Íslendinga og Bretta sem gert var haustið 1973?
- °30. Glöggvaðu þig á þeim átökum sem stóðu 1973–74 um það stefnumið vinstri stjórnarinnar að segja upp varnarsamningi Íslands við Bandaríkin.
- °31. Hver voru meginatriðin í viðræðugrundvelli vinstri stjórnarinnar frá mars 1974 vegna áformaðra samningaviðræðna við Bandaríkjumenn?
- °32. Glöggvaðu þig á baráttuhreyfingum gegn bandarískri hersetu á Íslandi:
- Andspyrnuhreyfingin gegn her í landi
 - Samtök hernámsandstæðinga
 - Samtök herstöðvarandstæðinga
- °33. Hvaða samtök voru stofnuð til stuðnings þáttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og samstarfi Íslendinga við Bandaríkin og önnur vestræn ríki?
- °34. Glöggvaðu þig á þeirri breytingu sem varð á hernaðarmikilvægi Íslands eftir að kalda stríðinu lauk og hvernig endalok bandarískrar hersetu á Íslandi bar að höndum.

Heimildaverkefni

- *1. Nokkrir íslenskir stjórnmálamenn sem komu við sögu í deilunum um Keflavíkursamninginn, aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og gerð varnarsamningsins við Bandaríkin hafa ritaoð endurminningar sínar eða þær verið skráðar eftir þeirra frásögn. Berið saman lýsingar þeirra á þessum atburðum og hafið jafnframt til hliðsjónar skrif fræðimanna og annarra um efnið. – Nemendur í bekk/námshópi skipti sér í „rannsóknateymi“ um einstaka þætti málsins.

III.5 Bandaríkin frá lokum síðari heimsstyrjaldar

Athugunarefni í texta

- °1. Hvaða rök liggja til þess að margir hafa viljað kenna tímabilið frá lokum síðari heimsstyrjaldar við „amerísku öldina“?
- °2. Glöggvaðu þig á þeim myndum sem bandarískt neyslujóðfélag tók á sig á „gullöld kapitalismans“ á árunum 1945–70?
- °3. Glöggvaðu þig á megindráttum í stjórnmálaþróun í Bandaríkjunum á árunum 1945–60.
- °4. Glöggvaðu þig á tilkomu og vaxandi umsvifum fjölbjóðafyrirtækja á sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar.
- °5. Segja má að gloppur hafi verið í þeirri hagsæld sem Bandaríkjamenn bjuggu við áratugina eftir síðari heimsstyrjöld. Hvernig lýsti það sér?
- °6. Taktu saman yfirlit yfir helstu viðburði á innlendum og erlendum vettvangi í forsetatíð Johns F. Kennedys.
- °7. Hver urðu áhrif stríðsrekstursins í Vietnam á stöðu Johnsons forseta og þjóðlíf heima fyrir í Bandaríkjunum?
- °8. Á sjöunda áratugnum gætti ýmissa hræringa í bandarísku þjóðlífí sem kenna má við andófsmenningu. Hverjar voru helstu birtingarmyndir hennar?
- °9. Glöggvaðu þig á forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 1968.
- °10. Ferill Nixons á forsetastóli og brotthvarf hans úr embætti.
- °11. Á áttunda áratugi liðinnar aldar rötuðu Bandaríkjamenn í talsverðar efnahagsþrengingar. Hvernig lýstu þær sér og hverjar voru orsakir þeirra?
- °12. Ferill Jimmys Carters á forsetastóli.
- °13. Glöggvaðu þig á ferli Reagans áður en hann varð forseti. – Hvaða áhrifamiklu öfl í bandarísku þjóðlífí áttu mikinn þátt í sigri hans?
- °14. Hverjar voru helstu áherslurnar í stefnu Reagans á innlendum vettvangi og hver urðu áhrif / afleiðingar þeirrar stefnu?
- °15. Hvaða atriði í fari og framgöngu Reagans áttu ótvírætt þátt í að efla vinsældir hans meðal almennings?

Umræðuefní

#1. Nemendur glöggvi sig á meðfylgjandi lýsingu og taki að því búnu til umræðu meðfylgjandi athugunarefni – svo og aðra fleti þessara mála sem upp kunna að koma.

„*The American Way of Life*“

Eftirfarandi er tekið úr bókinni *USA – drøm og virkelighed* eftir Jørgen F. Pedersen. Khöfn 1976.

Sé ekið frá austurströndinni til vesturs verður maður svo sannarlega var við það að Bandaríkjumenn eru stöðugt á faraldsfaeti. Allt frá upphafi landnáms hvítra manna hefur sá háttur að taka sig upp og leggja land undir fót í því skyni að hefja nýtt líf verið miklum mun útbreiddari en í Evrópu þar sem landamæri, tungumál og ólkir lífshættir voru hemill á meiri háttar þjóðflutninga, og við höfum nú síðast séð af dæmi gisti verkamanna hve aðlögun nýbúa getur verið miklum erfiðleikum bundin.

Fyrir einni öld [okkar viðmið nú gæti þá verið 130–50 ár] fólu búferlaflutningar til vesturs í sér ferð um torleiði á vit hins óþekkta. Landið gat verið torsótt yfirferðar, vatn gat verið af skornum skammti og stundum herjuðu stigamenn eða indíánar á landnemana þar sem þeir, fótgangandi eða á hestvögnum, reyndu að komast yfir hvern fjallgarðinn af öðrum.

Nú er öldin önnur ef verkamenn ákveða að freista gæfunnar á vesturströndinni, vegna atvinnubrests í austurríkjum. Kannski er málið ekki flóknara en svo að menn taka einfaldlega húsbílinn sinn úr sambandi á tjaldsvæðinu þar sem þeir hafa átt sitt „mobile home“ og halda í vesturveg á loftkældum og þægilegum húsbílum.

Hugsast getur að menn rekist á vegaræningja, en aðalvandinn felst í því að finna aðra góða atvinnu.

Því er nefnilega líkt farið nú og þegar sóknin til vestur var í algleymingi að aðstæður í fyrirheitna landinu í vestri eru ekki svo mjög frábrugðnar því sem menn bjuggu við í austurríkjum. Það verður æ algengara í Bandaríkjum að búa í „mobile home“. Nú [þ.e. 1976] eru þau um fimm milljónir talsins af öllum stærðum og gerðum og 25% allra nýrra heimila sem verða til ár hvert eru þeirrar gerðar. Fyrir margt lágtækjufólk eru þau einfaldlega ódýrasti valkosturinn við lélega íbúð í einhverjum stórborgarkjarnanum, og fyrir marga aðra rætist gamall frelsisdraumur með þessum hætti. Sé maður staddir á einhverjum hinna ótalmörgu innanlandsflugvalla í Bandaríkjum – margir þeirra eru stærri en Kastrupflugvöllur – fær maður líka þá mynd að hér sé þjóð á ferð og flugi. Landið er svo margbreytilegt – þar er svo mikil fjölbreytni í náttúrufari, atvinnuháttum og samfélagsgerðinni – að erfitt er að skjóta rótum á einhverjum ákveðnum stað, og meðaljóninn í Bandaríkjum hefur marga fjöruna sopið.

Jafnframt veitum við því athygli hve Bandaríkjumönnum er lagið að gefa öllu sama svipmót – eyða náttúrulegum aðstöðumun. Sem dæmi má nefna að í öllum stærri borgum er að finna nákvæmlega eins „Strip City“, þ.e. aðalgötu þar sem auglýsingaskilti blasa við eins og þéttur skógur og öll stórfyrirtæki í bensín- og olíusölu og byggingariðnaði, svo og helstu skyndibitakeðjurnar, hafa starfsstöðvar sínar.

Eftir að hafa lagt dagleið að baki – gjarnan 800 kílómetra – leita menn sér gistingar á mótelí í „Strip City“. Oftast á fólk val um allmörg mótel, en þau eru hvert öðru lík. Hér sækjast menn ekki eftir þeim finheitum að gista á hoteli. Á mótelinu fá menn það sem þeir sækjast eftir, svefnpláss í átta tíma. Gluggatjöld og rúmföt eru úr gerviefnum og herbergin, sem alltaf eru með baði, eru máluð í skærum litum. Iðulega er myndin á sjónvarpsskjánum óskýr. Loftkælingin er líka oftar en ekki hávær. Sjálfsali fyrir goddrykki og kælir þar sem hægt er að fá klaka út í sjússinn. Gestir greiða fyrir gistinguna við komu, annaðhvort með reiðufé eða með greiðslukorti. Það er erfitt að komast af í Bandaríkjum nema að vera með greiðslukort því að umráð

yfir korti eru staðfesting á því að American Express eða einhver önnur stórfyrirtæki í fjármálaheiminum skrifí upp á það að manni sé treystandi í peningasökum.

Í „Strip City“ getur fólk fengið nánast öllum þörfum sínum fullnægt. Ef garnirnar eru farnar að gaula í manni er um tugi skyndibitastaða að velja. Það er hægt að fá sér hamborgara á McDonald – en þar eru sérfræðingarnir í þeiri greint. Keðjan er með 2500 veitingastaði um öll Bandaríkin og þar hafa verið útbúnir [þ.e. 1976] fimmtán milljarðar hamborgara. Við gætum líka keypt okkur körfu með djúpsteiktum og grilluðum kjúklingabitum, sannkallað „fingerlicking fun“ ... Enginn fer um fótgangandi í „Strip City“ – skipulagið býður ekki upp á það, og ef við nennum ekki að fara út úr bílnum ökum við að lúgunni hjá „karlinum í kassanum“ („Jack-in-the-Box“) og gegnum bígluggann pöntum við hjá Jack sjálfum, en það er kassi með matseðli, hljóðnema og hátalara. „Með eða án tómatsósu,“ spryr Jack kannski á móti og þegar pöntuninni hefur verið komið á framfæri flytjum við okkur um set svona tíu metra að afgreiðslulúgunni og tökum við matnum sem búið er að pakka inn. Hann má svo borda meðan horft er á mynd í næsta bílabíói – og bergja þá um leið á guðaveigum sem sóttar hafa verið í næstu vínbúð.

Endirinn verður svo kannski sá að koma verður við í bílahraðbankanum.

Í „Strip City“, sem minnir að sumu leyti á markað („basar“) í Austurlöndum, stendur mönnum líka til boða að heimsækja ítalska pizzustaði, staði sem selja kínamat til heimtöku, bari og næturklúbba þar sem berbrjósta dansmeyjar leika listir sínar. Þar eru líka baðhús og klámbúllur. Síðastnefndu búðirnar eru nýjar af nálinni því að Bandaríkjamenn almennt hafa til skamms tíma verið andsnúrir klámi og gagnrýnt harðlega það frjálsræði sem ríkir í þessum efnum í Danmörku [ath. textinn er frá áttunda áratugi liðinnar aldar].

Mörgum útlendingum finnst „Strip City“ hræðilega óyndislegur staður þar sem bílatilbeíðsla og fjöldalágmenning ríkir öllu ofar. Í augum margra Bandaríkjamanna hefur staðurinn ekki aðeins hagnýtu hlutverki að gegna – ekki síst þegar hjón vinna bæði utan heimilis og vilja fá kvöldmat án þess að hafa of mikið fyrir því – heldur er hann gæddur sérstökum þokka, sem kunnuglegt umhverfi fær í heimi sem er sífelldum breytingum undirorpinn.

Fyrir sumum Bandaríkjamönnum er skiltaskógarinn í „Strip City“ hinn eini og sanni skógur.

Athugunarefni

1. Berið „The American Way of Life“ saman við lífsstíl Íslendinga. Má þá annars vegar hafa í huga lífsstíl Íslendinga nú um stundir, en hins vegar þann lífsstíl sem einkenndi áttunda áratug liðinnar aldar.
2. Dragið fram jákvæða og neikvæða drætti í lífsstíl Bandaríkjamanna eins og hann birtist í lýsingunni hér að framan.

III.6 Sovétríkin eftir 1945

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á stöðu Sovétríkjanna og aðstæðum innanlands í stríðslok.
- °2. Tímabilaskipting í sögu Sovétríkjanna eftir 1945.
- °3. Hvernig gekk viðreisnarstarfið í Sovétríkjunum eftir stríð?
- °4. Hvað felst í hugtakinu samvirk forysta?
- °5. Hvað fólst í því sem nefnt hefur verið uppgjör Khrústsjovs við Stalín og dragðu fram dæmi um áhrif þess heima fyrir?

- °6. Hvernig lýsti sér sú þíða í menningarlífí sem gætti um skeið í valdatíð Khrústsjovs?
- °7. Í kennslubókinni er komist svo að orði að Khrústsjov hafi haft meiri áhuga á landbúnaðarmálum en nokkur annar sovéskur leiðtogi. Taktu saman yfirlit yfir aðgerðir sem hann beitti sér fyrir í þeim málaflokki, árangur þeirra og afleiðingar.
- °8. Hvaða rök og skýringar voru bornar fram til að réttlæta brottvikningu Khrústsjovs úr embætti haustið 1964?
- °9. Er leið á valdaskeið Besnevs og félaga þróaðist í æ ríkari mæli það sem kallað hefur verið öldungaveldi í flokki og ríki. Dragðu fram helstu birtingarmyndir þessa.
- °10. Glöggvaðu þig á helstu einkennum þeirrar þjóðfélagsgerðar sem orðin var til í Sovétríkjunum frá og með sjötta og sjöunda áratugi síðustu aldar.
- °11. Hverjar voru birtingarmyndir þeirra stöðnunar – og jafnvel hnignunar – sem gætti í vaxandi mæli í Sovétríkjunum undir lok Bresnjevstímans?
- °12. Glöggvaðu þig á hreyfingu andófsmanna í Sovétríkjunum, áhrifum hennar og ólíkum straumum í þeirra hópi.
- °13. Á áttunda og níunda áratugi síðustu aldar áttu Sovétmenn við vaxandi efnahagsvanda að stríða. Glöggvaðu þig á ólíkum birtingarmyndum hans.

Heimildaverkefni

*1. *Uppgjörið við Stalín.* – Hér fara á eftir kaflar úr ræðu Khrústsjovs á 20. flokksþinginu. Textinn er tekinn eftir *New York Times* hinn 5. júní 1956. – Kynntu þér ræðuna og efni hennar og leitaðu í framhaldi af því svara við þeim athugunarefnum sem fram eru borin í lokin.

Félagar! Þegar við gagnrýnum nú harðlega persónudýrkun þá sem var svo útbreidd í tíð Stalíns og drögum fram margvíslegar, neikvæðar afleiðingar hennar sem eru svo framandi hugmyndaheimi Marx og Leníns, er ekki að undra þótt ýmsir spyrji þeirrar spurningar hvernig betta hafi getað gerst.

Stalín var leiðtogi flokks og ríkis í þrjá áratugi og margt ávannst á þeim tíma; getur nokkur borið á móti því? Ég er þeirrar skoðunar að þannig spyrji þeir einir sem slegnir eru blindu og gersamlega dáleiddir af völdum persónudýrkunarinnar. Þannig spyrja þeir sem ekki skilja hvað í byltingunni felst né heldur fyrir hvað Sovétríkin standa. Þannig spyrja einungis þeir sem ekki hafa tileinkað sér lenínskan skilning á því hlutverki sem flokkurinn og alþýðan hafa gegnt í þróun sovéks samfélags.

Það væru verkalýðurinn og fátækir bændur sem gerðu hina sósíalísku byltingu með stuðningi nokkurs hluta miðlungsbænda. Hér var á ferð alþýðubyting sem Bolsévikaflokkurinn leiddi. Hið mikla afrek Leníns fólst í því að byggja upp baráttuflokk verkalýðsins (...) og flokkurinn stælti krafta sína í þeirri orrahríð sem byltingarbaráttu fjöldans fól í sér. Í þessari baráttu barðist flokkurinn ævinlega fyrir

hagsmunum alþýðu og varð forystusveit fjöldans í baráttu hans fyrir þjóðfélagsvöldum og stofnun fyrsta ríkis sósíalismans.

Sögulegir sigrar okkar eru afraksturinn af brotlausu flokksstarfi og fórnfúsu starfi allrar alþýðu og flokksdeilda hvarvetna í okkar stóra landi. Sigrarnir eru ávoxtur háleitra markmiða sem þjóðin og flokkurinn í heild hafa sett sér og unnið að því að gera að veruleika. Þeir eru ekki Stalín og forystuhlutverki hans að þakka, eins og látið var ligga að á tímum persónudýrkunarinnar.

Sem lenínistar hljótum við að beita mælistiku marxismans til að greina þetta mál, og þá komumst við ótvírætt að þeirri niðurstöðu að starfshættir Stalíns í leiðtogahlutverkinu síðustu árin hafi verið alvarlegur hemill á samfélagsþróunina í Sovétríkjunum.

Það gerðist iðulega að Stalín dró svo mánuðum skipti að taka til umfjöllunar brennandi úrlausnarefni á vettvangi flokks og ríkis, málefni sem boldu enga bið. Í valdatíð Stalíns hljóp oft snurða á þráðinn í samskiptum okkar við umheiminn því að hætt er við að ákvárdanir, sem einn maður tekur án samráðs við aðra, geti dregið dilk á eftir sér, eins og dæmin sanna.

Nú hin síðustu ár hefur skaðlegum áhrifum persónudýrkunarinnar verið úthýst og gripið hefur verið til margvíslegra, viðeigandi aðgerða jafnt í utanríkis- sem innanríkismálum. Það blasir við öllum hvílíkum árangri þetta hefur skilað. Sköpunarkraftur hinnar vinnandi alþýðu hefur leyst úr læðingi og það hefur haft mikil og góð áhrif á efnahagsþróun og menningarlfí í landinu.

Búast má við að einhverjir félagar okkar spryji: Hvers vegna tóku fulltrúar í stjórnmálanefnd miðstjórnar flokksins ekki á málínu? Hvers vegna gripu þeir ekki til aðgerða gegn persónudýrkuninni áður en það var um seinan? Hvers vegna er fyrst núna tekið á málum?

Því er fyrst til að svara að fulltrúar í stjórnmálanefndinni á liðnum áratugum litu þetta mál ólíkum augum. Í upphafi studdu margir þeirra Stalín eindregið, enda var hann vel heima í fræðikenningu marxismans og rökfestu hans, kraftur og viljastyrkur hafði mikil áhrif á flokksstarfið og almenna flokksmenn. (...)

Á síðari stigum tók Stalín í æ ríkari mæli að misbeita valdi sínu og beindi þá spjótum sínum að forystumönnum í flokknúum og stjórnkerfinu. Jafnframt var þá farið að beita aðferðum ógnarstjórnar gagnvart heiðvirðum sovétborgurum. (...)

Ef einhver reyndi að bera á móti ásökunum og grunsemendum sem enginn fótur var fyrir varð sá hinn sami ógnarstjórninni að bráð. (...)

Félagar! Við verðum að kveða persónudýrkunina niður í eitt skipti fyrir öll. Við verðum að draga réttar ályktanir af því sem gerðist og leggja þær til grundvallar jafnt í hugmyndafræðilegum efnum sem í hagnýtu starfi.

Til að svo megi verða þarf að gæta að eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi hljótum við sem bolsévikar að fordæma og uppræta persónudýrkunina, enda stangast hún á við kenningar Marx og Leníns og brýtur gegn þeim grundvallarreglum sem gilda eiga um forystu flokksins og flokksstarfið almennt. Við verðum að berjast hlífðarlaust gegn öllum tilraunum til að hverfa aftur til þeirra hárta sama hvernig þær birtast.

Við verðum að fylgja eftir í verki og hefja til vegs að nýju meginsannindi vísindalegrar hugmyndafræði marxismans og lenínismans: Kenninguna um fjöldann sem geranda söguþróunarinnar og skapara allra andlegra og efnislegra gæða sem mannkynið nýtur og kenninguna um forystuhlutverk hins marxískra byltingarflokks í baráttunni fyrir umsköpun samfélagsins sem leiðir til sigurs kommúnismans.

Þetta útheimtir brotlaust starf. Það felst í því að beita fræðikenningu marxismans og lenínismans til að brjóta til mergjar á gagnrýninn hátt þau röngu og um leið útbreiddu sjónarmið sem persónudýrkunin hefur alið af sér. (...) Mjög brýnt er að þegar verði hafist handa við að rita vandaða kennslubók í sögu flokksins. Við samningu hennar má í engu víkja frá hlutlægniskröfum marxismans. (...)

Í öðru lagi verðum við að framfylgja skipulega og kerfisbundið þeirri stefnu sem miðstjórn flokksins hefur markað á næstliðnum árum. Þar er lögð alveg sérstök áhersla á að forysta flokksins haldi lenínskar meginreglur í heiðri (...), en þar ber

hæst grundvallarregluna um samvirka forystu (...) ; ekki má heldur gleyma því að hafa stöðugt uppi gagnrýni og viðhafa sjálfsgagnrýni (...)

Við verðum að bæta að fullu fyrir það mikla tjón (...) sem varð á þeim langa tíma sem persónudýrkunin reið hér húsum. (...)

Athugunarefni

1. Hverjar eru skýringar Khrústsjovs á því að ekki var gripið fyrr í taumana gagnvart persónudýrkuninni?
2. Veltið upp hvaða skýringar kunni að vera á því að leiðtoga kommúnistaflokka / -ríkja hafa iðulega verið hafnir á stall með tilbeíðslukenndum hætti.

III.7 Austurlönd nær frá miðri 20. öld til nútímans

Athugunarefni í texta

- °1. Taktu til athugunar flutninga gyðinga til Palestínu (sbr. töflu í kennslubókinni) og til Ísraels eftir að þetta ríki gyðinga var stofnað.
- °2. Samyrkjubúin (kibbutz) eru gagnmerkur þáttur í landnámi, gyðinga í Palestínu og sögu Ísraels í upphafi. Glöggvaðu þig á því hvers konar fyrirbæri hér er um að ræða.
- °3. Glöggvaðu þig á stöðu atvinnumála og atvinnuþróun í Ísrael eftir stofnun ríkisins.
- °4. Glöggvað þig á stjórnmálakerfinu í Ísrael og þróun þess.
- °5. Hvenær varð vandi palestínskra flóttamanna til og hvernig hefur hann magnast í áranna rás?
- °6. Glöggvaðu þig á því hvaða ný ríki urðu til í arabaheiminum fyrstu áratugina eftir síðari heimsstyrjöld. – Gefðu jafnframt gaum að því hve ólíkar innbyrðis aðstæður arabaríkjanna eru.
- °7. Hverjar voru áherslur Nassers Egyptalandsforseta á þeim árum þegar hann kallaði eftir forystuhlutverki í arabaheiminum?
- °8. Taktu saman yfirlit yfir Súezdeiluna, aðdraganda hennar, atburðarás og afleiðingar.
- °9. Stofnun Frelsissamtaka Palestínu (PLO) og stefnuáherslur þeirra í upphafi.
- °10. Sex daga stríðið: Aðdragandi og upptök, gangur og niðurstaða.
- °11. Jom Kippúrstríð 1973. Hverjir tókust þar á og hvernig lyktaði átökunum.
- °12. Camp David-samkomulagið. – Hverjir komu að því, hvað fól það í sér og hver urðu áhrif þess?
- °13. Klerkabyltingin í Íran og aðdragandi hennar.
- °14. Þróun mála í Írak frá valdatöku Baathfloksins og fram að innrás Íraka í Kúveit.

- °15. Glöggvaðu þig á því hvernig Saddam Hússein tefldi valdatafl sitt gagnvart stórveldunum á áttunda og níunda áratugi síðustu aldar.
- °16. Hvert var baksvið innrásar Íraka í Kúweit og hvernig réttlætti Saddam Hússein aðgerðir sínar?
- °17. Flóastríðið 1991: Aðdragandi þess, gangur og niðurstaða.
- °18. Hvað er það sem átt hefur mestan þátt í því að Austurlönd nær hafa svo mjög verið í brennidepli heimsmála undangengna áratugi?
- °19. Samtök olíuútflutningsríkja (OPEC) og starfsemi þeirra. Reyndu jafnframt að glöggva þig á þróun heimsmarkaðsverðs á olíu.
- °20. Hvernig má skýra það að Frelsissamtök Palestínu (PLO) félru frá upphaflegu stefnumiði sínu um að bundinn yrði endir á tilvist Ísraelsríkis og féllust á að viðurkenna tilvist þess?
- °21. Osloarsamkomulagið: Hverjir komu að gerð þess, hvert var inntak þess og hverjar voru forsendur samkomulagsins, annars vegar í röðum Palestínuaraba, en hins vegar af hálfu Ísraelsmanna?
- °22. Hvað varð öðru fremur til þess að framkvæmd Osloarsamkomulagsins rataði í blindgötu?
- °23. Hvaða fyrirbæri er það sem nefnt hefur verið „vegvísir til friðar“.
- °24. Gerðu yfirlit yfir þróun mála meðal Palestínumanna frá andláti Jassírs Arafats.

Umræðuefni

- #1. Íraksstríðið og eftirmál þess.
- #2. Núverandi ástand og horfur í deilum Ísraels og Palestínuaraba.

Heimildaverkefni

- *1. Kynntu þér efni eftirfarandi texta og leitaðu svara við þeim álitaefnum sem fram eru borin í lokin.

Yfirlýsing um þjóðréttindi Palestínumanna samþykkt í júlí 1968 (útdráttur)

- 1.gr. Palestína er ættjörð Palestínuaraba og óaðskiljanlegur hluti af landi arabísku þjóðaheildarinnar. Palestínuþjóðin er órjúfanlegur hluti hinnar arabísku þjóðaheildar.
- 2.gr. Palestína, innan þeirra landamæra sem landið hafði á tíma umboðsstjórnar Bretta, er órofa ríkisheild.

3.gr. Palestínuarabar eiga lagalegan rétt til að ráða ættjörð sinni og þegar þeir hafa frelsað land sitt eiga þeir einnig rétt á að ákvarða framtíð sína í samræmi við vilja og óskir almennings og án nokkurrar utanaðkomandi íhlutunar.

4.gr. Palestínumenn eru gæddir meðfæddri, sannri og lifandi þjóðvitund sem hver ný kynslóð tekur í arf frá foreldrum sínum. Hernám siónista og þau skakkaföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir og leitt hafa til dreifingar hennar, breyta engu um tilvist þessarar palestínsku þjóðvitundar eða hlutdeild einstaklinganna í samfélagi Palestínearaba. Þeir afneita heldur ekki þessari þjóðvitund né samkennd.

5.gr. Palestínumenn teljast allir þeir arabar sem voru palestínskir þegnar og áttu heimilisfesti í Palestínu árið 1947. Gildir þá einu hvort þeir bjuggu þar áfram eða voru flæmdir á brott. Allir þeir sem í heiminn eru bornir eftir það og eiga palestínskan föður teljast einnig Palestínumenn. Gildir þá einu hvort þeir eiga heimilisfesti í Palestínu eða í öðrum löndum.

6.gr. Þeir gyðingar sem áttu heimilisfesti í Palestínu áður en innrás siónista hófst teljast einnig Palestínumenn.

Athugunarefni

1. Hverjir teljast Palestínumenn skv. því sem segir í yfirlýsingunni?
2. Hvaða efnisatriði þessarar yfirlýsingar telur þú vera mestan þyrni í augum Ísraelsmanna?

Heimild: Johan Bender, *Palæstinaproblemet 1955–1974*. Khöfn 1974.

IV HEIMURINN VIÐ ALDAHVÖRF

IV.1 Kalda stríðinu lýkur. Stiklur úr framvindu heimsmála að því loknu

Athugunarefni í texta

- °1. Glöggvaðu þig á stöðu vígbúnaðar hjá risaveldunum tveimur undir lok kalda stríðsins. – Hverjir voru fyrstu áfangarnir á afvopnunarbrautinni eftir að Reagan og Gorbatsjov náðu samkomulagi um að vinda ofan af vígbúnaðarkapphlaupinu?
- °2. Hvernig var stöðu Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi háttáð undir lok kalda stríðsins (1985–90)? Hvað hafði einkum breyst frá stríðslokum 1945?
- °3. Hvernig var stöðu Sovétríkjanna á alþjóðavettvangi háttáð undir lok kalda stríðsins (1985–90)? Hverjir voru helstu veikleikarnir í stöðu þeirra er hér var komið sögu?
- °4. Glöggvaðu þig á þeirri samkeppni á efnahagssviðinu sem Bandaríkjamenn hafa mátt sæta af hálfu ýmissa bandamanna sinna og hugaðu sérstaklega að stöðu Evrópusambandsins í því viðfangi.
- °5. Á hvaða atriði er lögð áhersla í kennslubókinni til skýringar á efnahagsuppgangi Japana?
- °6. Glöggvaðu þig á falli kommúnistastjórnarinnar í Póllandí og aðdraganda þess.
- °7. Hvernig bar fall kommúnismans að höndum í Rúmeníu?
- °8. Hvernig voru almennar viðtökur við umbótaáformum Gorbatsjovs? Hvaða dæmi um umbætur eru dregin fram í kennslubókinni?
- °9. Glöggvaðu þig á stefnu og stjórnarathöfnum Jeltsíns á fyrra kjörtímabili hans og áhrifum og afleiðingum þeirra.
- °10. Forsetakosningarnar í Rússlandi 1996.
- °11. Glöggvaðu þig á því hvernig það bar að, að Vladimir Pútín varð fyrst forsætisráðherra og síðar forseti Rússlands.
- °12. Glöggvaðu þig á forsetaferli Pútíns og þeim málum sem efst hafa verið á baugi í valdatíð hans.
- °13. Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 1992. Hverjir tókust þar á og hvaða atriði eru dregin fram í kennslubókinni til skýringar á því að úrslitin urðu sem raun ber vitni?
- °14. Átökin í Bosníu-Herzegóvínu og niðurstaða þeirra.

- °15. Taktu saman yfirlit um stöðu Kosovo í gömlu Júgóslavíu og þróun Kosovodeilunnar frá upphafi og til ársloka 2007.
- °16. Hvað segja loftárásir Atlantshafsbandalagsins á Serbíu okkur um breyttu stöðu og hlutverk bandalagsins?
- °17. Glöggvaðu þig á þróun innanlandsmála í Bandaríkjunum í valdatíð Clintons og þeim málum sem þá bar hæst.
- °18. Forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2000 og eftirmál þeirra.
- °19. Hvaða lífsviðhorf og grundvallarsjónarmið aðhyllist George W. Bush?
- °20. Hverjur eru svokallaðir nýihaldsmenn („neocons“) og hvað einkennir viðhorf þeirra?
- °21. Hver hefur staða vígbúnaðarmála í heiminum verið nú hin síðustu ár samanborið við fyrstu árin eftir að kalda stríðinu lauk?

Umræðuefní

- #1. Endalok Sovétríkjanna. – Í kennslubókinni er fitjað upp á ýmsum orsakaskýringum og þær flokkaðar í langtíma- og skammtímaorsakir. – Nemendur skipti sér í hópa og ræði réttmæti og mikilvægi einstakra skýringa sem þar eru fram bornar og dragi fram hugsanlegar viðbótarskýringar.
- #2. Viðbrögð Bandaríkjastjórnar við hryðjuverkaárasunum 11. september 2001. – Nemendur skipti sér í hópa og ræði þetta viðfangsefni. Umræðan miði m.a. að því að leita svara við eftirfarandi spurningum:
 - a) Hefur stefna bandarískra stjórnvalda orðið til þess að draga úr alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi?
 - b) Hvernig samrýmast áherslur Bandaríkjastjórnar í þessum efnum þeirri ímynd sem Bandaríkjamenn hafa löngum reynt að rækta af landi sínu sem málsvara lýðræðis og almennra mannréttinda?
 - c) Hvaða áhrif hefur stríðið gegn hryðjuverkum haft á stöðu og áhrifavalda Bandaríkjanna meðal þjóða heims?

Heimildaverkefni

- *1. Heimsmálin á líðandi stund I. – Hópar nemenda taki að sér að „vakta“ framvindu mála í einstökum átaka- og deilumálum, starfsemi mikilvægra ríkjabandalaga, eða samtaka, eða framvindu mála í einstökum löndum sem mjög eru í fréttum. Hver

hópur komi niðurstöðum sínum á framfæri við samnemendur sína í skólanum með viðeigandi hætti.

*2. Heimsmálin á líðandi stund II. – Hópar nemenda fylgist með kosningum í einstökum ríkjum, undirbúningi þeirra og úrslitum. Hóparnir leggi niðurstöður sínar fram í beknum / námshópnum með þeim hætti að þær geti orðið grundvöllur umræðna um hvort breytinga sé von í viðkomandi löndum eða hvert stefni í málum þeirra.

IV.2 Stórveldi Asíu storma fram

Athugunarefni í texta

- °1. Staða Kína í langtíma sögulegu samhengi.
- °2. Berðu saman byltingu bolsévika í Rússlandi 1917 og kínversku byltinguna – Hvernig voru aðstæður í Kína þegar kommúnistar tóku völdin þar?
- °3. Taktu saman yfirlit yfir helstu áhersluatriði og einkenni á stefnu kínverskra kommúnista fyrstu árin eftir valdatöku þeirra.
- °4. Glöggvaðu þig á þeirri fjölskyldustefnu sem kínversk stjórnvöld hafa fylgt undanfarna áratugi og þeim áhrifum sem hún hefur haft.
- °5. „Stökkið mikla“: Aðdragandi, framkvæmd og afleiðingar.
- °6. Deilur Kínverja og Sovétmanna. Hver urðu áhrif þeirra í Kína og á alþjóðavettvangi?
- °7. Hver urðu áhrif þess að stökkið mikla mistókst á stöðu Maós og stefnuna heima fyrir?
- °8. Hver voru rök Maós fyrir nauðsyn menningarbyltingarinnar?
- °9. Hvernig þróaðist menningarbyltingin og hver urðu lok hennar?
- °10. Hvert var inntak og áherslur þeirrar stefnu sem Deg Hsiaoping hafði forgöngu um eftir að hann varð mestur áhrifamaður í Kína og hvaða árangri skilaði hún?
- °11. Glöggvaðu þig á því sem býr að baki umræðunni um neikvæðar hliðar kínverska efnahagsundursins?
- °12. Sókn Kínverja til aukinna áhrifa á vettvangi heimsmála.
- °13. Glöggvaðu þig á stjórnskipun Indlands og þeim aðstæðum sem ríktu í landinu við sjálfstæðisheimtina.

- °14. Staða þjóðbingsfloksins og Nehrufjölskyldunnar í indverskum stjórnsmálum fyrstu áratugina eftir að Indland fékk sjálfstæði?
- °15. Hvað felst í hugtakinu græna byltingin?
- °16. Glöggvaðu þig á stefnu og stöðu Indverja á alþjóðavettvangi.
- °17. Samskipti nágrannaríkjanna Indlands og Pakistans.
- °18. Hvaða breytingar urðu á efnahagsstefnu Indverja á árunum upp úr 1990?
- °19. Glöggvaðu þig á því hvað átt er við þegar svo er tekið til orða að Indland sé öllum öðrum fremur land hinna miklu andstæðna.
- °20. Hvernig hafa indversk stjórnsmál þróast síðasta áratuginn?
- °21. Staða dalíta (þ.e. stéttleysingja) á Indlandi nú um stundir.

Heimildaverkefni

*1. Hér á eftir fer kafli úr frægri ræðu sem Maó Tsetung hélt á sjöunda þingi Kommúnistafloks Kína hinn 11. júní 1945. – Kynntu þér textann og reyndu í framhaldinu að svara meðfylgjandi spurningum.

„Dæmisaga af gömlum manni sem flutti fjöll“

Flokkþingið okkar hefur verið afar árangursríkt. Sá árangur er þríþættur: Í fyrsta lagi höfum við markað flokknum stefnu. Við ætlum einskis að láta ófreistað til að vekja baráttuvilja fjöldans og hvetja almennning til dáða þannig að þjóðin geti undir forystu flokks okkar unnið sigur á japanska innrásarhernum, frelsað allt land okkar og byggt upp nýtt lýðræði í Kína. Í annan stað höfum við sett flokknum ný lög og í þriðja lagi kosið flokknum miðstjórn til að veita honum forystu. Nú bíður okkar það verkefni að fylkja öllum flokksmönnum til verka við framkvæmd markaðrar stefnu. Flokkþingið markast af samstöðu og sigri. Þingfulltrúar hafa gert afar gagnlegar athugasemdir við þær þrjár skýrslur sem hér voru fluttar. Margir flokksfélagar ástunduðu sjálfsgagnrýni. Flokksþingið hefur verið til fyrirmynnar hvað varðar samstöðu, sjálfsgagnrýni og innanflokkslýðræði.

Að þinginu loknu munu einstakir flokksfélagar taka að nýju til við verkefni sín vítt og breitt um landið og á ýmsum vígstöðvum. Félagar! Hvert sem leið ykkar liggar ber ykkur að fylgja eftir með virkum hætti þeirri stefnu sem flokksþingið markaði og virkja alla flokksfélaga til áróðurs – og upplýsingarstarfsemi meðal almennings.

I kynningunni á málstað okkar og stefnu verðum við að ná því marki að flokkurinn í heild og þjóðin öll sannfærist um að byltingin muni sigra. Forgangsverkefnið hlýtur að vera að blása forystusveitinni svo sterkri pólitískri sannfæringu í brjóst að hún hafi staðfestu til að færa þær fórnir sem nauðsynlegar kunna að verða til að yfirstíga alla erfiðleika á sigurbraut okkar. Það eitt dugar þó ekki til. Við verðum einnig að skerpa stjórnsmálavitund almennings um land allt svo að fólk leggist af fúsum og heilum hug á sveif með okkur í baráttunni fyrir sigri byltingarinnar. Öll alþýða Kína verður að búa yfir þeirri sannfæringu að hennar sé ríkið en ekki afturhaldsaflanna.

Til eru gömul kínversk dæmisaga um „Gamlan, heimskanmann sem flutti fjöll“. Sagan hermir að í fyrnsku hafi gamall maður búið í Norður-Kína og nefndist sá „Gamli, heimski maðurinn á Norðurfjalli“. Tvö stór fjöll, Taihang og Wanguru, tepptu veginn sem lá til suðurs frá bústað hans. Hann kvaddi syni sína til fylgdar með sér og með haka í hendi hófust þeir með miklum krafti handa við að moka fjöllunum

tveimur burt. Annar gráskeggur, sem kallaður var „Gamli vitringurinn“, sá hvað þeir voru að gera og hæddist að þeim. „Þetta er óðs manns æði hjá ykkur“, sagði hann. „Það er ekki vinnandi vegur að þið, svona fáliðaðir, getið fjarlægt svona risastór fjöll.“ Þá svaraði heimski, gamli maðurinn honum með eftirfarandi orðum: „Þegar ég fell frá, munu börn mína lífa mig, og þegar þau deyja, lífa barnabörnini eftir og þau munu eiga börn og barnabörn og þannig koll af kolli. Fjöllin herna eru sannarlega há, en þau munu ekki hækka og hvert hakahögg okkar og skóflustunga lækkar þau. Hvers vegna ætti þá ekki að vera unnt að moka þeim burt?“ Þegar heimski, gamli maðurinn hafði þannig hrakið falsrök gamla vitringsins hófst hann handa að nýju, hjó í fjallið og mokaði dag eftir dag af einbeitri staðfestu. Þetta hrærði hjarta Drottins og hann sendi til jarðar two engla sem báru fjöllin tvö á brott.

Núna hvíla tvö fjöll eins og mara á kínverskri alþýðu. Annað er heimsvaldastefnan, en hitt eru lénskir þjóðfélagshættir. Kommúnistaflokkur Kína hefur fyrir löngu sett sér það mark að fjarlægja þessi fjöll. Við megum einskis láta ófreistað til að ná þessu marki. Við megum aldrei gefast upp – því að þá munum við líka ná því að hræra hjarta Drottins, en okkar drottinn það er kínversk alþýða. Þegar allur almenningur rís upp og reiðir hakann til höggs með okkur, ætli okkur verði þá skotaskuld úr því að fjarlægja fjöllin tvö?

Athugunarefni

1. Hvaða vitnesku um Kommúnistaflokk Kína má lesa út úr þessari ræðu?
2. Hvað má lesa út úr þessari ræðu um pólitískra aðferðafræði og hugsanagang Maó Tsetungs?

*2. Nemendur fari í gegnum þetta skjal, einir sér, í smærri hópum eða þá bekkurinn/námshópurinn í heild ásamt kennara. Markmiðið er að nemendur íhugi efni þess í samhengi við gang og úrslit borgarastyrjaldarinnar í Kína 1945–49.

Hér fer á eftir hluti af álitsgerð til bandarískra utanríkisráðuneytisins, dagssettri 20. júní 1944. Höfundur hennar var John Stewart Service, einn helsti sérfræðingur ráðuneytisins um kínversk málefni. Veruleg spenna var í samskiptum Sjang Kaisheks og stjórnar hans við ráðgjafa sem Bandaríkjastjórn hafði gert út af örkinni þjóðernissinnastjórninni til aðstoðar. Meðfylgjandi álitsgerð er til marks um þá gagnrýnu afstöðu sem margir þessara ráðgjafa höfðu til stjórnar Sjangs og í hárbeitri greiningu sinni felur hún einnig í sér spásögn um niðurstöðu borgarastríðsins 1945–49.

B. *Staða Kuomintangflokkins og marskálksins [Sjang Kaisheks] er nú veikari en hún hefur nokkru sinni verið undangenginn áratug*

Kína er á barmi efnahagshruns. Sú staða ýtir undir upplausn innan hersins og í stjórnkerfinu. Þetta er ein helsta ástæða vaxandi stjórnþálaólgu. Marskálkurinn er að glata stuðningnum frá þeirri kínversku þjóð sem óvænt tvíefldist fyrstu tvö árin sem hún stóð augliti til auglitis við hrottafenginn yfirgang Japana í stríði þjóðanna. Nú gætir vaxandi veikleika inn á við og sundurvirkni í stað sameiningar.

1. Baráttuþrekið er litið og uppgjafartilfinning áberandi. Almennt vonleysi ríkir.
2. Áhrifavalld miðstjórnarinnar fer dvíndandi á þeim svæðum sem fjærst liggja stærri borgum. Ekki er unnt að tryggja framkvæmd á tilskipunum ríkisstjórnarinnar eða öðrum stjórnvaldsákvörðunum og bær eru því dauður bókstafur. Ríkisstjórnin hefur smám saman lent í æ meiri erfiðleikum með að afla matfanga handa risavöxnum her sínum og embættismannabáknii.
3. Engin dæmi eru til í sögunni um jafnumfangsmikla og opinskáa spillingu og viðgengst í her og stjórnkerfi allt frá lægstu undirtyllum til æðstu ráðamanna.

4. Verðbólgan hefur bitnað afar harkalega á menntamönum og almennu launafólk og er beinlínis að riða því að fullu. Það er ekki bara að efnahagsþreingar og vonleysi um framtíðina sé að sliga háskólamenntað fólk, heldur hefur margra ára stjórnmálakúgun og eftirlit stjórnválda bugað andlegan styrk þess og brotið niður það forystuhlutverk sem þessi hópur eitt sinn gegndi.

5. Mótþrói bænda gegn valdníðslu í tengslum við herkvaðningu, skattheimtu og hvers konar heimildalausar álögur aðrar er mikill og fer sífellt harðnandi. Vaxandi hætta er á að hópar stigamanna fari á kreik að fornum hætti, ólga haldi áfram að magnast og hún finni sér pólitískan farveg.

6. Valdsmenn úti í héruðunum snúa bökum saman og styrkja tengslanet sitt við aðra hópa í því skyni að styrkja stöðu sína. Þessir aðilar halda því styrk sínum á sama tíma og miðstjórnarvaldinu hnignar stöðugt og það gerir þeim kleift að ganga enn frekar á lagið gagnvart miðstjórninni.

7. Ólga fer vaxandi í her Kuomintangstjórnarinnar ... Yfirmenn heraflans á einstökum svæðum vinna að því að byggja upp sjálfstæðan valdagrundvöll hver á sínu svæði og þannig eru að verða til nýir „stríðsherrar“.

8. Ekkert bendir til að takast muni að brúa klofninginn milli Kuomintang og kommúnista, heldur verður hann stöðugt djúpstæðari með degi hverjum: Flestir eru samdóma um að borgarastyrjöld sé óumflýjanleg.

9. Kuomintangliðar skara eld að sinni köku og daufheyrist við uppyggilegri gagnrýni. Það veldur því að flokkurinn glatar tiltrú og stuðningi almennings ...

10. Marskálkurinn er fastur í steinrunninni og þróngsýnni íhaldsseimi og er að sama skapi gersneyddur raunsæi og sveigjanleika. Mikilmennskubrjálæði verður æ meir áberandi í fari hans, og það ásamt ólánlegum tilburðum til að íklæðast skikkju vitrings á valdastóli, sbr. til dæmis „China's Destiny“ og bók hans um efnahagsmál, hefur grafið undan álti hans meðal margra menntamanna sem hafa einkar mikil áhrif í Kína. Menn eru farnir að gagnrýna einræðisstjórn hans opinskátt.

Þegar litið er til þeirrar alvarlegu kreppu sem Kuomintangflokkurinn hefur ratað í má ljóst vera að flokkurinn er ekki lengur framsækið sameiningarafl í kínversku samfélagi, en það var einmitt í þeim eftum sem flokkurinn lagði drýgstan skerf til nútímovæðingar í Kína ...

D. *Það er eðli og samsetning Kuomintangfloksins sem hefur beint honum á braut sem virðist liggja í átt til pólitískrar glötunar*

Með hliðsjón af framansögðu hlýtur sú spurning að vakna, *hvers vegna* Kuomintangflokkurinn glataði forystuhæfni sinni, *hvers vegna* flokkurinn vill hvorki sjálfur heyja virka baráttu gegn Japónum né heldur vinna af heilum hug með bandarískra heraflanum í Kína. Og hvers vegna er hann ekki lengur fær um að sameina þjóðina?

Svarsins við öllum þessum spurningum er að finna í núverandi eðli og samsetningu floksins. Ef skilgreina á pólitískt eðli hans á sífellt betur við sígild og erkiamerísk skilgreining: Hér er á ferð samsafn af íhaldsklíkum sem eiga það eitt sameiginlegt að vilja verja eigin valdastöðu fyrir utanaðkomandi aðilum, en berjast á sama tíma innbyrðis um sætin við kjötklaflana. Þjóðfélagslegur grundvöllur Kuomintangfloksins er þróngur: stórjarðeigendur og herforingjar, háembættismenn í stjórnkerfinu og fjármálamenn sem hafa náin tengsl við skriffinna í stjórnkerfinu. Þessi grundvöllur hefur raunar verið að skreppa enn frekar saman í stríðinu. Eitt sinn naut Kuomintang óskoraðs stuðnings kínverskra iðnrekenda. Það er liðin tíð, en staða þessa hóps veiktist, jafnt efnahagslega sem stjórnþálega, þegar Japanar lögðu undir sig strandhérud Kína og borgirnar bar.

Samhengið milli þessarar lýsingar á Kuomintang og spurninganna, sem fram voru bornar í upphafi, er alveg ótvíraett.

Kuomintangflokkurinn hefur glatað forystuhæfni sinni vegna þess að flokkurinn er sambandslaus við þjóðina og hún lítur ekki lengur á hann sem fulltrúa sinn. Reynslan af stríðinu hefur efti stjórnþáavitund almennings og hann er meðvitaðri um sérgæskubresti floksins.

Flokkurinn megnar ekki að standa fyrir árangursríkum stríðsrekstri því að það útheimtir stuðning og atfylgi almennings. Forsenda árangurs í því efni er að mönnum takist að vekja eldmóð þjóðarinnar eins og gerðist á upphafsskeiði stríðsins. Við ríkjandi aðstæður er það því aðeins hugsanlegt að flokkurinn verði endurskipulagður og lýðræði komið á. Hér eru hin lýðræðislegu form ekki aðalatriðið, heldur hitt að menn tileinki sér lýðræðislega afstöðu og hugsunarhátt. Það dugar ekki lengur að vísa til hinnar utanaðkomandi innrásarógnar til að vekja kínversku þjóðina til dáða, umbætur einar megna að hleypa fólkki kappi í kinn að nýju. Aukið lýðræði er alger forsenda öflugri stríðsrekstrar, en slík þróun mundi að dómi núverandi forystu Kuomintang tefla völdum floksins í tvísýnu, því að raunveruleg lýðræðisþróun útheimtir að íhaldsklíkur yrðu að sjá á bak valdastöðu sem þær gæta eins og sjáaldurs auga síns. Fremur en taka slíka áhættu kjósa klíkur þessar að stríðið dankist áfram aðgerða- og átakalítið. Þannig fórna þær þjóðarhagsmunum Kínverja á altari eiginhagsmuna sinna.

Sömu ástæður búa að baki því að Kuomintangflokkurinn hefur verið ófáanlegur til náins samstarfs við bandaríksa herinn í aðgerðum hans í Kína Raunverulegt samstarf fæli óhjákvæmilega í sér hernaðarlegt átak af hálfu Kínverja, en það er Kuomintang um megn að undirbúa og standa fyrir slíku átaki. Þar að auki óttast Kuomintangforystan að stórfelld, almenn og bein þátttaka Bandaríkjamanna í stríðsrekstri Kínverja mundi svipta hulunni af dugleysi hennar. Og síðan er sú hætta einnig fyrir hendi að fordæmi Bandaríkjamanna og persónuleg samskipti gætu orðið hvati á breytingar í lýðraeðisátt.

Heimild: *United States Relations with China with Special reference to the Period 1944–49.*

*3. *Rauða kverið* varð eins konar „biblía“ rauðra varðliða í menningarbyltingunni.

Það var á sínum tíma þýtt á íslensku. Um svipað leyti var líka gefið út í íslenskri þýðingu *Rauða kverið handa skólanemendum*. – Nemendur skoði þessar bækur, kynni sér einstaka efnishætti og ræði eftir því sem tilefni gefst til.

*4. *Hin langa ganga Kínverska alþýðuveldisins til aðildar að Sameinuðu þjóðunum.*

- Hér á eftir fara niðurstöður úr atkvæðagreiðslum á allsherjarþingi SP um það hvort Pekingstjórnin ætti að taka við umboði Kína hjá samtökunum í stað stjórnar þjóðernissinna á Taíwan og þá um leið sæti fastafulltrúa í öryggisráðinu. – Bekkur/námshópur kynni sér þetta yfirlit ásamt kennara sínum.

Ár	Með aðild	Á móti	Sátu hjá
1950	16	33	10
1951	11	37	4
1952	7	42	11
1953	10	44	2
1954	11	43	6
1955	12	42	6
1956	24	47	8
1957	27	47	7
1958	28	44	9
1959	29	44	9
1960	34	42	22

1961	36	48	20
1962	42	56	12
1963	41	57	12
1964 ¹⁾	-	-	-
1965	47	47	20
1966	46	57	17
1967	45	58	17
1968	44	58	23
1969	48	56	21
1970	51	49	25
1971	76	35	17

Heimild: *Voting on Question of Chinese Representation.* UN Informationservice 1971.

Skýringar

- Ekki voru greidd atkvæði um málið á allsherjarþinginu árið 1964.
- Árið 1970 varð í fyrsta sinn meirihluti fyrir því að Pekingstjórnin tæki við sæti Kína hjá samtökunum. Það dugði þó ekki til því að Bandamenn fengu samþykkt á allsherjarþinginu árið 1965 að hér væru um að ræða svokallað „meiri háttar mál“, en samþykktir í slíkum málum útheimtu aukinn meirihluta (2/3) til að öðlast gildi.

*5. Hvernig fjölluðu íslensk dagblöð um Maó Tsetung við fráfall hans. – Hópur nemenda kanni þetta og leggi niðurstöður fram fyrir samnemendur sína í bekknum/námshópnum.

*5. Ljóðskáldið Maó Tsetung. – Auk þess að vera stjórnmálaleiðtogi og stjórnmálahugsuður var Maó formaður einnig nokkuð afkastamikið ljóðskáld. Ljóðasafn hans, *Gangan mikla*, kom út í íslenskri þýðingu árið 1977. – Nemandi eða nemendahópur kynni sér ljóð Maós og velji nokkur þeirra til flutnings í bekknum/námshópnum.

IV.3 Heimur á heljarþrom?

Athugunarefni í texta

- Glöggvaðu þig á mannfjöldaþróun í heiminum og þeim breytingum sem átt hafa sér stað á dreifingu fólksfjöldans á einstaka heimshluta?
- Glöggvaðu þig á þeirri byltingu í búsetu fólks sem átt hefur sér stað í þriðja heiminum á undanförnum áratugum og þeim aðstæðum sem ríkja í mörgum hinna nýju ofurborga þar.
- Þróun matvælaframleiðslu í heiminum á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari og ráðstöfun jarðargróðans.

- °4. Hvernig hafa mál þróast að því er varðar sjávarafla í heiminum?
- °5. Hvernig hafa mál þróast varðandi vatnsbúskap heimsins og hvernig er staðan í þeim efnunum nú?
- °6. Gerðu yfirlit yfir þau dæmi sem tilgreind eru í námsbókinni um vaxandi umhverfisvanda í heiminum á liðnum áratugum.
- °7. Samtök og stjórnmálahreyfingar umhverfisverndarsinna.
- °8. Glöggvaðu þig á því hvernig Sameinuðu þjóðirnar hófu að sinna umhverfismálum með vaxandi þunga.
- °9. Ríóráðstefnan 1992. – Hvaða markmið settu menn sér þar og hvað hefur einkum orðið til að torvelda framgang þeirra?
- °10. Kyotobókunin. – Hvert er inntak hennar og hvaða stöðu hefur hún nú?
- °11. Hverjar voru niðurstöður Sternskýrslunnar frá 2006 og hvaða hugmyndir voru þar settar fram til lausnar á umhverfisvandanum?
- °12. Gerðu yfirlit yfir helstu niðurstöður í skýrslu Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem fram kom á árinu 2007.
- °13. Glöggvaðu þig á þeirri hrikalegu misskiptingu auðs í heiminum sem lesa má út úr skýrslu um eignaskiptingu í heiminum sem Sameinuðu þjóðirnar birtu árið 2006.

Umræðuefni

- #1. Með þessum kafla í námsbókinni fylgja allmög súlu- og kökurit með upplýsingum sem beint og óbeint varða efni kaflans. Nemendur, ýmist bekkur/námshópur í heild eða þá nemendur í smærri hópum, rýni í þessar myndir, lesi úr þeim, túlki þær upplýsingar sem þar er að finna og ræði niðurstöðurnar eftir því sem efni eru til.

Heimildaverkefni

- *1. Hópar nemenda heimsæki fyrirtæki sem standa í stórframkvæmdum, opinberar stofnanir sem sinna umhverfis- og skipulagsmálum og ýmis samtök um náttúruvernd og fræðist af talsmönnum þessara aðila um það sem á döfinni er og gefi síðan skýrslu í beknum/nemendahópnum. Sú skýrslugjöf gæti þá orðið grundvöllur umræðna.
- *2. Sameinuðu þjóðirnar gefa á hverju ári út skýrslu um þróunarmál (*Human Development Report*). – Nemendur freisti þess að nálgast nýjustu skýrslur þessa efnis hverju sinni, eða a.m.k. upplýsingar um einstaka efnisþætti þeirra, og reyni í

framhaldinu að átta sig á þeim breytingum sem helst eru að verða á einstökum sviðum.